

2023 - 2024

Skýrsla kennsluteyma



Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. bekkur	3
2. bekkur	9
3. bekkur	14
4. bekkur	19
5. bekkur	28
6. bekkur	38
7. bekkur	45
8. bekkur	52
9. bekkur	53
10. bekkur	59
Íþróttir og sund	66
List- og verkgreinar	66
Hönnun og smíði	66
Heimilisfræði	66
Myndmennt	66
Textílmennt	66
Dans	66
List- og verkgreinakennsla í 1., 2. og 3. Bekk, heimilisfræðival á unglingastigi, umsjón með ræktunarverkefnum í skólanum.	66
Sérkennsla	71

Inngangur

Í skýrslunni fara teymin í gegnum það sem verið er að gera í hverjum árgangi allt skólaárið. Markmiðasetningu, skipulagi á kennslu og námsmati og framkvæmd á þessum þáttum. Með vinnunni er markvisst tekið saman og ígrundað hvað er gert, hvernig bjargir eru nýttar og hvernig teymin vilja halda áfram. Teymin skoða kennsluáætlanir í öllum fögum, bera saman námsmarkmið í kennsluáætlunum og Mentor og vinna að samræmingu og lagfæringum sem þarf. Einnig ígrunda þau hvernig skráningarkerfi í Mentor er notað og þá möguleika sem þar eru til staðar í formi lotu- og verkefnaskráninga.

1. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar: Gerður í 100% stöðu og Jónasína Lilja í 80% stöðu. Sérkennari var Margrét Ingimundar og Rósa Mjöll kom að nokkrum nemendum yfir veturinn. Nemendur voru 38 í upphafi skólaárs, einn nemandi bættist við í janúar og annar nemandi hætti í mars. Því hélt upphaflegur nemendafjöldi sér við lok skólaársins.

Stuðningsfulltrúar voru: Hólmfríður S. Haraldsdóttir og Sigríður Brynjarsdóttir. Undir lok skólaársins kom Guðrún Leósdóttir einnig að stuðningi við árganginn.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum var skipt í fjóra hópa (gulur, rauður, grænn, blár), tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og hóparnir voru síðan færðir til á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-5 vikna millibili). Í mentor var nemendum skipt á umsjónarkennarana tvo og unnið út frá því að það væru þeir hópar sem mættu í samtöl til við komandi kennara að hausti og í janúar.

Nemendum var síðan skipt í þrjá hópa í sundi (hörpudiskar, ígulker, krossfiskar) og sú skipting var stundum notuð þegar skipta þurfti árganginum í þrjá hópa í verkefnavinnu.

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði með lituðu teipi og undir hvorum námsvegg var borð með tilheyrandi hjálpargögnum fyrir viðkomandi námsgrein.

Uppröðun borða var að mestu leiti með þeim hætti að borðum var raðað í U eða nemendum skipt á hópaborð og starfsfólk átti þá auðvelt með að fara á milli á kollum á hjólum en húsgögn í 1. bekk eru mjög lág. Nemendur voru síðan færðir til í sætum eftir þörfum, bæði þegar hópaskipti voru milli stofa sem og þegar sambýlið var ekki að ganga upp af einhverjum ástæðum.

Tveir nemendur í árganginum unnu í skólastofum umsjónarkennara fram að áramótum en þá var myndað kennsluteymi sem kenndi þeim í Áttavita það sem eftir lifði vetrar.

Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli og Áttavita. Nemendur fengu bæði einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsveri. Unnið var eftir námskrá bekkjarins og aðaláhersla lögð á að nemendur lærðu stafina og hljóð þeirra. Einnig var unnið með félagsfærni og samskipti. Sérkennari fór einnig inn í bekkinn þegar það átti við. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Umsagnir sérkennara eru vistaðar á Mentor, undir Námsmöppu nemenda.

Sjónarhóll – Margrét Ingimundard.

Alls var gert ráð fyrir 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Einn hópur úr 1. bekk kom í Sjónarhóll í vetur þ.e. 5 - 6 nemendur í hópi. Einnig fer sérkennari inn í bekk þegar það á við. Hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá Lesskimun í okt. og lesfímiprófum. Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins. Lögð var áhersla á að nemendur

lærðu stafina og hljóð þeirra. Eins var unnið með hljóðgreiningu, hljóðtengingu, orðaforða og hugtakaskilning. Allir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Íslenska:

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Einnig var unnið með bækurnar Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, stafainnlögn ásamt allri vinnu sem henni viðkom og hljóðkerfisvitund. Við reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, textíl og samfélagsfræði. Lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við leir, lpad, svampstafi og ritun í myndum og orðum. Samstarf við sérkennara var afar gott og við skipulögðum allar kennslustundir í samráði við þá með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimispróf, lesskimun og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Góðar og markvissar vetraráætlanir í byrjendalæsi hjálpa mikið til að létta skipulagið þar sem við gátum haft fyrri áætlanir til hliðsjónar og nýtt það sem hentaði fyrir okkar kennslu. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna. Við settum upp námsvegg fyrir íslensku í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni.

Námsmat var unnið jafnt og þétt yfir veturinn, fyrst og fremst með því að fylgjast með nemendum í kennslustundum en einnig út frá niðurstöðum lesfimi, orðakannana og með því að fara yfir verkefni nemenda bæði jafn óðum og í lok skólaárs.

Stærðfræði

Við unnum með grunnþætti stærðfræðinnar. Viðfangsefnin voru tölurnar 1-20, samlagning, frádráttur, flokkun, mælingar, form og mynstur. Notaðar voru Sprotabækurnar 1a og 1b, bæði nemendabækur og æfingahefti. Einnig æfðum við sömu þætti í Stærðfræðispæjara 1. Nemendur voru líka með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Í tengslum við stærðfræðileiðtogann glímdu nemendur við opin dæmi og þrautir voru lagðar fyrir nemendahópinn. Sú vinna var unnin í hópavinnu og áhersla lögð á að nemendur æfðu sig í að tala saman um stærðfræðina, finna lausn í sameiningu og æfðu sig í að útskýra fyrir öðrum hvernig lausnin var fundin. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í lpad, bæði í hringekju og sem aukaefni.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hverrar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna: sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, spyrja sessunaut og svo biðja kennara um aðstoð. Við lögðum líka áherslu á það að nemendur hjálpuðu hverjum öðrum á réttan hátt, það er með því að útskýra aðferðina eða leiðina að svarinu en ekki segja þeim svarið.

Til að æfa einingar og tugi töldum við skóladagana frá upphafi vetrarins með því að telja rör. Hvert rör táknaði þá eina einingu og síðan voru sett saman 10 rör í búnt til að tákna tug. Þegar fyrsti bekkur hafði lokið 100 dögum í skólanum héldum við hundrað daga hátíð þar sem nemendur meðal annars töldu 10 x 10 stykki af góðgæti í poka sem þau máttu gæða sér á yfir mynd (101 dalmatiuhundur). Fjölbreytt verkefni í tengslum við hátíðina voru unnin og hengd upp á vegg bæði í skólastofunni og á ganginum.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér. Nemendur tóku eitt próf um vorið til að hægt væri að meta kunnáttu hvers og eins án þátttöku annarra varðandi nokkur atriði í námsmatinu. Við settum upp námsvegg fyrir stærðfræði í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni.

Samfélagsfræðigreinar

Í samfélagsfræði voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni, til dæmis lærðum við um íslensku húsdýrin í tengslum við bókina Íslensku húsdýrin og Tröllli. Meðal þess sem við gerðum var að skoða vef mms þar sem fjallað er um íslensku húsdýrin í máli og myndum og síðan gerðu nemendur bók um húsdýrin.

Við tókum fyrir fræðslu um fyrstu landnámsmenn í Eyjafirði þar sem nemendur fengu fræðslu um Helga magra og hans fylgdarlið og um ferðir víkinga fyrr á öldum. Nemendur lærðu um árstíðirnar og hvað einkennir hverja þeirra, umferðarreglur og umferðarmerki, hollustu og endurvinnslu og rýndum aðeins í kort af Íslandi. Einnig ræddum við þjóðsönginn okkar, þjóðhátíðardaginn, íslenska fánann og forsetann. Við ræddum einnig mikilvægi fjölskyldu og vina og ýmsar fjölskyldugerðir.

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 1. bekk sem og annarri vinnu sem tengdist byrjendalæsi þar sem við nýttum tækifærið til að fræðast meira um leið og við unnum með markmið byrjendalæsis.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

Enska

Á yngsta stigi hafði verið ákveðið fyrir þetta skólaár að leggja minni áherslu á enskukennslu og að sleppa námsmati í faginu. Leggja frekar meiri áherslu á grunnfögin á yngsta stigi til að byggja upp betri grunn. Kennarar kynntu þó tölurnar frá 1-20 á ensku fyrir nemendum og notuðu þær þá gjarnan í gegnum leik.

Verk- og listgreinar

Markmið í textílmennt í 1. bekk, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor, voru að nemendur gætu haldið rétt á skærum og beitt skærum á pappír, gætu þrætt spor í stífan pappa, gætu þæft einfaldan hlut og gætu þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Verkefnin sem nemendur unnu voru ýmist tengd byrjendalæsisverkefnum eða árstíðabundnum verkefnum s.s. jólum eða páskum. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjágreinar og fleira.

Verkefni vetrarins voru: saumuð mynd í pappa, ofin fígúra, þæfður túlípani, saumaður páskaungi með þræðispori og klippiverkefni.

Það gekk vel að vinna verkefnin og voru nemendur glaðir að fást við verklega vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau, nemendum leiðbeint eftir þörfum og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

Fjölbreytt myndlistarverkefni voru unnin. Við æfðum okkur að vinna með vatnsliti, þekjumálningu sem

og tré-, túss- og vaxliti sem gjarnan prýddu 1. bekkjar ganginn. Nemendur unnu talsvert með pappír þar sem reyndi á hæfni þeirra í finhreyfingum. Þar skal helst nefna ýmis verkefni þar bókstafir sem unnið var með hverju sinni voru föndraðir og unnið með mósaík myndir og klippimyndir t.d. út frá þeim formum sem nemendur voru að læra um.

Upplýsingatækni

Við unnum með ipada í stöðvavinnu. Markmið upplýsingatækni í 1. bekk snúa aðallega að því að þau kunni að kveikja á tækjunum og slökkva, að þau getið opnað öpp og lokað en einnig var farið vel yfir þær reglur sem gilda um notkun tækjanna í skólanum. Þessi vinna gekk vel og voru nemendur áhugasamir.

Uppbygging sjálfsaga / Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með Y-kort á vegg (heyri, sé og finn), bekkjarsáttmála, hlutverkin, gildin og litahegðun. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við kynntum þarfirnar fyrir nemendum og þeir mátuðu sig við lýsingarnar á hverri fyrir sig. Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í byrjendalæsi. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í vinnu með Hugarfar vaxtar. Notuðum Class Dojo myndböndin sem grunn og síðan tókum við umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (GÆS, mistök og fl.).

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Við unnum með hugarfrelsi reglulega yfir veturinn. Nemendur komu sér fyrir, ýmist á gólfi eða í sæti og hlustuðu á sögu á meðan þau einbeittu sér að öndun og slökun.

Heilahvöld var einnig reglulega á dagskrá. Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, höfuð herðar hné og tær, teygjur og þrekæfingar og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Á útivistardegi í september fórum við í gönguferð í Lystigarðinn þar sem við lékum okkur um stund og borðuðum nesti. Síðan héldum við gönguferðinni áfram á leikvöllinn í Suðurbyggð og lékum okkur þar í dagóða stund áður en gengið var aftur í skólann. Fínur dagur og skemmtileg ferð.

Á árshátíðinni í nóvember söng 1. bekkur þrjú lög: Kisutangó, Dýralagið og Við erum vinir, auk þess sem þau fóru með þulu. Atriðið tókst vel og nemendur stóðu sig með prýði.

Þann 10. apríl hitti 1. bekkur vinabekkinn sinn í 6. bekkjar stofunum þar sem bekkirnir spiluðu saman á spil. Vel tókst til og nemendum í 1. bekk fannst mjög spennandi að fá að fara í heimsókn á miðstigið.

Í jólaþemavinnu 13. desember vann 1.-3. bekkur á 6 stöðvum hver hópur fór á 2 stöðvar annars vegar voru piparkökur málaðar og pokar skreyttir fyrir þær og hins vegar föndrað jólasbraut. Þeir sem kláruðu fengu síðan jólamyndir eða jólamandölu til að lita.

Samkvæmt venju hélt 1. bekkur upp á daginn þegar þau höfðu verið 100 skóladaga í grunnskóla en þann dag bar upp á 1. febrúar þetta árið. Við föndruðum kórónu fyrir daginn og æfðum 100 daga hátíðarlagið. Á deginum fórum við síðan í skrúðgöngu um skólann og sungum fyrir alla. Nemendur

fengu að velja sér góðgæti í poka (10x10 – sjá stærðfræði) og í lok dags gæddu þau sér á því yfir myndinni 101 dalmatíuhundur.

Í maí voru tveir þemadagar þar sem áherslan var á kvikmyndir. Þar var unnið að ýmsum verkefnum þar sem nemendur í 1. – 6. bekk unnu saman í hópum og fóru á milli stöðva. Þessi vinna gekk vel og var mjög skemmtileg.

Vorhátíðin fór fram þann 3. júní. Fyrsti bekkur fór í tveim hópum á milli stöðva, annar með Sigrúnu og hinn með Inu Lilju. Krakkarnir fóru á nokkrar leikjastöðvar á skólalóðinni, 9 mínútur á hverri stöð.

Skólaslitin fóru fram þriðjudaginn 4. júní. Við hittumst inni í stofu, ræddum saman um skólalokin. Nemendur fengu möppurnar sínar afhentar með ýmis konar myndmennta- og föndur verkefnum og fengu síðan að dunda við að lita og teikna þar til kominn var tími til að syngja. Við sungum inni vegna veðurs með 2. og 3. bekk. Hjörtur tónmenntakennari spilaði undir á gítar. Við sungum lögin Myndin hennar Lísu, Vorvindar glaðir, Draumar geta ræst og Enga fordóma. Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Í lok dags komu foreldrar og skoðuðu ferilmöppur barna sinna áður en við kvöddumst og nemendur fóru í sumarfrí.

Vettvangsferðir / Grenndarkennsla

Við byrjuðum skólaárið á því að kynnast nærumhverfinu og strax í fyrstu kennsluviku í ágúst fórum við öll saman út til að fara yfir mörk skólalóðar og skoða það sem skólalóðin hefur upp á að bjóða.

Nemendur 1. bekkjar fengu að heimsækja skautahöllina í janúar. Við tókum strætó í skautahöllina og til baka í skólann. Þessi ferð vakti ánægju meðal nemenda og kveikti áhuga margra á skautaiþróttinni.

Á vordögum fórum við með nestið okkar í Lystigarðinn, nutum þess að borða úti og skoða garðinn. Að því loknu var gengið til baka í skólann og fræðsla um það sem fyrir augu bar svo sem stytur og listaverk.

Þessar útvistar- og samverustundir eru skemmtilegar, þroskandi og krefjandi í senn. Nemendur læra að vera í röð og passa upp á félagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft eitthvað í hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af og sumt sem þarf að vinna með í framhaldinu.

Samvinna nemenda

Nemendur æfðu sig í samvinnu með fjölbreyttum verkefnum í ýmsum námsgreinum. Við unnum með hópaverkefni í stærðfræði og byrjendalæsi. Nemendur unnu ýmist í pörum eða í smærri og stærri hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfa samvinnu. Nemendur fengu þjálfun í að vinna saman og hjálpast að. Í stærðfræðileiðtogaverkefnum æfðu nemendur sig í að skipta með sér verkum í kynningum. Samvinna verður síðan æfð meira í næstu bekkjum.

Samvinna við aðra

Við hittum vinabekkinn okkar einu sinni og sú vinna gekk mjög vel og nemendur 1. bekkjar eru mjög spenntir fyrir frekari samstarfi við þau.

Við kynntumst bókasafninu strax í upphafi skólaárs í lok ágúst. Nemendur fengu stutta kynningu á safninu og fengu að skoða bækur og velja svo í lesbókakassana okkar í kennslustofunum. Við fórum tvisvar aftur í slíkar heimsóknir til að skipta út bókum en ætlunin er að gera það oftár á næsta ári með þeim hætti. Einnig hefðum við mátt taka part úr kennslustund nokkrum sinnum yfir veturinn til að

heimsækja bókasafnið og eiga þar stund.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu sem meðal annars kemur fram í því að við erum í sama takti með vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því þó nokkuð þar. Einnig vinnum við saman með blöndun á bekkjunum meðal annars í jólaþema. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Traustið á milli þessara teyma er líka gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda.

Við höfum verið í góðum samskiptum við bókasafnið, meðal annars vegna vinnunnar í byrjendalæsi þar sem við þurfum 2-3 eintök af hverri bók í þeirri vinnu. Í vetur var ekki farið í sérstök lestrarátök í samvinnu við bókasafnið þar sem nemendur voru flestir mjög stutt komnir í lestri fyrir jól þegar jólalestrarátak fór í gang. Við þekkjum samt þá vinnu vel af fyrri reynslu og samskiptum við safnið og munum nýta okkur það fyrir hópinn í næstu bekkjum.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs komu foreldrar með börnum sínum í samtöl til umsjónarkennara. Í þessum samtölum skráðu foreldrar sig á lista fyrir foreldrasamstarf til að hittast þrisvar yfir skólaárið utan skólans, foreldrar og börn. Við sátum fundi með foreldrahópnum og stjórnendum í foreldrasamstarfinu 1-3-5-8 í september og var vel mætt á þessa fundi. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra auk félagsfærnisögu þegar uppbrot voru framundan.

Um mánaðarmót nóvember/desember tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum viðtalsblöðin heim. Foreldrar fengu útskýringar í tölvupósti, lásu yfir viðtalsblöðin með sínu barni heima og ræddu við þau um það sem þar kom fram, kvittuðu síðan fyrir að hafa lesið upplýsingarnar og sendu svo aftur í skólann. Foreldrar gátu þá haft samband við okkur ef eitthvað var óljóst eða ef eitthvað kom upp í samtali þeirra við barnið heima fyrir sem við þurftum að vita.

Í lok janúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl en í þetta skiptið voru þau nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með nemendum og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsögðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins.

Yfir veturinn voru kennarar í reglulegum samskiptum við foreldra nokkurra barna sem þurftu meira aðhald hvað varðaði hegðun og var því ákveðið að heimili og skóli yrðu í reglulegu sambandi til að stilla saman strengi með viðbrögð á báðum stöðum.

Í heildina var samstarf við foreldra gott.

2. bekkur

Umsjónarkennarar: Ólöf María og Anton Björn bæði í 100% stöðu. Sérkennari var Margrét I. og Rósa Mjöll kom að nokkrum nemendum yfir veturinn. Nemendur voru 30 í upphafi skólaárs, einn nemandi bættist við í desember og voru því 31 nemendur í 2. bekk í lok skólaárs.

Stuðningsfulltrúar voru: Ísfold Marý Sigtryggsdóttir og Ágústa Lóa Downs.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum var skipt í fjóra hópa (hjarta, spaði, tígull, lauf), tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og hóparnir voru síðan færðir til á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-5 vikna millibili). Í mentor var nemendum skipt á umsjónarkennarana tvo og unnið út frá því að það væru þeir hópar sem mættu í samtöl til viðkomandi kennara að hausti og í janúar.

Nemendum var síðan skipt í þrjá hópa í sundi (sæhestar, selir og höfrungar) og sú skipting var einnig notuð í hringekju á miðvikudögum þar sem skiptust á fönður og ýmis verkefni í kennslustofum eða úti á skólalóð þegar veður leyfði.

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði með lituðu teipi og undir hvorum námsvegg var borð með tilheyrandi hjálpargögn fyrir viðkomandi námsgrein.

Uppröðun borða var þannig að borðum var ýmist raðað tveim eða þrem saman og unnið var út frá stefnu leiðsagnarnáms þar sem börnin æfðu sig í að vera námsfélagar. Nemendur voru síðan færðir til í sætum eftir þörfum, bæði þegar hópaskipti voru milli stofa sem og þegar sambýlið var ekki að ganga upp af einhverjum ástæðum.

Einn nemandi var með einstaklingsnámskrá en aðrir nemendur unnu eftir hæfniviðmiðum árgangsins.

Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 3 - 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli. Fyrir áramót vann sérkennari með lítinn hóp í námsefninu Samræðufélagar (Talking partners) þar sem lögð var áhersla á samræður, tjáningu og orðaforða. Eftir áramót komu litlir hópar í námsverið til að vinna í námsefni bekkjarins í stærðfræði eða íslensku. Hóparnir voru litlir og breytilegir eftir þörfum hverju sinni og hægt að mæta nemendum einstaklingslega. Tímarnir nýttust líka til að vinna með hlutbundið efni, upprifjun, námstækni og virkni í tímum.

Sjónarhóll – Margrét Ingim:

Alls var gert ráð fyrir 5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 2. bekk komu í námsverið Sjónarhóll í vetur. Einnig fer sérkennari inn í bekk þegar það á við. Kennnt var í námskeiðum og hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá, stafabekkingu að hausti, lesfimiþrófum og Aston Index stafsetningarhluta. Í Sjónarhólli hefur verið lögð áhersla á að nemendur nái tókum á lestrinum, auki leshraða, eflist í réttitun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Allir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með Y-kort á flettistöflu (heyri, sé og finn), bekkjarsáttmála, hlutverk kennara og nemenda, gildin og litahegðun. Við fórum yfir eineltishringinn, *Krakkarnir í hverfinu* komu í heimsókn með smá leiksýningu, bekkjarfundir voru haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við kynntum þarfirnar fyrir nemendum og þeir mátuðu sig við lýsingarnar á hverri fyrir sig. Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í byrjendalæsi. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna. Við notuðumst líka við vináttubangsann Blæ á bekkjarfundum og í kennslustundum þegar við átti. Við tengdum vinnuna með Blæ bangsa inn í uppbyggingu og lífsleikni. Þar unnum við mest með vináttu og jákvæð samskipti. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í vinnu með Hugarfar vaxtar. Notuðum Class Dojo myndböndin sem grunn og síðan tókum við umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (pytturinn, GÆS, mistök og fl.).

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, málfræðilegar reglur íslenskunnar (s.s. sérnöfn/samnöfn, eintala/fleirtala, -ng- og -nk- reglan, ýmis samhljóðasambönd, hlustunaræfingar o.fl.). Við reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, textíl, stærðfræði og samfélagsfræði. Lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við Ipad og ritun í myndum og orðum. Samstarf við sérkennara var afar gott og við skipulögðum allar kennslustundir í samráði við þá með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimispróf, lesmál og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Góðar og markvissar vetraráætlanir í byrjendalæsi hjálpa mikið til að létta skipulagið þar sem við gátum haft fyrri áætlanir til hliðsjónar og nýtt það sem hentaði fyrir okkar kennslu. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna þar sem við meðal annars héldum áfram að vinna með sjálfsmat nemenda eftir vinnu við mörg verkefni. Við settum upp námsvegg fyrir íslensku í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum.

Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn, fyrst og fremst með því að fylgjast með nemendum í kennslustundum en einnig út frá niðurstöðum lesfimi, orðakannana og með því að fara yfir verkefni nemenda bæði jafn óðum og í lok skólaárs.

Stærðfræði

Við héldum áfram í Sprota-bókunum (2A og 2B), bæði nemendabækur og æfingahefti. Viðfangsefni voru tölur upp í 100, samlagning og frádráttur, samhverfa, rúmfræðiform (þrívídd og tvívídd), flatarmál, tugir og einingar, tölfræði og mælingar. Einnig æfðum við sömu þætti í Stærðfræðispæjara 1 og 2 og sömuleiðis í Undirdjúpunum. Nokkrir nemendur voru einnig með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Í tengslum við stærðfræðileiðtöggann glímdu nemendur við opin dæmi og þrautir voru lagðar

fyrir nemendahópinn. Sú vinna var unnin í hópavinnu og áhersla lögð á að nemendur æfðu sig í að tala saman um stærðfræðina, finna lausn í sameiningu og æfðu sig í að útskýra fyrir öðrum hvernig lausnin var fundin. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í Ipad, bæði í hringekju og sem aukafni. Einnig fengu nemendur að glíma við að leysa ýmis verkefni á göngum skólans sem og úti.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hverrar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna: sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, spyrja sessunaut og svo biðja kennara um aðstoð. Við lögðum líka áherslu á það að nemendur hjálpuðu hverjum öðrum á réttan hátt, það er með því að útskýra aðferðina eða leiðina að svarinu en ekki segja þeim svarið.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér. Nemendur tóku tvö próf um vorið til að hægt væri að meta kunnáttu hvers og eins án þátttöku annarra varðandi nokkur atriði í námsmatinu. Við settum upp námsvegg fyrir stærðfræði í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum.

Samfélags- og náttúrugreinar

Í samfélagsfræði voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni, sem og Halló Heim 1 og 2 og Könnum Kortin 1. Við notuðum einnig bækurnar *Komdu og skoðaðu: Land og þjóð* og *Komdu og skoðaðu: Landnámið*. Í vetur fræddumst við m.a. um íslenska fánann og landvættina, alþingi, landnámsmennina og aðstæðurnar sem biðu þeirra við landnám, lærðum um skilningarvitin og tókum smá tilraun sem tengdist einu þeirra (snertingu), lærðum að lesa úr tölulegum upplýsingum, fræddumst um vatn og nýtingu, spillingu og hringrás þess, sjálfstraust okkar og hvernig við byggjum það upp, líkama og sál (heilbrigði, andlegt og líkamlegt) og sjúkdóma og starfsemi sjúkrahúsa.

Við tókum fyrir fræðslu um fyrstu landnámsmenn á Íslandi og tengdum þá vinnu við vettvangsferð í gegnum miðbæinn þar sem við skoðuðum gamlar byggingar og ræddum um þær. Við ræddum einnig um ýmis örnefni í okkar nánasta umhverfi. Við lærðum meira um árstíðirnar og hvað einkennir hverja þeirra, umferðarreglur og umferðarmerki, hollustu og endurvinnslu og rýndum aðeins í kort af Íslandi þar sem krakkarnir æfðu sig í að leita að ýmsum staðarheitum í iPad og merktu inn á kort. Við ræddum einnig mikilvægi fjölskyldu og vina og fræddumst um ýmsar fjölskyldugerðir.

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 2. bekk sem og annarri vinnu eins og ísbjarnavinnan í tengslum við byrjendalæsi þar sem við nýttum tækifærið til að fræðast meira um ísbirni og heimkynni þeirra um leið og við unnum með markmið byrjendalæsis.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

List- og verkgreinar

Ég kom inn í 2. bekk á miðvikudögum í tvær og hálfu kennslustund og var með árganginum í stöðvavinnu. Nemendahópnum var yfirleitt skipt í þrjá hópa og tók ég að mér að kenna textílmennt í stöðvavinnunni.

Markmiðin í textílmennnt, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor, voru að nemendur gætu klippt pappír eftir línun og eftir grófum formum, gætu saumað þræðispor í efni, saumað hálfkrosssaumsspor og gengið frá endum í útsaum. Jafnframt að nemendur gætu þæft einfaldan hlut og þrjónað puttaprjón.

Verkefnin sem nemendur unnu í textílmennnt voru: útsaumað bókamerki þar sem útsaumssporin voru krosssaumur og þræðispor, þæfður páskaungi, þrjónaðar puttaprjónslengjur þar sem gerð voru armbönd eða hálsfestar og verkefni í pappír þar sem unnið var með grunnliti og grunnform.

Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Textílmennntaverkefnin gengu vel og voru nemendur yfirleitt glaðir í þessari vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau og nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar við vinnuna eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

Sigrún Héðinsdóttir

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Við unnum með hugarfrelsi af og til í vetur og mættum gera það oftari í þriðja bekk. Nemendur komu sér fyrir, ýmist á gólfi eða í sæti og hlustuðu á sögu á meðan þau einbeittu sér að öndun og slökun.

Heilahlé var nær daglega á dagskrá. Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, höfuð herðar hné og tær, teygjur og þrekæfingar og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Á útivistardegi í september fórum við í gönguferð í Naustaborgir þar sem við týndum blóm í tengslum við vinnu í byrjendalæsi með bókina *Ada og afmælisgjöfin*. Við lékum okkur um stund og borðuðum nesti. Fínn dagur og skemmtileg ferð og veðrið var með besta móti.

Á árshátíðinni í nóvember söng 2. bekkur fjögur lög: Harka Parka, Söng dverganna, skilaboðadvergurinn stutfætti og vögguvísa Möddumömmu og stóðu nemendur sig stórvel.

Í jólaþemavinnu 13. desember vann 1.-3. bekkur á 6 stöðvum en allir með sama verkefni sem tengdist byrjendalæsisbókinni *Jólagestir hjá Pétri*. Nemendur skreyttu piparkökur, fengu jólamyndir eða jólamandölu til að lita, bjuggu til skraut á gamaldags jólatré og gerðu jólalegar fígúrir úr tunguspaða (snjófall, jólasvein eða hreindýr).

Í maí voru þemadagar þar sem unnið var með kvikmyndirnar *Hvernig skal temja drekann sinn* og fyrstu *Harry Potter* myndina. 1.- 6. bekkur voru saman, u.þ.b. tveir til þrír á hverjum árgangi og fóru krakkarnir m.a. í slökun og hreyfingu, gerðu bíóhús frá grunni, settu stjörnur á ganga skólans (walk of fame), gerðu myndasögur og útbjuggu plaköt um myndirnar og sumir gerðu dreka úr pappír. Þessi vinna gekk vel og var mjög skemmtileg.

Vorgrillið fór fram í ömurlegu veðri þann 3. júní þannig að ákveðið var að borða pylsurnar innandyrá. Annar bekkur fór í tveim hópum á milli stöðva, annar með Ólöfu og hinn með Antoni. Samtals fóru krakkarnir á 8 stöðvar, 9 mínútur á hverri stöð og gekk það vel.

Skólaslitin fóru fram þriðjudaginn 4. júní. Við hittumst inni í stofu, ræddum saman um skólalokin,

nemendur fengu sumarbingó og fengu síðan að dunda við að lita og teikna þar til kominn var tími til að fara fram að syngja. Við sungum inni á stigaganginum með 1. og 3. bekk. Hjörtur tónmenntakennari spilaði undir á gítar. Við sungum lögin Enga fordóma, Vorvindar glaðir, Draumar geta ræst og Myndin hennar Lísu. Við fengum fínasta inniveður þó það heyrðist vel í vindhviðunum fyrir utan. Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Við spiluðum töframmanninn vinsæla (Akinator) öll saman og höfðu krakkarnir mjög gaman af.

Vettvangsferðir

Við byrjuðum skólaárið á því að skoða það sem skólalóðin hefur upp á að bjóða og fórum sömuleiðis á Hamarkotstún og leikvöllinn í Helgamagrastræti.

Við kíktum í heimsókn á Hlíð þar sem krakkarnir kynntust leikföngum í gamla daga. Nemendur 2. bekkjar fengu að heimsækja skautahöllina tvisvar sinnum í vetur. Í fyrra skiptið þann 1. desember og í seinna skiptið þann 26. janúar. Við tókum strætó í skautahöllina í bæði skiptin og sömuleiðis aftur í skólann. Þessar ferðir voru mjög vinsælar og skemmtilegar.

Við tókum fyrir fræðslu um fyrstu landnámsmenn á Íslandi og tengdum þá vinnu við vettvangsferð í gegnum miðbæinn þar sem við skoðuðum gamlar byggingar og ræddum um þær. Við ræddum einnig um ýmis örnefni í okkar nánasta umhverfi.

Þessar útvistar- og samverustundir eru skemmtilegar og þroskandi í senn. Nemendur læra að vera í röð og passa upp á félagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft eitthvað í hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af og sumt sem þarf að vinna með í framhaldinu.

Samvinna við aðra

Við unnum með fyrsta og þriðja bekk í m.a. jólaþemavinnu, sem og 1.- 6. bekk í kvikmyndarþemavinnunni. Við endurnýjuðum kynnin við bókasafnið strax í upphafi skólaárs í lok ágúst. Nemendur völdu sér svo bækur í lesbókakassana okkar í kennslustofunum. Við fórum þrisvar aftur í slíkar heimsóknir til að skipta út bókum en ætlunin er að gera það oftár á næsta ári með þeim hætti. Einnig hefðum við mátt taka part úr kennslustund nokkrum sinnum yfir veturinn til að heimsækja bókasafnið og eiga þar stund.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu sem meðal annars kemur fram í því að við erum í sama takti með vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því þó nokkuð þar. Einnig vinnum við saman með blöndun á bekkjunum meðal annars í jólaþema. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Traustið á stiginu er líka gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda.

Við höfum verið í góðum samskiptum við bókasafnið, meðal annars vegna vinnunnar í byrjendalæsi þar sem við þurfum 2-3 eintök af hverri bók í þeirri vinnu. Í vetur var farið í sérstök lestrarátök í samvinnu við bókasafnið, bæði í jólalestri í desember og ævintýralestri á vorönn.

Samvinna nemenda

Nemendur æfðu sig í samvinnu með fjölbreyttum verkefnum í ýmsum námsgreinum. Við æfðum okkur í að vera góðir námsfélagar og unnum auk þess í hópum í ýmsum stærðfræði- og/eða

byrjendalæsisverkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfra samvinnu. Nemendur fengu þjálfun í að vinna saman og hjálpast að. Í stærðfræðileiðtogaverkefnum æfðu nemendur sig í að skipta með sér verkum í kynningum. Samvinna verður síðan æfð meira í næstu bekkjum.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs komu foreldrar með börnum sínum í samtöl til umsjónarkennara. Í þessum samtölum skráðu foreldrar sig á lista fyrir foreldrasamstarf til að hittast þrisvar yfir skólaárið utan skólans, foreldrar og börn. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra auk félagsfærnisögu þegar uppbrot voru framundan.

Um mánaðarmót nóvember/desember tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum viðtalsblöðin heim. Foreldrar fengu útskýringar í tölvupósti, lásu yfir viðtalsblöðin með sínu barni heima og ræddu við þau um það sem þar kom fram, kvittuðu síðan fyrir að hafa lesið upplýsingarnar og sendu svo aftur í skólann. Foreldrar gátu þá haft samband við okkur ef eitthvað var óljóst eða ef eitthvað kom upp í samtali þeirra við barnið heima fyrir sem við þurftum að vita.

Í lok janúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl en í þetta skiptið voru þau nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með hverjum nemanda og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsögðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins.

Yfir veturinn var unnið með samskiptabækur fyrir þrjá nemendur og í þær skrifað nær daglega af bæði foreldrum og umsjónarkennurum. Í sumum tilfellum var þetta framhald frá fyrra ári en í öðrum hófum við þessa vinnu yfir veturinn í samráði við heimilin. Tilgangurinn var að miðla upplýsingum um líðan og atvik til að hægt væri að stilla saman strengi með viðbrögð á báðum stöðum. Þessi vinna hafði mikið að segja í öllum tilfellum. Við gerum ráð fyrir að halda þessum samskiptamáta áfram næsta vetur.

Í heildina var samstarf við foreldra gott.

3. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Að hópnum komu tveir umsjónarkennarar í 100 % starfi, tveir sérkennarar og einn stuðningsfulltrúi fylgdi nemendum í allar kennslustundir.

Námsumhverfi og skipulag:

Unnið var með árganginn sem eina heild. Hópnum var skipt í fjóra grunnhópa sem voru tveir og tveir saman í sitthvorri skólastofunni og skipt var um hópa reglulega. Þannig var blöndun hópa fjölbreytt. Í sundi og í list- og verkgreinum var skipt í þrjá hópa. Lögð var áhersla á að hafa skólastofurnar hlýlegar og snyrtilegar. Gott og skýrt skipulag. Uppröðun borða var breytileg. Sjónræn stundatafla var sett á töflu fyrir hvern dag og á borð hjá einstaka nemendum. Tímavaki var notaður fyrir allan hópinn. Lestrarbækur, kennslugögn og hjálpargögn voru sýnileg og aðgengileg nemendum. Félagfærnisögur voru notaðar fyrir allan hópinn og voru einnig sendar heim til foreldra.

Sérkennsla

Námsver: Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í Hlíðarfjalli. Nemendur komu í litlum hópi í námsverið. Í Hlíðarfjalli var unnið með þætti í íslensku og stærðfræði. Í íslensku var lögð áhersla á að kunna alla bókstafina og hljóðin þeirra, efla lestarfærni og unnið með þætti hljóðkerfisvitundar og að skrifa stutt orð. Í stærðfræði unnu nemendur einstaklingslega þar sem þeir voru staddir í stærðfræði. Þar sem hópurinn var lítill gafst gott næði til að sinna vel hverjum og einum og aðstoða með hjálpargögn. Einnig var reglulega farið í upprifjun í stærðfræði eða lögð áhersla á ákveðna þætti til að efla skilning á tölum og hugtökum. Umsagnir sérkennara eru vistaðar á Mentor, undir Námsmöppu.

Sjónarhóll – Margrét Ingim.

Alls var gert ráð fyrir rúmum 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 3. bekk komu í námsverið Sjónarhóll í vetur. Einnig fór sérkennari inn í bekki þegar það átti við. Kennt var í námskeiðum og hópar voru breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá lesfímiprófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi, Orðarún. Í Sjónarhóll hefur verið lögð áhersla á að nemendur auki leshraða, eflist í réttitun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmöppu.

Námsgreinar

Innlagnir reglulegar þar sem nýir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Áhersla var lögð á umræður og tengingu við reynslu nemenda og daglegt líf. Fjölbreyttir kennsluhættir fylgdu í kjölfarið í öllum námsgreinum. Í hverri námsgrein var unnið út frá markmiðum og áætlunum. Markmið kennslunnar hverju sinni voru sýnileg nemendum á töflu og rætt um þau, einnig voru námsmarkmiðin sýnileg á námsveggjum í kennslustofunum. Stuðst var við kennslubækur og verkefni tekin af netinu ásamt því að búin voru til verkefni af kennurum. Oft einstaklingsmiðað eftir getu hvers og eins.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum Byrjendalæsis. Gerð var vetraráætlun fyrir Byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti nemenda og voru alltaf sýnileg nemendum. Nemendur voru með eina stílabók í Byrjendalæsi fyrir hverja önn þar sem þeir unnu flest verkefni í. Þar að auki voru unnin málfræði- og þematengd verkefni, einstaklingsmiðuð hefti/verkefni og unnið í eftirfarandi bókum: Ritrún 1, Ritrún 2 og Litlu Lesrún.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, orðaforða, lesskilning og ritun. Við samþættum íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, samfélagsfræði og náttúrufræði. Í íslenskukennslunni nýttum við meðal annars ípad, fræðibækur, litlar tússtöflur og ýmis Byrjendalæsisverkfæri s.s. hugtakakort, lykilorðavinnu, myndasögur, venn-kort, kvl og krossglímur. Samstarf við sérkennara var mjög gott og

við skipulögðum flestar kennslustundir tengdar Byrjendalæsi í samráði við sérkennara sem jafnframt er Byrjendalæsisleiðtogi með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi.

Lestur og lesskilningur: Megin markmið okkar var að efla læsi nemenda og lögðum við mikla áherslu á lestrarstundir í um 20 mínútur í upphafi dags, þar sem nemendur fengu að velja sér bækur undir leiðsögn kennara. Á meðan fóru kennarar og stuðningsfulltrúar á milli nemenda og hlustuðu á þá lesa og leiðbeindu. Auk þess var unnið með paralestur, kórlestur o.fl. Lesskilningur var kenndur í gegnum aðferðir Byrjendalæsis með lestri á gæðatexta, hann ræddur og farið í orðskýringar. Unnið var með sögubækur og fræðibækur. Unnin voru ýmis lesskilningsverkefni skriflega og munnlega.

Heimalestur: Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Flestir sinntu því vel en einhver misbrestur var þó þar á, ástundun heimalesturs var skráð í Mentor. Skrift: Markmiðið var að nemendur skrifuðu vandaða og læsilega skrift bæði í Byrjendalæsisvinnubókinni og öðrum verkefnum. Einnig unnu nemendur eftir getu hvers og eins í bókunum Ítáluskraft 1B, 2A og 2B.

Ritun: Markmiðið í ritun var að læra að skrifa fyrirmyndar málgreinar og að hafa upphaf, miðju og endi í sögugerð. Unnið var með ritun á ýmsa vegu eins og frásagnir, endursagnir og sögugerð. Nemendur gerðu til dæmis sína eigin herra eða ungfrúar bók þar sem þeir bjuggu til sögu og myndskreyttu auk þess að búa til kápu utan um hana. Síðan lásu nemendur söguna sína fyrir bekkinn.

Framsögn: Markmiðið var að þjálfa nemendur í að tala fyrir framan aðra. Þau kynntu verkefni sín og lásu upp. Einnig var þetta þjálfað á bekkjarfundum. Á árhátíðinni fengu nemendur góða reynslu í því að koma fram og fara með texta og syngja lög. Árhátíðarverkefni nemenda var Ávaxtakarfan og voru unnin mörg verkefni í íslensku í tengslum við leikritið. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Námsmat: Tekin voru lesfimiþróf, Orðarún, Aston Index og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu sem og aukapróf með Lesfimi.

Námsmatið var árangur nemenda úr könnunum, vinna og virkni nemenda í kennslustundum, vinnubrögð og frágangur í stílabók, sjálfstæði og frumkvæði sem og samvinna nemenda. Á vorönn fórum við að vinna með meira sjálfsmat nemenda. Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið.

Íslenskukennslan var vel skipulögð, fjölbreytt og markviss. Verkefnin voru fjölbreytt um leið og við aðlöguðum þau að þörfum nemenda. Gott var að vera í samstarfi við sérkennara. Á heildina litið erum við ánægðar með íslenskukennsluna en gott ef fleiri hefðu notið stuðnings.

Í íslensku gekk vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi þar var læsi aðal viðfangsefnið og áhersla á sköpun í verkefnum. Námið var mikið samþætt og grunnþættirnir fléttuðust inn í nám nemenda. Unnið var að því að styrkja nemendur og efla þá í námi, nemendur unnu með námsfélaga þegar tækifæri gáfust og veitt var virk endurgjöf til nemenda.

Stærðfræði

Markmiðin í stærðfræði voru að ráða við samlagningu og frádrátt í tölum upp að 1000. Dýpka skilning á hundruðum, tugum og einingum. Kynnast útreikningum á uppsettum dæmum þar sem þarf að taka til láns og geyma. Einnig að vinna með margföldun, deilingu, tölfræði, mælingar, flatarmál, rúmfræðiform, samsíða línur, horn, klukkuna, orðadæmi og almenn brot. Auk þess að þjálfast í að vinna með stærðfræðiprautir og geta útskýrt lausnaleyðir sínar og auka þannig hugtakaskilning í stærðfræði.

Sproti 3a og 3b voru grunnbækur og kennarastýrðar. Innlagnir voru alltaf með sama sniði í vetur. Þá var samtalsmynd við hvern kafla/námþátt varpað upp. Allir nemendur voru með í þessari innlög,

líka þeir sem voru lengra eða styttra komnir. Kennari skoðaði síðan verkefnið í kaflanum í kjölfarið með nemendum. Rýnt var í fyrirmæli og þau tengd við verkefnið. Staldrað var við erfið dæmi þau og útskýrð betur. Nemendur voru oftast mjög virkir í þessum tímum.

Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf. Ef nemandi kom ekki vel út þá fékk hann endurinnlagn á námsþáttunum og vann verkefni – æfingasíður.

Í stærðfræði hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Áhersla hefur verið lögð á gott læsi stærðfræðihugtaka og að geta lesið fyrirmæli og að nemendur noti sköpun þegar þeir sýna niðurstöður sínar.

Í stærðfræði erum við að þjálfra flesta þætti lykilhæfninnar. Við höfum reynt að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og unnið var að því að styrkja nemendur og efla þá í námi, nemendur unnu með námsfélaga þegar tækifæri gáfust og veitt var virk endurgjöf til nemenda.

Samfélagsgreinar

Markmiðin í samfélagsgreinum, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í Mentor, voru að nemendur þekktu að sérhvert manlegt samfélag setur sér lög og reglur og að til eru landslög og alþjóðareglur. Þekki að börn búa við ólíkar efnahags- og félagslegar aðstæður í heiminum og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Geti greint algeng fyrirbæri á loftmynd, geti fundið heimabæinn sinn á korti í stórum mælikvarða og Ísland á heimskorti. Geti teiknað tímaás og raðað nokkrum þáttum á hann. Þekki pláneturnar, þekki til lífríki hafsins og mikilvægi þess og þekki ýmsar hringrásir, orkugjafa og endurvinnslu.

Oft var námsefninu fléttað saman við aðrar námsgreinar svo sem íslensku og stærðfræði.

Í samfélagsgreinum var Halló heimur 2 aðal kennsluefnið ásamt bókum sem unnið var með í Byrjendalæsi. Bækurnar Komdu og skoðaðu hringrásir og Komdu og skoðaðu himingeiminn voru notaðar sem ítarefni í samfélagsgreinakennslunni.

Komdu og skoðaðu hafið og Hrafninn (Milli himins og jarðar) voru teknar og samþættar Byrjendalæsisvinnu.

Rætt var um markmið hvers kafla þegar byrjað var að vinna með hann. Kennsluefnið virtist oftast höfða vel til nemendanna og voru þeir yfirleitt áhugasamir í þessari vinnu. Reynt var að hafa skapandi útfærslur í sem flestum verkefnum.

Námsmatið var símat yfir allan veturinn og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í Mentor.

Í samfélagsgreinum hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Áhersla hefur verið á sköpun í verkefnum. Við samþættum mikið og grunnþættirnir koma mjög oft við sögu í verkefnum. Til dæmis lærðu nemendur um hringrásir í náttúrunni og hringrásarhagkerfið en það tengist sjálfbærni.

Í samfélagsgreinum erum við að þjálfra marga þætti lykilhæfninnar og má þar nefna skapandi og gagnrýna hugsun í tengslum við náttúruna og umhverfið.

Uppbygging sjálfsgætt / lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar settu mark sitt á margar kennslustundir. Auk þess voru teknir ákveðnir tímar í uppbyggingu þar sem unnið var með eftirfarandi:

Bekkjarsáttmáli: Í upphafi vetrar gerðum við bekkjarsáttmála. Nemendur útbjuggu geimfar og hvert barn teiknaði geimfara með sínu nafni og undirrituðu þannig sáttmálann. Síðar um veturinn var þetta einnig góð tenging inn í Byrjendalæsi þegar unnið var með bókina Komdu og skoðaðu himingeiminn. Í vetur var bekkjarsáttmálinn oft rifjaður upp og mikilvægi hans rætt.

Hlutverk kennara og hlutverk nemenda: Þessi hefðbundna vinna fór fram með nemendum snemma á skólaárinu, var sýnileg og reglulega rætt um hlutverkin.

Y-spjald: Spjaldið var unnið út frá því hvað nemendur vildu sjá, heyra og finna í skólstofunni. Hópurinn kom sér saman um nokkur atriði sem þeim fannst mikilvæg. Spjaldið var sýnilegt nemendum í vetur.

Uppbygging: Mjög reglulega í vetur var litahegðun rædd bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum og eins að vera góður bílstjóri í eigin lífi. Litahegðun var einnig tengd inn í Byrjendalæsi. Farið var í þarfir uppbyggingarinnar og verkefni unnin því tengdu. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna.

Bekkjarfundir: Áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Ýmis mál rædd og leitað lausna. Nemendur mátuðu sig inn í eineltishring Olweusar eftir fræðslu og umræður um hann. Við unnum með þarfirnar á ýmsan hátt, meðal annars samþætting við Byrjendalæsi. Verkefni voru unnin þar sem nemendur fundu styrkleika sína og hvernig vinir þeir vildu vera. Í námsmati var meðal annars tekið mið af þátttöku á bekkjarfundum og hvort bekkjarsáttmáli og hlutverk voru virt. Lífsleikni og uppbygging gekk vel í vetur. Nemendur eru að læra betur á verkfærin og þjálfast í að tala um tilfinningar sínar og líðan. Lögð var áhersla á að efla áfram þrautseigju nemenda.

Í þessum greinum hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Á bekkjarfundum höfum við rætt um að allir hafi jafnan rétt og einnig um mannréttindi og lýðræði. Í samræðum á fundunum erum við líka að efla skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til að tjá sig. Þá ræddum við hugarfar vaxtar og reyndum að tileinka okkur þætti eins og það má gera mistök og ég get þetta ekki enþá.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Á yngsta stigi vorum við með jólabema. Allir unnu með sömu jólabókina og í lok vinnunnar unnu allir saman þvert á árganga. Á vorönn vorum með þemað tónlist. Þá blönduðust 1. til 6. bekkur og unnu saman.

Árshátíðarverkefni nemenda var Ávaxtakarfan og voru unnin mörg verkefni í tengslum við það. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Vorgrillsdagurinn í júní gekk vel, skemmtilegt uppbrot og nemendur höfðu gaman af. Þó svo að veðrið hafi ekki leikið við okkur þann daginn. Skólaslit voru 5. júní, skipulagið var vel heppnað og skemmtilegt að syngja saman með öllu yngsta stiginu.

Vettvangsferðir

Í upphafi skólaársins bauð Listasafnið okkur á sýninguna Hringfarar og að taka þátt í smiðjum sem tengdust sýningunni ásamt fjórum myndlistarmönnum sem stýrðu smiðjunum. Verkefnið tengdist Sköpun bernskunnar og markmiðið með smiðjunum var að vekja athygli barnanna á litum í umhverfinu. Í apríl vara okkur aftur boðið á safnið en þá var búið að hengja verk barnanna upp og börnunum þótti virkilega gaman á sjá verkin sín á safninu.

Á útivistardaginn að hausti fórum við og tókum upp kartöflur sem við settum niður síðasta vor. Það var vel heppnuð ferð í Matjurtagarða Akureyrar þar sem nemendur tóku upp kartöflur, borðuðu

nesti og léku sér saman í góðu veðri.

Á útivistardegnum á vorönn fórum við með rútu í Kjarnaskóg með nesti og sleða og áttum góðan dag við að renna okkur í snjónum og leika saman í skóginum.

Í lok maí var farin vorferð í Hof þar sem við sáum Karnival dýranna. Einnig var farið í Hof á tónleika hjá bláasaraveit fyrir í mánuðinum sem Tónlistarskólinn bauð okkur á.

Þetta voru lærdómsríkar ferðir sem studdu við lærdóm vetrarins og styrktu nemendur m.a. í samskiptum og umburðarlyndi.

Samvinna nemenda

Við lögðum mikla áherslu á samvinnu í vetur. Við reyndum að þjálfa hana á ýmsa vegu með fjölbreyttum verkefnum í sem flestum námsgreinum. Nemendur unnu í pörum og hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfa samvinnu. Nemendur lærðu að allir hafa hlutverk í samvinnu, þjálfuðust í að deila verkefnum og skipuleggja hvernig þau ætluðu að vinna og skila verkefninu.

Samvinna við aðra

Við áttum gott samstarf við starfsfólk á bókasafninu. Fórum með bekkina upp til að velja lestrarbækur fyrir stofurnar. Starfsfólk bókasafnsins var hjálplegt varðandi að finna bækur fyrir Byrjendalæsið. Við tókum jólalestrarátak fyrir jólin í samstarfi við bókasafnið og einnig í tenglum við herra og ungrú verkefni í Byrjendalæsi.

Samvinna á yngsta stigi er góð og við erum dugleg að leita til hvers annars. Teymisvinnan hefur gengið mjög vel og skilað okkur mörgu í skipulagi og kennsluháttum. Yngsta stigið er að samnýta meira af gögnum og góð samfella frá 1. -3. bekkjar í náminu. Við sem teymi vinnum svo saman Leiðsagnarnámið og nýtum það með teymisvinnunni. Hópurinn er samstilltur og jákvæður.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var við foreldrahópinn. Foreldrar og nemendur mættu í samtal í skólabyrjun og aftur í janúar. Að hausti komu foreldrar á fund er nefnist 1-3-5-8 þar sem rædd voru ýmis málefni sem snerta starfið í skólanum.

Í tengslum við árshátíðina aðstoðuðu foreldrar við að finna búninga og mættu vel á árshátíðarsýninguna. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra.

Grenndarkennsla

Við nýttum vettvangsferðirnar til grenndarkennslu. Skoðuðum kennileiti þegar við fórum út með hópinn til þess að fræða og skoða umhverfið okkar. Við blönduðum grenndarkennslu einnig inn í kennslustofuna og notuðum til dæmis tæknina til að sýna þeim nánasta umhverfi á google maps.

4. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar

Í teyminu störfuðu tveir umsjónarkennarar, Þorgerður Guðmundsdóttir (100%) og Erla Rán Kjartansdóttir (82%) ásamt Sigríði Margréti Hlökkversdóttir sem sinnti almennri kennslu og fyllti upp í stöðu Erlu Ránar. Í teyminu störfuðu einnig tveir sérkennarar, Rósa Mjöll Heimisdóttir og Margrét

Ingimundardóttir ásamt tveimur stuðningsfulltrúum, Sólrúnu Eyfjörð og Ólafi Pétri Eypórssyni. Nemendur í 4. bekk voru að hausti 21 drengur og 22 stúlkur. Á haustdögum bættist við einn nemandi og taldi því 44 nemendur.

Námsumhverfi og skipulag

Kennslan fór fram í tveimur samliggjandi stofum á neðsta gangi skólans, stofum nr. 133 og 134. Teymiskennsla var í árganginum og voru umsjónarstofurnar notaðar sem ein heild allan veturinn þó oft hafi verið lokað á milli í einstöku tímum til að búa til smærri námseiningar. Þar sem hópurinn var sem ein heild var auðveldara að taka ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemanda ef á þurfti að halda þannig að álagið dreifðist jafnt á umsjónarkennara. Námsumhverfið hentaði nokkuð vel og lítur árgangurinn á sig sem eina heild. Leitast var eftir því að innleiða leiðsagnarnám í kennslu og í námsmati. Þegar byrjað var á nýjum námsþætti voru markmið kynnt og þau hengd upp á vegg í miðju stofunnar ásamt ýmsum amboðum sem gátu stutt nemendur í að ná markmiðunum. Hver námsgrein átti sinn lit og voru markmið hverrar greinar í þeim lit. Þegar búið var að vinna með hvert markmið var það fært ásamt tilheyrandi amboðum yfir á námsvegg sem voru settir upp í annarri stofunni. Nemendur gátu þá rölt á milli og skoðað námsvegginn og rifjað upp markmið og skoðað amboð ef þeim þótti þurfa. Reynt var að hafa markmiðin alltaf sýnileg í öllum verkefnum sem nemendur unnu t.d. efst á verkefnablöðum, á töflu eða í áætlunum. Eins voru kennarar duglegir við að minna á hvaða markmið verið var að vinna með hverju sinni. Umsjónarkennarar nýttu enn meira munnlegt mat og leiðbeindu nemendum jafn óðum út frá þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni þannig að þeir gætu bætt afkrasturinn um leið. Nemendur voru einnig þjálfaðir í að skoða sjálfir markmiðin og meta hvort þeir teldu sig hafa náð þeim. Nemendum 4. bekkjar var skipt upp í þrjá hópa í sund og í list- og verkgreinum. Samfélags- og náttúrugreinar voru kenndar í þeim og samþættar með íslensku og öðrum greinum þegar við átti. Kennaranemi fylgdi umsjónarkennurum alla haustönnina og fram að jólum. Skák kennsla var í árganginum allan veturinn og tefldu allir nemendur í 30 mínútur á viku og tóku nokkrir nemendur þátt í Brekkuskólamáti í skák.

Sérkennsla

Alls nutu 13 nemendur í 4. bekk stuðnings- og/eða sérkennslu í vetur. Skipulagsfundir voru með sérkennurum og umsjónarkennurum og vinátta og traust var ríkjandi í teyminu. Megináhersla var lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði og stafsetningu ásamt stærðfræði fyrir þá sem þess þurftu.

Hlíðarfjall – Sérkennsla

Alls var gert ráð fyrir 7 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í Hlíðarfjalli. Nemendur fengu einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsverinu. Í Hlíðarfjalli var lögð áhersla á að vinna eftir einstaklingsnámskrám bæði í íslensku og stærðfræði. Áherslur í kennslu voru m.a. að vinna með þætti tengda lestri og lesskilningi, orðaforða, hugtakaskilning, ritun, auk þátta í málfræði og grunnþætti stærðfræðinnar. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Umsagnir eða einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurftu. Námskrár voru gerðar tvisvar yfir skólaárið, sú fyrri í september og endurmat í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í júní. Námskrárnar, endurmat og umsagnir voru vistaðar í Námsmöppu nemandans á Mentor.

Sjónarhóll – Sérkennsla

Alls var gert ráð fyrir rúmum 6 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 4. bekk komu í námsverið Sjónarhóll í vetur. Kennnt var í námskeiðum og hópar voru breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá lesfímiprófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi, Orðarún. Í Sjónarhóll hefur verið lögð áhersla á að nemendur auki leshraða, eflist í réttiritun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Flestir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins eða einstaklingsnámskrár. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Samfélags- og náttúrufræði

Markmið aðalnámskrár voru höfð að leiðarljósi þegar farið var í efnisþætti í samfélags- og náttúrufræðigreina. Unnin voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnisþáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Valin voru saman á þekk markmið og unnið var út frá þeim. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að efla samfélags-, umhverfis-, og kortalæsi, þjálfar lestur fræðiritra, greina aðalatriði frá aukaatriðum og rýna í hugtök sem tengjast markmiðum greinanna, lesa í aðstæður annarra ásamt umhverfislestri, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, bera saman sögu barna í sveit og í borg og á landnámsstíma og hvernig trúarbrögðum er háttað í heiminum, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt vinnu sína með frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl, **jafnrétti** þar sem nemendur skoðuðu þróun jafnréttis á landnámsstíma og bárum saman jafnrétti barna sem búa í sveit annars vegar og hins vegar barna sem búa í borg, **sjálfbærni** þar sem nemendur ræddu hvaða tækifæri þau gætu haft á verndun náttúrunnar og hvað hægt væri að gera til að hafa áhrif á framhaldslíf Jarðarinnar, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var með upplýsingar um fjölbreytileika mannlífsins og hversu gott það er að við getum öll verið við sjálf og að við eigum öll ýmsa valkosti í daglegu lífi, allt frá klæðaburði til framkomu okkar við annað fólk.

Unnið var með námsmarkmiðin í samfélags- og náttúrufræðigreinum á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að hlusta á lestur fræðitexta, ræða um námsefnið og kynna verkefni sín í máli og myndum með hjálp ýmissa miðla. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið** nám með að fylgja fyrirmælum, meta sjálfir markmið sín og gera verkefni þar sem virða þurfti tímamörk. Nemendur æfðu **nýtingu miðla og upplýsinga** og leituðu upplýsinga á ólíkum miðlum við úrlausna verkefna, tjáðu sig á myndræna, skriflegan og starfrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni s.s. google umhverfinu og gerðu rafrænar bækur í BookCreator. Til að þjálfar **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í pörum og í stórum og litlum hópum. Þeir æfðu sig einnig í að skipuleggja hópavinnu, taka þátt í umræðum og setja sig í spor annarra. Til að þjálfar **skapandi og gagnrýna** hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að tileinka sér gagnvirkan lestur og fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir verkefna.

Byrjað var á að fjalla um fugla þar sem unnið var með staðfugla og farfugla ásamt spörfuglum og var hrafninn nýttur sem útgangspunktur. Nemendur unnu hugtakakort, skrifuðu fræðitexta og teiknuðu skýringarmyndir. Trúarbrögðin voru tekin fyrir þar sem nemendur fengu kynningu á helstu trúarbrögðum heims. Spjallað var um viðfangsefnið og það tengt daglegu lífi og reynsluheimi nemenda. Í upphafi annar fengu nemendur bókina Könnun kortin 3 sem unnin var í gegnum allt skólaárið. Unnin voru verkefni sem reyna meðal annars á kortalestur og lestur á myndritum, skilning á áttum, hnitum og mælingum. Halló heimur 3, ásamt ítarefni var nýtt í þessa vinnu. Nemendur unnu

í hópum, drógu trúarbragð og gerðu kynningu. Fjallað var um landnám Íslands og var bókin Litlu landnemarnir nýtt sem grunnefni. Bókin var lesin og verkefni unni í tengslum við markmiðin sem voru að þjálfá hljóðkerfisvitund nemenda samhliða kennslu í lestri, stafsetningu og samfélagsgreinum. Á vordögum unnu nemendur verkefni í náttúrugreinum þar sem mátti velja um að skila verkefninu í Book Creator eða í google slides. Markmiðin snerust um fugla, náttúruna, umhverfið og íslensku sveitina. Í tengslum við markmiðin um íslensku sveitina og íslensku húsdýrin var farið í vettvangsferð í Daladýrð. Þar fengu nemendur að kynna íslensku húsdýrunum, gefa þeim að borða og setja sig í spor barna sem búa í sveit. Nemendur heimsóttu eining Laufás og tengdu þar við markmið í samfélagsgreinum.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í fjórar lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að æfast í lestri ýmissa stærðfræðilegra hugtaka og orðadæma ásamt því að lesa í stærðfræðitákn, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, unnu með mismunandi einstaklingum að mismunandi verkefnum með umburðarlyndi að leiðarljósi, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt ýmsar aðferðir, skissur, myndir, töflur og myndrit, **jafnrétti** þar sem nemendum er mætt við getustig hvers og eins, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var að því að skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til stærðfræðináms.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í stærðfræði á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að fylgjast með hvernig aðrir leysa dæmi og sýna eigin aðferðir, taka þátt í samræðum um stærðfræði og tjá sig á myndræna hátt. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** með því að fylgja áætlunum, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Á öllu námsamti voru markmið birt þannig að nemendur gátu skoðað markmiðið sem verið var að meta. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** og nýttu sér kennslumyndbönd á netinu, ýmis stærðfræði öpp og síður. Til að þjálfá **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í pörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfá **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum um stærðfræði og úrlausn verkefna, þurftu að standa fyrir máli sínu og sína fram á framgang í stærðfræðináminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Í fyrstu lotu var unnið með hnitakerfið, tölur stærri en 1000 og minni en 0 og samlagningu og frádrátt. Í lotu tvö var unnið með tímamann og klukkuna, margföldun og deilingu og samhverfu og mynstur. Í lotu þrjú var unnið með ummál og flatarmál, margföldun og deilingu og mælingar og tugabrot. Í lotu fjögur var unnið með almenn brot, almennan reikning (+, -, x og ÷) og tölfræði. Námsbækurnar Sproti 4a og 4b voru nýttar sem aðal námsefni ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Ýmis stærðfræðiöpp voru nýtt til þjálfunar. Nemendur fóru heim með margföldunartöflurnar og áttu að læra þær utanbókar og margföldun æfð sérstaklega í skóla 4x í viku í 10 mínútur í senn í 8 vikur með forritinu ThatQuiz. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða með námsfélaga en stundum í hópum. Eftir hverja lotu áttu nemendur að meta sjálfir hvort þeir hefðu náð markmiðum lotunnar. Ef þeir töldu sig hafa náð þeim var lagt fyrir kaflapróf og markmiðin metin. Þeir nemendur sem ekki náðu um 80% markmiða á hverju prófi fengu endur innlögn á námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu auka verkefni í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Við lok

hvorror annar voru lögð fyrir skrifleg próf sem meta áttu þau markmið sem unnið hafði verið með á tímabilinu.

Íslenska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Námsefnið var fjölbreytt og var oft samþætt við samfélags- og náttúrugreinar. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem áherslan var á að nemendur næðu góðum leshraða, að þeir gætu lesið af öryggi og góðum skilningi, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun við lestur fjölbreyttra texta og reynt var að nýttast við lýðræðisleg vinnubrögð bæði við verkefnaval og námsat, **sjálfbærni** þar sem nemendur tókust á við ýmis álitamál og ágreiningsefni við lestur fjölbreyttra texta, **jafnrétti** þar sem nemendum var gert ljóst að allir eigi jafnan rétt til náms og umburðarlyndi skuli viðhafast gagnvart mismunandi getu og framförum, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á persónulegan hátt framsögn, ritun, ljóð, umræður ásamt því að tjá texta og málfræði reglur í gegnum myndir, **heilbrigði og velferð**, þar sem góð samskipti milli nemenda voru höfð að leiðarljósi, reynt var að koma til móts við þarfir allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Þar sem þau fengu tækifæri á að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Unnið var með námsmarkmiðin í íslensku á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að hlusta á lestur annarra og lesa fyrir aðra, taka þátt í samræðum um lesin texta og málfræðileg atriði, spyrja spurninga við lestur og íhuga innihald texta og/eða málfræðiverkefna, með því að koma fram og segja frá fyrir framan árganginn, lesa og flytja ritunarverkefni, ljóð og ýmsar tegundir texta, kynna skáldsögu sem þeir höfðu lesið í jólafríinu, koma fram á árshátíð ásamt því að koma fram á Litlu upplestrarkeppninni. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið** nám t.d. í yndislestri og meta hvernig þeir nýttu tímann sinn til lesturs, skoða hvaða markmið þeir kynnu og hver þyrftu að æfa betur. Nemendur æfðu **nýtingu miðla og upplýsinga** og leituðu upplýsinga á ólíkum miðlum við úrlausna lesskilningsverkefna og í samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar og tölvu- og upplýsingamennt, tjáðu sig á myndrænan, skriflegan og starfrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni s.s. google umhverfinu og gerðu rafrænar bækur í BookCreator. Til að þjálfra **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í pörum og í stórum og litlum hópum. Þeir æfðu sig einnig að hlusta á aðra nemendur þegar þeir lásu eða kynntu ásamt því að þjálfast í að hlusta á nestis sögur. Nemendur æfðust einnig í að meta bækur og frásagnir annarra á gagnrýnan og uppbyggilegan hátt. Til að þjálfra **skapandi og gagnrýna** hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að tileinka sér gagnvirkkan lestur og fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir lesskilningsverkefna.

Mikil áhersla var lögð á lestur- og lesskilning allan veturinn og voru nemendum skipt í þrjá misstóra hópa við þjálfun lesskilnings eftir niðurstöðum Orðarúnar og fékk hver nemandi námsefni við hæfi. Ekki var stuðst við sérstakt kjarnaefni en ýmsar kennslubækur og aukaefni nýtt til íslenskukennslu. Í námsmati var stuðst við leiðsagnarnám þar sem nám nemenda var metið jafn óðum en einnig var stuðst við matsramma í ritun, skriflegt málfræðiþróf að vori ásamt Orðarún lesskilningsprófi tvisvar yfir veturinn, Lestrún, hraðlestrarprófi þrisvar sinnum yfir veturinn og Aston Index stafsetningarprófi tvisvar sinnum yfir veturinn.

Enska

Ákveðið var að leggja enskuna til hliðar þennan veturinn til að einblína á íslensku- og lestrarkennslu

nemenda í samráði við stjórnendur.

Uppbygging sjálfsga/lífsleikni

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í lífsleikni með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Haustið hófst á vinnu þar sem **Uppbyggingarstefnan** og **lífsleiknimarkmið** vetrarins voru tekin fyrir. Fyrst var Uppbyggingarstefnan kynnt fyrir nýjum nemendum og rifjuð upp fyrir hinum. Talað var almennt um Uppbyggingarstefnuna og hvernig hún virkar. Því næst var unnið með bekkjarsáttmálann. Notuð var þúslaðferð þar sem nemendur voru settir í hópa af handahófi þar sem þeir ræddu um hvað þeir töldu að þyrfti að vera í bekkjarsáttmálanum. Hópunum var síðan skipt upp nokkrum sinnum þar til nemendur höfðu farið hring og rætt um bekkjarsáttmálann við nánast alla bekkjarfélaga sína. Kennarar töku síðan saman umræðupunkta og var kosið lýðræðislega um hvað bekkjarsáttmálinn átti að innihalda og var hann sýnilegur á ganginum þar sem ekki fannst viðeigandi staður í stofunum. Því næst var unnið með **T - spjöld** og að lokum **Y - spjöld** þar sem bekkjarsáttmálinn var greindur. Nemendur unnu því næst með hlutverk sitt og annarra í skólanum. Að þessu loknu var unnið með **þarfirnar**. Nemendum var kynnt vel hvernig þarfirnar virka og greindu nemendur sig. Nemendur gerðu tákni fyrir sína sterkustu þörf og sem var hengt upp á vegg í stofunni svo hægt væri að sjá þarfir bekkjarfélaga. Nemendur unnu einnig verkefni um **skýr mörk**. Lífsvagninn var nýttur til að kynna nemendum að hver og einn hefur stjórn á eigin hegðun og geti valið viðbrögð sín og var farið í mikla vinnu með lífsvagninn eftir áramót. **Bekkjarfundir** voru reglulega þar sem nemendur ræddu það sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrir fram ákveðin málefni. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Árgangurinn var ýmist allur saman á bekkjarfundum eða honum skipt upp eftir málefnum sem þurfti að ræða. Undirbúningur fyrir árs hátíð og árs hátíðarvinna mætti flokka sem lífsleikni þar sem sú vinna krefst mikillar samvinnu, skipulagshæfni, setja sig í spor, koma fram og spá fyrir um óvæntar aðstæður sem og allar vettvangsferðir.

Við teljum mjög mikilvægt að haustdagur fari í að rifja upp og vinna með Uppbyggingarstefnuna á markvissan hátt. Við teljum einnig mikilvægt að vinna jafnt og þétt allan veturinn og halda orðræðu og umræðum um Uppbyggingarstefnuna stöðugt á lofti. Einnig væri gott að fá reglulegar áminningar um þá þætti sem vinna á með í hverjum mánuði.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Nemendur tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem haldin var síðasta vetrardag, 24. apríl. Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, að allir nemendur séu með, komi fram á lokahátíð og fái viðurkenningarskjal í lokin. Nokkrir nemendur voru með tónlistaratriði og gestalesari úr 7. bekk kom og las upp ljóð. Foreldrar mættu til að horfa á og fengu nemendur veitingar eftir hátíðina. Í desember vann allur skólinn að þema þar sem Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var tekinn fyrir og vann 4. bekkur verkefni sem tengdust börnum á flóttu. Þemadagar voru á vorönn þar sem samvinna var á milli 1. – 6. bekkjar þar sem blandað var úr öllum þessum árgöngum í tveggja daga vinnu. Þema þessara daga var kvikmyndir og heppnaðist öll vinnan mjög vel. Sú hefð hefur lengi tíðkast í Brekkuskóla að nemendur í 4. bekk geri íslensku jólasveinana í fullri stærð í samstarfi við myndmenntakennara og hengi upp á brúnni í byrjun desember.

Grenndarkennsla – vettvangsferðir og uppbrotisdagar

Yfir veturinn var farið í nokkrar vettvangsferðir og unnið m.a. út frá grunnþáttunum **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, unnu með mismunandi einstaklingum að mismunandi verkefnum á mismunandi stöðum með umburðarlyndi að leiðarljósi, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt t.d. í tengslum við Barnamenningarhátíð og langspil á Minjasafni, **jafnrétti** þar sem nemendur var mætt við getustig hvers og eins s.s. á skíðum og gönguferðum, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var að því að skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til hreyfingar, lista og menningar, **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að lesa ýmsa fræði- og upplýsingatexta í tengslum við náttúruskoðun, Minjasafnið, Iðnaðarsafnið og Barnamenningarhátíð, **sjálfbærni** þar sem rætt var um rusl á víðavangi í ferðum og mikilvægi þess að endurnýta og skilja ekki eftir sig rusl til að næstu aðilar komi að umhverfinu í sem besta ástandi og til þess að Jörðin geti haldið áfram að gefa af sér um ókomna tíð.

Vettvangsferðirnar voru nýttar til að vinna með markmið Aðalnámskrár á ýmsan hátt og lykilhæfni höfð að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með að skrifa niður ferðasögur og lesa upp fyrir samnemendur og sendu foreldrum heim myndir af ferðasögnum. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** með því nýta matslista til að meta ritun sín og taka ábyrgð á sjálfum sér í vettvangsferðunum. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** og skrifuðu hluta af frásögnum af vettvangsferðum í tölvur og miðluðu frásögninni til foreldra ásamt því að taka myndir af verkum í tengslum við Barnamenningarhátíð og deila með foreldrum. Til að þjálfa **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur í litlum og stórum hópum í vettvangsferðunum. Til að þjálfa **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í Barnamenningarhátíð.

Þann 5. september var útivistardagur að hausti. Árgangurinn fór í hjólaferð í Kjarnaskóg og síðan var gengið upp í Gamla. Nemendur voru jákvæðir fyrir ferðina og allflestir á meðan á henni stóð. Allir nemendur náðu að komast upp á topp og sigruðu þar með “fjallið” sem segja má að hafi verið stór áfangi hjá flestum. Mikil upplifun var fyrir nemendur að sjá heimabæ sinn Akureyri frá öðru sjónarhorni, borða nesti í náttúrunni og tína ber. Ferðin var nýtt í umræður um ýmislegt sem tengdist markmiðum vetrarins. Í tengslum við náttúrufræðina var rætt s.s. um barrtré og lauftré, nýtingu berja, farfugla og staðfugla og árstíðir. Í tengslum við grenndarkennslu og samfélagsgreinar var rætt um heimabæinn, legu hans og örnefni í náttúrunni í kring. Einnig var talað um mikilvægu hreyfingar og þess að vinna saman sem hópur til að allir kæmst á leiðarenda. Þann 28. febrúar var útivistardagur að vetri og farið var með alla nemendur í 4.-10. bekk í Hlíðarfjall. Nemendur í 4. bekk fengu að þessu sinni leigðan búnað ef þeir áttu hann ekki til sjálfir. Margir nemendur prófuðu skíði eða bretti í fyrsta skiptið og gekk það mjög vel. Nemendur voru einstaklega þolinmóðir þó þeir þyrftu oft að tíðum að bíða lengi eftir búnaði. Allir komu sælir og glaðir úr fjallinu. Í tengslum við markmið vetrarins var talað um mikilvægi þess að gefast ekki upp þó erfitt væri að gera eitthvað í fyrsta sinn, mikilvægi þess að sigrast á erfiðleikum og hræðslu ásamt því hversu útivera væri holl og góð fyrir okkur öll. Í apríl var farið á Minjasafnið og á Iðnaðarsafnið. Árganginum var skipt upp í tvo hópa þar sem annar hópurinn byrjaði á að fara á Minjasafnið en hinn hópurinn á Iðnaðarsafnið síðan var skipt. Á Minjasafninu fengu krakkarnir tækifæri á að kynnast langspili í tengslum við Barnamenningarhátíð. Langspilssmiðjur voru í samvinnu við Eyjólf Eyjólfsson söngvara. Langspil er gamalt íslenskt hljóðfæri og lærðu nemendur undirstöðuatriði í langspilsleik eins og stramm og plokk með álfafjöðrum. Einnig var boðið upp á að strjúka strengina með hrosshársbogum. Á Iðnaðarsafninu fengu krakkarnir að skoða safnið eins og þeir vildu. Farið var með strætó báðar leiðir. List- og verkgreinakennarar fóru með nemendur 19. apríl í Hof. Þar tóku nemendur þátt í Barnamenningarhátíð í tengslum við

ráðstefnu um álfa og huldufólk. Markmið hátíðarinnar var að hvetja börn og ungmenni til virkrar þátttöku í menningarstarfi og veita þeim tækifæri til að njóta lista og menningar. Leiðarljós hátíðarinnar voru fagmennska, fjölbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi fyrir öll börn og ungmenni. Nemendur voru viðstaddir opnunarsýninguna þar sem þeir áttu verk á sýningunni. Sýningin átti að varpa ljósi viðhorf barna til álfa og huldufólks árið 2024 og hvaða augum þau líta á þessar furðuverur. Frjálsíþróttamót grunnskólanna var haldið í Boganum 16. maí þar sem keppt var við aðra krakka í 4. bekk á Akureyri. Mótið hefur skapað sér sess í skólalundi á Akureyri. Krakkarnir stóðu sig mjög vel þó svo að væntingarnar fyrir mótið hafi verið mjög miklar og óraunhæfar. Farið var með strætó báðar leiðir. Unnið var með markmið sem sneri að samvinnu, samstöðu og mikilvægi þess að gefast ekki upp. Sú hefð hefur skapast að nemendur í 4. bekk fari í sveitiferð og farið var í hana 23. maí. Byrjað var á því að koma við í Laufási þar sem gamli bærinn var skoðaður og nemendur náðu þannig samanburði á hóbýlum fólks í sveit og bæ við upphaf 20. aldar. Nemendur fengu leiðsögn um staðinn og staðhætti og var endað á því að skoða kirkjuna og svara spurningum nemenda. Síðan var ekið í Daladýrð í Fnjóskadal þar sem nemendur sáu íslensk húsdýr og fengu að leika sér frjálst bæði úti og inni. Toppurinn á ferðinni fyrir flesta var að fá að halda á kiðlingi. Þann 27. maí var farið í Hof í boði Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á skólatónleikana Karnival dýranna eftir Saint-Saëns. Ferðin gekk mjög vel. Farið var gangandi í Hof og á leiðinni tíndu nemendur upp rusl þar sem þeir voru nýbúnir að læra um mikilvægi þess að sýna ábyrga hegðun í umhverfinu. Nemendur voru kurteisir meðan á sýningu stóð og voru skólanum til sóma. Í tengslum við samfélagsgreinamarkmið var farið í gönguferð að stytunni af Helga magra og konu hans Þórunni hyrnu 29. maí. Áður en lagt var af stað fengu nemendur fræðslu um landnámsmenn sem höfðu numið land í Eyjafirði. Hjólað var í Kjarnaskóg 29. maí í ágætis veðri. Ferðin gekk mjög vel. Nemendur borðuðu nesti þegar í Kjarna var komið og voru duglegir í að leika sér saman í ýmsum leikjum. Einn nemandi í hópnum bauð upp á léttar veitingar þar sem hann var að fara í annan skóla. Vorhátíð Brekkuskóla var haldin 3. júní í snjókomu og kulda. Þar var farið í leiki á skólalóðinni og grillað að lokum, að þessu sinni innandyrna.

Upplýsingatækni

Vinna í upplýsinga- og tæknimennt var nánast að öllu leiti unnin í samþættingu við aðrar námsgreinar. Markmiðin voru að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran hátt við gerð ritunarverkefna ásamt því að beita réttri fingrasetningu. Hver nemandi fékk afhentan I-pad á haustdögum sem munaði mikið um í allri tæknivinnu. Nemendahópurinn hafði einnig aðgengi af 20 chrome-tölvum. Hugbúnaður sem notaður var til að ná markmiðum var Google-umhverfið (Gmail, Earth, Map, Drive, Slides og Classroom) einnig voru ýmis forrit notuð t.d. til að þjálfa nemendur í margföldun. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í pörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu munnlega og skriflega leiðsögn í gegnum námsferlið. Notuð voru fjölmörg öpp til þess að auðvelda kennurum og ekki síst nemendum vinnu og yfirferð t.d. voru þessi öpp notuð: BookCreator, ThatQuiz, ClassDojo, Math og Fingrafimi.

Samvinna nemenda

Í tengslum við leiðsagnarnámið voru námsfélagar innleiddir og reynt var að fara eftir reglum sem tengjast verklagi um námsfélaga og lagt var upp með að nemendur æfðu sig í samvinnu allan veturinn. Til að þjálfa það var nemendum skipt upp í mismunandi hópa eftir verkefnum. Einnig var reglulega skipt um sessunauta þannig að nemendur æfðust í að vinna með mismunandi námsfélögum. PALS-lestrarkennsluaðferðin var nýtt sem reynir mikið á samvinnu og þjálfar hún ýmsa

samvinnuþætti.

Samvinna við aðra

Samvinna við bókasafnið var mjög góð. Starfsfólk aðstoðaði nemendur við að velja sér bækur fyrir yndislestur og þá nemendur sem komnir voru á það stig í lestrarnáminu að velja sér sjálfir heimalestrarbækur. Starfsfólk bókasafnsins var einnig einstaklega hjálplegt varðandi bækur fyrir nestistíma. Samstarf var á milli bekkja á þemadögum.

Vinabekkir náðu ekki að hittast á þessum skólavetri þó nokkrum sinnum hafi verið reynt. Helsta ástæðan var sú stundaskrár kennara pössuðu illa saman. Gott samstarf var við tónlistarskólann og spiluðu nemendur undir stjórn tónlistarkennara á litlu jólum og litlu upplestrarkeppninni.

Foreldrasamstarf

Til að upplýsa foreldra um gang mála í skólanum voru sendir út föstudagspóstar hvern föstudag frá umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar höfðu samband við foreldra þegar þurfa þótti. Til að auka sýnileika skólastarfsins var foreldrum boðið upp á að tengjast appinu „Class dojo“ þar sem myndum, myndböndum og verkefnum var deilt beint til foreldra, bæði sem hóps og einstaklinga. Kennarar voru nokkuð virkir í að deila verkefnum og myndum til foreldra ásamt hluta nemenda.

Foreldrasamtöl voru boðuð með formlegum hætti tvisvar sinnum yfir veturinn. Fyrri samtalið var við upphaf skóla og var með hefðbundnum hætti þar sem nemendur, foreldrar og umsjónarkennari settust niður og ræddu um markmið og skipulag vetrarins. Seinna samtalið fór fram í janúar og var það nemendastýrt. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum með því að svara spurningum og búa til upplýsingabók í forritinu „Book Creator“. Nemendur skoðuðu markmið sem búið var að vinna með það sem af var vetri og völdu sér markmið sem höfðu gengið annars vegar vel að vinna með og hins vegar ekki gengið eins vel að vinna með. Nemendur skoðuðu einnig aðra þætti sem sneru að þeim og skólanum og þeim þótti skipta máli. Nemendur settu á svið foreldrasamtöl og æfðu sig í þörum í skólanum. Nemendur nýttu síðan upplýsingarnar sem þeir höfðu skráð hjá sér og stýrðu foreldrasamtalinu þegar að því kom. Umsjónarkennari var viðstaddur og aðstoðaði ef þurfa þótti. Foreldrar fengu tækifæri til að spyrja jafnóðum og/eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins. Við teljum að nemendastýrð viðtöl séu það sem koma skal.

5. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Í vetur voru nemendur alls 59, 27 drengir og 32 stúlkur. Í teyminu voru þrír umsjónarkennarar, allir í 100% starfshlutfalli. Þar að auki var stöðkennari í 84,6% hlutfalli og vann hann með 5. og 6. bekkjar teyminu að skipulagi kennslu og stöðkennslu. Í 5. bekk var stöðkennarinn með 10 kennslustundir á viku, þar af 5 kennslustundir í stöðkennslu. Vikulegir samráðsfundir voru með teyminu sem voru skilvirkir og góðir. Jafnframt hittust kennarar miðstigs, 4.-6. bekkjar, reglulega þar sem farið var í jafningjaspjall og þætti sem stuðluðu að jákvæðri starfsþróun. Kennsla stuðningsnemenda var aðlöguð sem mest viðfangsefnum inni í bekknum, ýmist með því að stytta, einfalda og búta verkefni niður í styttri námslotur. Flestir nemendur sem sóttu tíma í stöðkennslu voru með skilgreinda námsörðugleika, dyslexíu, ADHD eða málþroskaröskun. Auk nemenda með annað móðurmál en íslensku. Áhersla var lögð á lestrarþjálfun og lesskilning þessara nemenda.

Litið var á hópinn sem eina heild til að auðvelda ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemenda ef á þurfti að halda. Árganginum var skipt upp þrisvar yfir skólaárið í heimastofur og reyndist það vel til að efla bekkjaranda og samskipti nemenda.

Námsumhverfi og skipulag:

Samfélags- og náttúrugreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnispáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Valin voru saman áþekk markmið og unnið út frá þeim. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að efla samfélags-, umhverfis- og kortalæsi, þjálfu lestur fræðiritu og greina aðalatriði frá aukaatriðum og rýna hugtök sem tengjast markmiðum greinanna, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, skoða sögu okkar og þróun sem hefur verið á lýðræði og mannréttum frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig lýðræði og mannréttindum er háttað hjá nágrannalöndum okkar og í öðrum trúarbrögðum, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt vinnu sína að markmiðunum með frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl, **jafnrétti** þar sem nemendur skoðuðu þróun jafnréttis frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig staða jafnréttis er í nágrannalöndum okkar, **sjálfbærni** þar sem nemendur fengu tækifæri til að ræða sögu okkar og móta framtíðarsýn um verndun umhverfis út frá henni, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var með upplýsingar um líkamlegt atgervi, ásamt hreyfistundum.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að kynna verkefnin sín og ræða saman um lausn verkefna, tjá sig myndrænt og nota tölvu- og upplýsingatækni, spyrja spurninga og segja frá, **ábyrgð og meta eigið nám** með því að taka ábyrgð á því hvernig markmiðum skyldi ná, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** með leitaraðferðum á netinu, heimildavinnu og tölvu- og upplýsingatækni. Til að þjálfu **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfu **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum um þemu og úrlausn verkefna og þurftu að standa fyrir máli sínu og sína fram árangur í náminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Námsefni var stundum notað sem grunnefni ásamt öðru efni. Nemendum var gerð grein fyrir þeim markmiðum sem unnið var með í upphafi hvers þema. Eitt af markmiðunum var að vinnan var skapandi og tengd áhugasviðum nemenda. Þeir höfðu val um hvernig þeir vildu skila verkefnum. Kennarar lásu fyrir hópinn og notuðu umræðu- og spurnaraðferðina sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun samhliða lestrinum. Leitaraðferðir voru notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar tengd efninu og þjálfast þar með að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti t.d. með bókum af bókasafninu, leita eftir upplýsingum í kennslubókum eða af netinu. Við lok lesturs voru unnin mismunandi verkefni. Oftast voru þau unnin í samvinnu sem getur fengið nemendur til að ræða saman, dýpka skilning ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Í þema eitt var unnið með í grunnin með námsefnið Ísland – hér búum við. Unnið var með markmið sem tengdust náttúruöflum, atvinnugreinum og náttúruauðlindum Íslands ásamt því að nemendur kynntust legu landsfjórðungana, stærstu þéttbýlisstöðum, helstu ám, jöklum, fjörðum, flóum og fjöllum. Nemendur unnu ýmis verkefni í einstaklings, para og/eða hópavinnu. Þema tvö var landnám og Rómaveldi, unnið var með námsefnið frá Róm til Þingvalla. Unnið var með markmið sem tengdust sögu af fundi Íslands, nokkrum landnámsmómmum, trú og siði á Íslandi fyrir kristnitöku. Nemendur áttu líka að fræðast um nokkur kennileiti rómverska ríkisins s.s. byggingar og borgir og að geta sett sig í spor þeirra sem þurfa að hverfa frá heimili sínu.

Fengu nemendur vinnuhefti með fjölbreyttum verkefnum sem nýtt var í námsmat. Í þema þrjú var Íslams trú kynnt fyrir nemendum. Unnið var út frá markmiðinu að þekkja sögu og menningu Íslams. Nemendur horfðu á fræðslumyndband og unnu síðan verkefni út frá myndbandinu. Einnig máttu þeir sem vildu nýta sér ýmsar netsíður við verkefna vinnuna eins og trúbragðavefnn. Í þema fjögur var unnið með mörg markmið. Því var þessu þema skipt niður í minni lotur s.s. út um mela og móa, fuglar, gróðurlendi, mannlíkaminn og nýjustu tækni og vísindi. Nemendur unnu ýmis verkefni s.s. veggspjöld, rafrænar og skriflegar kynningar, myndbönd, skrifleg verkefni, heimildaverkefni. Einnig unnu nemendur nokkrar mismunandi verklegar tilraunir bæði innan hús og utan. Var stuðst við námsefni frá mms.is, Náttúrulega 1 ásamt fuglavefnum, 3D myndböndum og ýmsum öðrum myndböndum meðal annars sem finna má með bókinni Náttúrulega. Einnig var farið í ýmsar ferðir tengt þema meðal annars í Sólskóga og nærumhverfi skólans.

Sum markmið fléttuðust saman í samfélags og náttúrugreinum. Öllum nemendum gafst kostur á að nýta sér hljóðbækur í samfélags- og náttúrugreinum. Í öllum þemunum unnu nemendur fjölbreytt verkefni meðal annars hugtakakort,, KVL-kort, teiknuðu eða máluðu myndir, gerðu teiknimyndasögur, kynningar o.fl. Nemendur unnu ýmist einir eða tveir til þrír saman og leituðu upplýsinga í lesbók og á netinu. Nemendur öfluðu upplýsinga í gegnum Ipad, bækur eða úr vinnuheftinu. Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati og sjálfstæðum vinnubrögðum. Lagt var áhersla á að verkefnavinna væri skapandi og að nemendur þjálfuðustu í hinum ýmsu verkefnaskilum ásamt samvinnu og skipulagningu.. Með því var leitast við hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja og koma þannig til móts við áhuga nemenda. Auk þess gafst þeim nemendum sem voru með aðlagð námsefni tækifæri á að taka meiri þátt í verkefnavinnu í samfélags- og náttúrugreinum.

Kennsla í samfélags- og náttúrufræðigreinum gekk vel og nemendur gerðu mörg fræðandi og skemmtileg verkefni. Áhugi var á að gera hinar ýmsu tilraunir en aðbúnaður og aðstöðuleysi gerði skipulag og úrvinnslu þeirra erfitt.

Enska

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í ensku með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að

leiðarljósi. Áhersla var lögð á lesskilning, ritun, hlustun og málnotkun. Til að þjálfa **tjáningu og miðlun** æfðu nemendur sig m.a. í að spyrja hvort annað spurninga og svara hvort öðru á ensku. Nemendur æfðu sig í að **taka ábyrgð og meta eigið nám** með því að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að ná markmiðunum sem unnið var með og jafnframt var unnið með sjálfsmat og jafningjamat. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** með Ipad og notuðu þá ýmist til að finna orð og orðasambönd á snara.is og/eða Google Translate, fóru í enska námsleiki til að efla orðaforða og styrkja þætti sem unnið var með í enskri málfræði auk þess að horfa á heimildarefni til að æfa hlustun og skilning. Einnig var lögð áhersla á leitarnám þar sem nýting miðla og upplýsinga var stór hluti af námsferlinu. **Sjálfstæði og samvinna** var æfð með því að nemendur unnu ýmist sjálfstætt, í pörum eða hópum. Til að þjálfa **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum á ensku og þurftu að standa fyrir máli sínu.

Námsefnið *Yes we can 5*, lesbók, vinnubók og námsvefur, var notað sem grunnur til að vinna með markmiðin en einnig voru unnin fjölbreytt verkefni til að dýpka skilning nemenda, æfa og bæta orðaforða og málfræði. Fyrirmyndarverkefni voru notuð svo nemendur vissu til hvers var ætlast til af þeim og einnig voru markmiðin og viðmiðskvarðar sýnilegir á námsvegg.

Við teljum ensku kennsluna hafa gengið vel í vetur. Nemendur voru misvel undirbúnir fyrir enskukennslu á 5. þrepi en það tókst vel að aðlaga námsefni fyrir þá sem á því þurftu að halda, sem og fyrir þá sem voru lengra komnir. Fyrirmyndarverkefni og viðmiðskvarðar voru mikil viðbót sem skilaði sér í virkni og þátttöku nemenda. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, sjálfsmat, símat og jafningjamat í hópverkefnum.

Upplýsingatækni

Nemendur fóru í tölvustofu skólans einn tíma í viku þar sem farið var yfir notkun upplýsingatækni í ýmsum verkefnum. Kennslan var hluti af hringekju en nemendum var skipt í fjóra hópa sem skiptust á að koma í tölvustofuna. Síðan Typing.com var notuð til að þjálfa nemendur í fingrafimi, Málun var notuð til að þjálfa myndagerð, Pivot til að þjálfa stopmotion stuttmyndagerð og síðurnar code.org og scratch.mit.edu notaðar til að kenna forritun. Nemendur æfðu sig einnig í Google umhverfinu en notast var við Google Classroom við verkefnaskil, Google Docs við textagerð, Google Sheets við gagnaúrvinnslu, Google Slides við gerð glærusýninga og Google Maps við þjálfun í kortanotkun. Í lok skólaársins prófuðu svo nemendur að nota Minecraft Education í verkefnum tengdum flatarmáli og ummáli.

Stærðfræði

Skólaárinu var skipt í sex lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Grunnþáttinn **læsi** var unnið með í gegnum lestur orðadæma og fyrirmæla og vinnu með ýmis stærðfræðihugtök og tákni. Unnið var með **lýðræði og mannréttindi** með því að æfa nemendur í að vinna með mismunandi einstaklingum, skoða mismunandi leiðir til að leysa sama vandamálið og beita gagnrýnni hugsun í verkefnum. Nemendur unnu myndrænt með stærðfræðina við gagnavinnslu og í gegnum vinnu með form og þurftu að túlka ýmsar aðferðir, s.s. myndir, töflur, myndrit o.fl., og unnu þannig með **sköpun**. **Jafnrétti** var unnið með í gegnum einstaklingsmiðað námsefni sem mætti þörfum hvers nemanda. Unnið var með **heilbrigði og velferð** með því að tryggja jákvætt og þægilegt andrúmsloft í tímum, mikilvægi vinnufriðar fyrir einbeitingu og hvernig truflanir geta haft mismunandi áhrif á mismunandi einstaklinga.

Lykilhæfni var höfð að leiðarljósi við skipulagningu stærðfræðinnar. **Tjáning og miðlun** var þjálfuð með því að nemendur æfðu sig í að ræða saman um stærðfræðina og hjálpast að og unnu einnig með miðlun stærðfræði og talnagagna í gegnum töflur, myndrit og fleira bæði með og án aðstoðar upplýsingatækni. Með vikulegum áætlun æfðust nemendur í að **taka ábyrgð og meta eigið nám** en þeir þurftu að skipuleggja tímann sinn og fengu aðstoð við að gera sér viðmið um hvað þeir þyrftu að klára í hverjum tíma. Einnig fengu nemendur val um hvort þeir vildu taka á sig aukaverkefni til að bæta árangur sinn í lok skólaársins. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með því að kynnast mismunandi formum talnagagna og birtingarforma talnalegra upplýsinga og túlka þær, bæði á prentuðu formi og stafrænu. Til að æfa **sjálfstæði og samvinnu** hjá nemendum voru þeir hvattir til að vinna saman að lausnum en einnig að skila inn verkefnum einstaklingslega. **Skapandi og gagnrýnin hugsun** var æfð með því að virkja nemendur í samræðum um stærðfræðina, fá þá til að hugsa um hvernig þeir geta fundið lausnir og af hverju þeir svara spurningum eins og þeir gera, hvaða upplýsingar er verið að biðja um og er svarið að gefa þær.

Í fyrstu lotu var farið yfir hvernig við lesum tímasetningar, neikvæðar tölur, sætiskerfið og hvernig við tökum til láns og geymum við útreikninga í samlagningu og frádrætti. Í annarri lotu var unnið með kannanir, miðgildi og tíðasta gildi auk þess sem farið var í tugabrot, námundun og hvernig á að finna óþekktar stærðir. Í þriðju lotu lærðu nemendur að nota gráðuboga, finna stærðir horna út frá þekktum hornasummum og hvernig við speglum, hliðrum og snúum myndum. Í fjórðu lotu var unnið með metrakerfið og lærðu nemendur að finna ummál og flatarmál einfaldra forma. Í fimmtu lotu var farið yfir almenn brot og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur. Í sjöttu lotu lærðu nemendur að finna mynstur í bæði myndum og tölum.

Stíka 1a og 1b voru nýttar sem grunnnámssefni í stærðfræði ásamt æfingaheftum og aukaefni sem tengjast þeim. Einnig voru útbúin hefti sem notuð voru sérstaklega í upprifjun og endurinnlögnum. Nemendur fengu einnig að nýta sér ýmsar vefsíður í tengslum við stærðfræðinámið (s.s. coolmathgames.com) og stærðfræðin var líka samþætt við upplýsingatæknina, þá sérstaklega í tengslum við upplýsingasöfnun, gagnavinnslu og birtingu gagna. Einnig var farið í forritun í tengslum við upplýsingatæknina og þar nýttar síður eins og code.org og scratch.mit.edu.

Nemendur skiluðu flestum verkefnum sem einstaklingar en voru hvattir til að vinna saman að lausnum og hjálpa hvor öðrum eftir þörfum. Þeir voru margir að venjast því að setja upp dæmi og reikna í reikningsbækur en sumir fengu útprentaða kafla til að minnka tíma og orku sem fór í uppsetningu ef þeir áttu í miklum erfiðleikum með að fylgja áætlun. Áætlanir voru einnig breytilegar eftir því hvernig nemendum gekk að klára, sumir fengu styttrar áætlanir á meðan aðrir fengu aukaefni til að dýpka skilning sinn á viðfangsefnum. Hver áætlun hafði skilgreind aukadæmi sem nemendur voru ekki skyldugir til að klára en voru þá gerð ef nemandi kláraði hefðbundna áætlun. Í lok hvers kafla fóru nemendur í könnun þar sem lagt var mat á skilning þeirra á viðfangsefnum kaflans. Ef nemendum virtust ekki hafa náð þeirri hæfni sem lögð voru sem markmið hvers kafla var reynt að fá þá í endurinnlögn og lagt fyrir þá aukaefni og endurmat. Einnig fóru seinustu vikur skólaársins að miklu leyti í upprifjun, endurinnlagnir og endurmat á þeim markmiðum sem nemendur gátu bætt sig í.

Í upphafi hvernar viku var innlögn á viðfangsefnum vikunnar og í kjölfar hennar byrjuðu nemendur á áætlun. Innlögn var í flestum tilfellum bein kennsla frá kennara á töflu eða þá sameiginlegri vinnu alls hópsins á völdum dæmum. Ef áætlun var ekki lokið undir lok vikunnar var farið með bækurnar heim og nemendur beðnir um að klára yfir helgi það sem eftir stóð. Ef nemendur voru í sífelldum

vandræðum með að klára áætlanir var reynt að aðstoða þá með því að stytta áætlanir og/eða aðstoða þá við að búta áætlanirnar niður og fara þá oftast með bækurnar heim.

Stærðfræðikennslan gekk almennt vel þetta skólaárið. Í gegnum endurinnlagnir og endurmat var augljóst að nemendur voru að bæta sig og æfast í þeim vinnubrögðum sem þeir eiga að temja sér. Við lok skólaársins voru nemendur farnir að venjast því að vinna með vikuáætlanir og voru margir sjálfir farnir að hugsa um að taka bækur heim þegar þeim þótti þörf á því. Bekkurinn var almennt áhugasamur í stærðfræði og margir grípa í stærðfræðibækurnar við hvert tækifæri.

Íslenska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu og unnið var út frá grunnþáttum menntunar. **Læsi** þar sem áhersla var á að nemendur næðu góðum leshraða, gætu lesið af öryggi og með góðum skilningi ásamt málnotkun og merkingu orða til að efla orðaforða. **Lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun við lestur fjölbreyttra texta og lýðræðisleg vinnubrögð. **Sjálfbærni** þar sem nemendur tókust á við ólík ályktamál og fjölbreytta gæðatexta. **Jafnrétti** þar sem nemendum var gert ljóst að allir eigi jafnan rétt til náms og að sýna eigi umburðarlyndi gagnvart mismunandi getu og framförum. **Sköpun** sem fólst í að þjálfu og nýta sér ólíka námstækni til að kynna og setja fram verkefni á fjölbreyttan hátt. Í því fólst m.a. að nýta sér tjáningu og framsögn, semja sögur og ljóð og ritun sem ýmist var unnin frá eigin brjósti eða meðfram markmiðum í öðrum námsgreinum. Nemendur unnu ýmist einir, í pörum eða 3-4 manna hópum. Námsmat var fjölbreytt en áhersla lögð á leiðsagnar- og símat þar sem nemendur fengu skriflega og/eða munnlega endurgjöf. Til að vinna með námsmarkmiðin á 5. þrepi var Orðspor 1 notað sem grunnefni. Þar kynntust nemendur íslenskri málnotkun, lestrar- og námstækni til að efla framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestur auk þess sem þau fengu að grúska og grafa upp ýmsan fróðleik. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning jafnt og þétt allan veturinn. Heimalestri átti að sinna a.m.k. fimm sinnum í viku, skrá heimalesturinn og skila til umsjónarkennara mánaðarlega yfir allt skólaárið. Yndislestur var á hverjum degi í 20 mínútur og einnig lásu nemendur upphátt fyrir kennara 2-3 sinnum í viku. Lesfímipróf voru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið þar sem leshraði var mældur. Þeir nemendur sem ekki náðu lestrarviðmiðum fengu auka þjálfun hjá stoðkennara í lestrarhóp. Þar að auki var lagt fyrir orðleysu- og nefnuhraðapróf fyrir allan hópinn í september og síðan aftur í janúar fyrir þá sem þess þurftu. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í nóvember og apríl. Aston Index stafsetningarprófið var lagt fyrir í október og apríl. Kennsluaðferðin PALS var kennd í tíu vikur á vorönn með góðum árangri og var lesturinn samþættur við bókmenntir og námsgreinar þar sem námsbækur voru m.a. nýttar sem lesefni.

Lestur og lesskilningur: Unnið var með lestur og lesskilning út frá lykilhæfni og námsmarkmiðum og áhersla lögð á samþættingu við aðrar námsgreinar. Unnið var með **tjáningu og miðlun** út frá því að nemendur hlustuðu á lestur annarra og lásu fyrir aðra, tóku þátt í samræðum um lesinn texta, spurðu spurninga og íhuguðu innihald texta. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** með því að æfa sig í sjálfsmati og jafningjamati. **Nýting miðla og upplýsinga** var þjálfuð með samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar auk tölvu- og upplýsingamennt ásamt því að tölvutækni var nýtt til að hlusta á og/eða lesa texta og svara spurningum sem skilað var inn á Google Classroom. Nemendur unnu sjálfstætt, í pörum og minni hópum til að þjálfu **sjálfstæði og samvinnu**. Til að þjálfu **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í að standa fyrir máli sínu, leggja mat á og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt. Lögð var áhersla á að nemendur tileinkuðu sér gagnvirkan lestur og að fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir

lesskilningsverkefna.

Námsbókin *Fyrsti Smellur* ásamt *Orðspori 1* voru notaðar sem grunnur til að þjálfar nemendur í að nýta athyglisgáfu sína við að lesa fjölbreytta og ólíka texta, draga ályktanir, túlka, skynja og safna saman upplýsingum, leggja mat á lestrarefnið og tengja við eigin reynsluheim auk þess að móta eigin skoðanir og nýta til að auka við þekkingu sína og hæfni. Lögð var áhersla á sameiginlega innlögningu fyrir allan hópinn þar sem kennarinn las upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt. Nemendur sem þörfuðust frekari þjálfunar í lesskilningi skv. niðurstöðum Orðarúnar, unnu í minni námshóp þar sem unnið var nánar með lykilorð, orð og orðasambönd.

Framsögn, ritun og ljóð: Unnið var með námsmarkmið í framsögn, ritun og ljóðum á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að koma fram og segja frá, lesa upp ritunarverkefni og ýmsar tegundir texta. Dagur læsis var 8. september og þá var áhersla lögð á vinnu með ljóð. Nemendur æfðu sig í að semja ljóð út frá eigin tilfinningum og reynslu. Nemendur tjáðu sig munnlega, myndrænt, skriflega og á stafrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni. Nemendur æfðu sig í að **taka ábyrgð og meta eigið nám** með því að skoða fyrirmæli og hvað þeir ættu að gera, setja sér viðmið, skoða hvernig til tókst og leggja mat á eigin vinnu. Nemendur þjálfuðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** með því að vinna í tölvum og Ipad, búa til skjöl, glærur og myndrænar framsetningar í google umhverfinu. Til að þjálfar **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur sjálfstætt, í pörum og í hópum. Til að þjálfar **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í samræðum og rökræðum, þurftu að færa rök fyrir máli sínu og gagnrýna eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt.

Námsefnið *Orðspor 1* var nýtt að hluta til sem grunnnáms efni en mest var unnið út frá áhugasviði nemenda og samþættingu. Í ritun var t.a.m. unnið samhliða málfræði þar sem nemendur æfðu sig í nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum. Fjölbreytni var höfð að leiðarljósi þegar kom að kennslu ritunar. Nemendur fengu að kynna uppbyggingu texta, persónusköpun, upplýsandi ritun, frjálstri ritun, ritun í tengslum við lesskilning og ritun í tengslum við þemu. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn til að vinna betur með ritunarverkefni sín og var lögð áhersla á hugarfar vaxtar til að efla og styrkja þrautseigju nemenda.

Málfræði og stafsetning: Unnið var með markmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að taka virkan þátt í samræðum um málfræði og æfðu sig í að **taka ábyrgð og meta eigið nám** með því að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að ná markmiðunum sem unnið var með og að lokum að sýna fram á að markmiðunum væri náð. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** með því að nota íslenska orðabók Árnastofnunar og snara.is m.a. til að staðfesta að þeir væru að gera rétt og einnig unnu þeir gagnvirkar stafsetningaræfingar á námsvefjum til að þjálfar sig í notkun stafsetningarreglna. Til að þjálfar **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Til að þjálfar **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum um málfræði og stafsetningu og þurftu m.a. að færa rök fyrir máli sínu.

Námsefnið *Orðspor 1* var notað sem grunnur að ýmsum málfræði- og stafsetningar markmiðum en einnig voru málfræði- og stafsetningarreglur kynntar fyrir nemendum í innlögnum og æfðu sig síðan í notkun þeirra í sjálfstæðri vinnu, málfræðiheftum sem voru útbúin út frá málfræðimarkmiðum og ritunarverkefnum. Nemendur þurftu að sýna fram á þekkingu sína og leikni og jafnframt að meta hæfni sína.

Við teljum að íslenskukennslan hafi gengið vel í vetur. Við lögðum aukna áherslu á lestur og lesskilning og nýttum okkur m.a. Google Classroom til að halda utan um lesskilningsverkefni og framvindu nemenda. Ritunarverkefni voru unnin í stílabækur en við teljum að auðveldara hefði verið að veita reglulega endurgjöf og utanumhald ef hægt hefði verið að vinna þau meira á tölvur í Google umhverfinu. Málfræðikennslan gekk vel og var lögð áhersla á markmiðin okkar en ekki blaðsíðutal í námsbókum. Málfræði- og stafsetningarkennslan var mikið nýtt í ritunarverkefnum þar sem áhugasvið nemenda og sköpunargleði fékk að ráða för. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat og sjálfsmat.

Uppbygging sjálfsga / lífsleikni

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í lífsleikni með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Haustið hófst á vinnu þar sem Uppbyggingarstefnan og lífsleiknimarkmið vetrarins voru tekin fyrir. Þar sem við vorum með nýja nemendur í bekknum var byrjað á því að kynna **Uppbyggingarstefnuna** fyrir þeim og rifjuð upp með hinum. Talað var almennt um Uppbyggingarstefnuna og hvernig hún virkar. Farið var yfir **þarfirnar** og unnin var þarfagreining með nemendum þar sem hver og einn greindi sína þörf og nemendur unnu síðan nánar með hana. Hver og einn gerði tákni fyrir sína þörf og voru síðan táknið hengd upp á vegg í heimastofum nemenda svo hægt væri að sjá sterkustu þarfir bekkjarfélaga. Í upphafi haustsins var byrjað að undirbúa vinnu með **bekkjarsáttmálann**. Samræður voru teknar með nemendum um hvað einkennir góða skólamenningu og hvað þurfi til að okkur líði vel í skólanum, hvernig við viljum að aðrir komi fram við okkur og hvernig við viljum koma fram við aðra. Þar sem nemendur voru í þremur heimastofum vann hver og ein heimastofa saman og voru síðan punktarnir frá öllum þremur stofunum teknar saman. Að lokum kynntu umsjónarkennarar niðurstöður úr öllum þremur heimastofunum og var það í höndum nemenda að ákveða þau atriði sem yrðu á bekkjarsáttmálanum og var það gert með lýðræðislegri kosningu nemenda. Bekkjarsáttmálinn sjálfur var síðan útbúinn í framhaldinu. Því næst var unnið með **Y-spjöld** og **T-spjöld** þar sem farið var yfir skýr mörk, jákvæð hugtök og gildi voru tilgreind og einnig skilgreiningar á neikvæðum og óáskilegum hugtökum. Einnig var farið í **mitt og þitt hlutverk** þar sem nemendur fóru í að greina hlutverk kennara, nemenda og annars starfsfólks skólans. Í framhaldi af þessari vinnu var farið í **Lífsvagninn** til að styrkja jákvæð samskipti og þær leiðir sem nemendur geta valið í samskiptum við aðra.

Í haust hófst strax mikil og markviss vinnu með samskipti bekkjarins og í október hófum við 10 vikna vinnu með **námsefnið Krakkaspjall** sem er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað nemendum á yngsta- og miðstigi í grunnskóla. Markmið Krakkaspjalls var að þjálfva nemendur í samræðum og byggja upp hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Líkt og á almennum bekkjarfundum gilda ákveðnar reglur þar sem virðing, trúnaður og traust eru í hávegum höfð. Nemendur tjáðu sig ýmist munnlega, skriflega eða með leikþætti. Eftir hvern fund fengu nemendur heimaverkefni sem þeir unnu með foreldrum og skiluðu síðan til umsjónarkennara. Með þessu gafst foreldrum tækifæri til þess að fylgjast með þeim viðfangsefnum sem tekin voru fyrir í skólanum. Nemendur og starfsfólk fann fyrir árangri af þessari vinnu en halda þarf áfram næsta haust.

Bekkarfundir voru vikulega og var þeim ýmist stýrt af kennurum eða málefni tekin fyrir sem nemendur höfðu óskað eftir að ræða. Verkfæri Uppbyggingarstefnunnar voru nýtt á bekkjarfundum og til lausnaleyta, sem og **eineltishringurinn** þar sem nemendur settu sig m.a. í spor annarra og skoðuðu viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum.

Það var lagt mikla vinnu í lífsleikni á skólaárinu. Það fór mikill tími í vinnu með samskipti nemenda sem við töldum nauðsynlegt og að ágætlega hafi tekist til. Krakkaspjallið kom þar að góðum notum og reyndist vel.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagarnir voru tveir. Í byrjun september var haustútivistardagur þar sem miðstigið hjólað upp á Hamra. Við fengum gott veður og nemendur og starfsfólk skemmtu sér saman í leikjum og þrautabrautinni. Ferðin gekk vel þó svo það hafi reynt einhverjum erfitt að hjóla á áfangastað. 5. mars var síðan seinni útivistardagurinn og þá fór miðstigið ásamt unglíngastiginu upp í Hlíðarfjall þar sem nemendur og starfsfólk renndu sér á skíðum, snjóbrettum, sleðum og/eða þoturössum. Skipulagið í kringum skíðaferðina gekk vel. Póstur var sendur til foreldra og gátu þeir sem vildu fengið lánaðan skíðabúnað hjá skíðaleigunni í Hlíðarfjalli. Kennarar fylltu síðan inn í Google skjal upplýsingar og héldu þannig utan um skráningar á skíðabúnaðinum.

Árshátíð Brekkuskóla var haldin þann 23. nóvember og ákváðu kennarar 5. bekkjar að vera með leikritið um Glókoll. Atriðið reyndist henta vel til að samþætta við markmið í stærðfræði þar sem margföldunartaflan var þulin upp í leikritinu. Einnig var lögð áhersla á samvinnu nemenda og þrautseigju. Undirbúningur gekk vel og hjálpuðust nemendur, foreldrar og kennarar að við að finna búninga og leikmuni.

Litlu jólin voru haldin 20. desember. Þá hittust nemendur og kennarar í heimastofum. Lesin var jólasaga í rólegheitum inni í stofu áður en farið var inn á sal og dansað í kringum jólatréð við undirleik hljómsveitarinnar Brekkubræður. Nemendur fengu síðan heitt kakó, mandarínur og piparkökur áður en þeir fóru í jólafrí. Dagurinn einkenndist af notalegri samveru og hátíðarbrag.

Í október voru 5. og 6. bekkur með sameiginlegt **hrekjavökupema**. Unnið var á stöðvum á ganginum og þemavinnan samþætt við íslensku, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Það var mikið föndrað og gangurinn skreyttur auk þess sem gerðar voru hurðaskreytingar. Í desember unnu þau síðan aftur saman að **jólaþema**. Þá var sama föndrið föndrað 4., 5. og 6. bekk. Nemendum í 5. og 6. bekk var skipt í hópa þvert á árganga og fóru nemendur á þrjár stöðvar. Föndrað var jólahús, snjókarl, snjókorn og jólakort. Jólaþemanu lauk með áhorfi á jólamynd. Þar að auki vann 5. bekkur með ljóð og fullveldi samhliða jólaþemanu ásamt öllum skólanum.

Þemadagar í Brekkuskóla voru 2.-3. maí og vann skólinn með kvikmyndir. Yngsta- og miðstig unnu saman með kvikmyndirnar Harry Potter og Að temja drekann sinn. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í blandaða hópa og síðan var stöðvarvinna þar sem búnar voru til myndasögur, föndrað og búnar til skreytingar á gangana og einnig átti sér stað leitarnám þar sem nemendur kynntu sér leikara og hvað þurfi til til að kvikmynd verði til. Í lokin völdu nemendur sér hvora kvikmyndina þau vildu horfa á og fóru í „kvikmyndarhús“ sem útbúin voru í kennslustofum (og einnig inni á sal).

Á hverju ári bíður UFA nemendum í 5. bekk á Akureyri á **frjálsíþróttamót** og fór það fram í Boganum 15. maí. Við hjóluðum í Bogann og tóku nemendur þátt í hinum ýmsu frjálsíþróttagreinum, s.s. hlaupi, boðhlaupi, langstökki og reipitogi. Mikil samheldni var meðal nemenda þar sem þau hvöttu hvort annað og lögðu hart að sér til að safna stigum.

Vorhátíð Brekkuskóla var haldin 3. júní. Þá mættu nemendur í heimastofu kl. 09:00 og fóru síðan á stöðvar í útileiki á skólalóð. Eftir útileikina fóru nemendur í heimastofu og áttu þar skemmtilega stund við leik þangað til farið var í grill þar sem allir fengu grillaðar pylsur.

Samvinnan við 6. bekk gekk mjög vel. Við vorum með samráðsfundi einu sinni í viku sem við nýttum til skipulags og við teljum þetta hafa verið jákvætt til að efla skólabrag og samvinnu nemenda.

Þegar horft er til þemadaganna mætti huga betur að vali á þema miðað við getu og þrautseigju nemenda ef vinna á þvert á árganga eða stig. Einnig mætti hefja undirbúning á þemadögum fyrr þar sem okkur fannst bera talsvert á tímaskorti til undirbúnings og skipulags þegar unnið er þvert á árganga.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni voru til að mynda í ensku og fólust líka í því að nemendur höfðu val um hvernig þeir skiluðu af sér verkefnum, s.s. glærusýningar, veggspjöld og fleira.

Upplýsingatækni

Nemendur fóru í tölvustofu skólans einn tíma í viku þar sem farið var yfir notkun upplýsingatækni í ýmsum verkefnum. Kennslan var hluti af hringekju en nemendum var skipt í fjóra hópa sem skiptust á að koma í tölvustofuna. Síðan Typing.com var notuð til að þjálfar nemendur í fingrafimi, Málun var notuð til að þjálfar myndagerð, Pivot til að þjálfar stopmotion stuttmyndagerð og síðurnar code.org og scratch.mit.edu notaðar til að kenna forritun. Nemendur æfðu sig einnig í Google umhverfinu en notast var við Google Classroom við verkefnaskil, Google Docs við textagerð, Google Sheets við gagnaúrvinnslu, Google Slides við gerð glærusýninga og Google Maps við þjálfun í kortanotkun. Í lok skólaársins prófuðu svo nemendur að nota Minecraft Education í verkefnum tengdum flatarmáli og ummáli.

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Unnið var með Barnasáttmálann og ákvað 5. bekkur að taka réttindi barna sérstaklega fyrir. Tjáning og miðlun fékk að njóta sín í þessu verkefni þar sem nemendur þurftu að velja fyrir sér spurningunum: Hvað er að bera virðingu fyrir skoðunum barna? Og einnig: Hvað er ekki að bera virðingu fyrir skoðunum barna? Svör nemenda voru tekin saman, unnið með þau og sameinuð á veggspjald sem hengt var upp á vegg. Jákvætt var að nemendur fengu að velja sér viðfangsefni en á sama tíma mátti gefa verkefninu meiri tíma til að fara dýpra í efnisþætti.

Vettvangsferðir

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu. Í apríl fór árgangurinn í heimsókn á Listasafn Akureyrar þar sem þau fengu að skoða sýningu þar sem hringir voru þema sýningarinnar. Hópnum var skipt í þrennt og fór hver hópur ásamt tveimur kennurum á safnið. Þar fengu þau leiðsögn um safnið ásamt fræðslu og að lokum fengu þau að leika sér með sólkerfisspil sem var hluti af sýningunni.

Í maí fóru nemendur ásamt kennurum á Klappir, æfingasvæði Golfklúbbs Akureyrar, þar sem þau fengu fræðslu og leiðsögn um golf og síðan var hópnum skipt upp í 3-4 manna hópa sem fengu að skiptast á að prófa. Hópurinn hjólaði saman á áfangastað og á leiðinni heim var komið við í Lystigarðinum þar sem nestið var borðað og síðan var farið upp á túnið fyrir ofan í hópeflisleiki.

Í lok maí var farið í Sólskóga þar sem nemendur fengu leiðsögn og fræðslu um skógræktina og var vettvangsferðin samþætting við markmið sem unnið var með í náttúrufræði. Nemendur hjóluðu ásamt kennurum í Kjarnaskóg þar sem þeim var skipt upp í fimm hópa. Einn kennari fór svo með hvern hóp í Sólskóga á meðan tveir kennarar voru með aðra nemendur á leiksvæðinu í Kjarna.

Vettvangsferðirnar voru skemmtilegar og mikilvægur þáttur í því að efla samheldni hópsins,

bekkjaranda, sköpunar- og leikgleði. Vettvangsferðin á Listasafn Akureyrar vakti mikinn áhuga nemenda og fékk þá til að ígrunda hvernig hægt er að vinna með form á fjölbreyttan hátt ásamt því hvernig náttúran og nærumhverfi geta veitt innblástur til sköpunar. Golf ferðin reyndi á samvinnu nemenda sem gekk vel og var mikilvægur liður í að efla bekkjarandann. Ferðin í Kjarnaskóg og Sólskóga var skemmtileg og fræðandi.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur, saman í pörum og almennt reyndi á samskipti í mörgum þeim verkefnum sem lögð voru fyrir. Nemendur voru þjálfaðir í því að nýta sér námsfélaga í gegnum allt skólaárið og ætlast til þess að sætisfélagar aðstoði hvorn annan og að nemendur spyrji fyrst sætisfélaga áður en reynt var að fá aðstoð kennara. Nemendur skiptu um borð reglulega og einnig var heimastofum breytt til þess að nemendur myndu læra að vinna með hverjum sem er. Nemendur æfðust einnig í samvinnu í gegnum PALS og hópaverkefni tengd þemavinnu.

Stuðlað var að því að efla hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Einnig að hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum, m.a. á Skólapingi.

Samvinna við aðra

Vinabekkir náðu ekki að hittast á þessu skólaári vegna erfiðleika í að finna sameiginlega tíma í stundartöflu og svo frestun Brekkuskólaleikanna. Nemendur unnu þemavinnu með 6. bekk í tengslum við hrekkjavökuna og 4.-6. bekk í jólaföndri. Þá var einnig samvinna með 1. – 6. bekk á þemadögum að vori þar sem unnið var með kvikmyndirnar Harry Potter og Að temja drekann sinn. Í vorferð í Kjarna var samið við gróðrarstöðina Sólskóga um að leyfa nemendum að skoða aðstöðu þeirra við skógarplöntuframleiðslu sem var þá hluti af þemavinnu þeirra um tré og plöntur. Samvinna við aðra er alltaf veigamikill og skemmtilegur hluti af skólastarfinu og mætti vera stærri partur af því.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs voru foreldrar hvattir til að skipuleggja allavegana þrjá hittinga yfir skólaárið fyrir nemendur og foreldrum var skipt niður í þrjá hópa. Vikulegir póstar voru sendir til foreldra á hverjum föstudegi þar sem farið var yfir helstu atburði og viðfangsefni vikunnar og einnig sagt frá hvað væri fram undan í kennslunni. Einnig var haft samband við einstaka foreldra eftir þörfum. Forritið Class Dojo var notað til að gera nemendum kleift að senda myndir og myndbönd af völdum verkefnum í gegnum skólaárið. Foreldrasamtöl voru skipulögð tvisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn. Fyrri samtalið var í upphafi skólaársins og var farið yfir með nemendum og foreldrum hvað væri fram undan í skólanum, markmið skoðuð og rætt um skipulag kennslunnar. Seinna samtalið var nemendastýrt og undirbjuggu nemendur sig fyrir fram með verkefnum þar sem þeir völdu sér markmið til að taka fyrir og skrifuðu um námslega stöðu sína. Þeir höfðu svo þessi verkefni í samtalinu og stýrðu samtalinu. Umsjónarkennari aðstoði svo nemendur í gegnum samtalið þegar við átti. Milli þessara viðtala voru svo nemendaviðtöl, þar sem kennarar ræddu einstaklingslega við hvern nemenda. Af þeim loknum voru niðurstöður teknar saman og haft samband heim. Foreldrar mættu svo í skólann á tvo fundi í tengslum við 1-3-5-8 verkefnið. Annar fundurinn var með umsjónarkennara þar sem foreldrar gátu rætt um skólastarfið og líðan nemenda og svo annar þar sem foreldrar fengu frekar tækifæri til að ræða sín á milli og þá hugsað til að þjappa hópnum aðeins saman.

Grenndarkennsla

Bæði Listigarðurinn og túnið við Menntaskólann á Akureyri auk lóðar Brekkuskóla var nýtt í kennslu. Nemendur æfðu sig í að umgangast Listigarðinn og svæðin voru nýtt í ýmsa náms- og hópeflisleiki. Þessi svæði voru nýtt í uppbrot frá venjulegri kennslu þegar veður leyfði. Að vori var farið í göngutúr um innbæinn þar sem farið var yfir með nemendum heiti og sögu ýmissa húsa, kennileita og göngustíga. Grenndarkennsla var stór þáttur í námi nemenda.

6. bekkur**Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:**

Í vetur voru nemendur alls 46 talsins, 26 drengir og 20 stúlkur. Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, báðir 100% starfshlutfalli, einn stoðkennari sem var í 84,6% starfshlutfalli og sinni stoðkennslu og almennri kennslu bæði í 5. og 6. bekk og einn stuðningsfulltrúi sem skiptist á milli 4. bekkjar og 6. bekkjar.

Námsumhverfi og skipulag:

Umsjónarkennarar og stoðkennari komu að skipulagi þeirra 10 nemenda sem voru í minni námshópum hjá stoðkennara þegar við átti. Af þessum 10 nemendum var einn nemandi sem var með tíu fasta tíma í lestrarþjálfun, lögð var áhersla á að þessi nemandi lærði m.a. bókstafina og hljóðin þeirra auk þess að þjálfast lestur og lesskilning. Allir kennarar í 6. bekk unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Umsjónarkennarar og stoðkennari hittust í lok hvers dags og fóru yfir daginn.

Í vetur var einn nemandi með einstaklingsnámskrá sem var gerð í september og endurmetin í janúar og ný námsmarkmið sett inn í einstaklingsnámskrána. Einstaklingnámskrá og endurmat voru settar í námsmöppu nemanda á Mentor. Aðrir nemendur sem þurftu námslega aðstoð fengu aðstoð stuðningsfulltrúa sem skipti sér á milli nemenda. Þrír nemendur í árganginum unnu allt námsefni í gegnum tölvu sem hjálpaði þeim mikið í sinni daglegri vinnu í skólanum. Þeir nemendur sem fóru í minni námshópa eða fengu aðstoð stuðningsfulltrúa voru með skilgreinda námsörðugleika t.d. dyslexíu, einhverfu, ADHD eða málþroskaröskun. Auk nemenda með annað móðurmál en íslensku. Litið var á hópinn sem eina heild, þetta auðvelldaði kennurum að taka ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemenda ef á þurfti að halda sem varð til þess að álagið dreifðist. Félagsfærnisögur voru gerðar og notaðar fyrir einstaka nemendur sem einnig voru sendar heim til foreldra. Vikulegir samráðsfundir voru með stoðkennara og kennurum 5. bekkjar þar sem rætt voru skipulögð þemaverkefni t.d. fyrir jólin, páska og fleira sem teymin unnu síðan saman stundum þvert á árganga.

Leitast var eftir því að innleiða leiðsagnarnám í kennslu og námsmati. Þegar byrjað var á nýjum námsþætti voru markmið kynnt nemendum og þau hengd upp á fellihurð í miðju stofunni ásamt ýmsum amboðum sem gátu stutt nemendur í að ná markmiðunum. Hver námsgrein á sinn lit og voru markmið hvorrar greinar í þeim lit. Þegar búið að var að vinna með hvert markmið var það fært ásamt tilheyrandi amboðum yfir á námsveggi sem voru settir upp víðsvegar um stofurnar. Nemendur gátu þá rölt á milli veggja og rifjað upp markmið og skoðað amboð ef þeim þótti þurfa. Þetta nýttu nemendur sér t.d. fyrir nemandastýrðu samtölin. Reynt var að hafa markmiðin alltaf sýnileg í öllum

verkefnum og námsmötum sem nemendur unnu t.d. efst á blaði eða í áætlunum. Eins voru kennarar duglegir að minna á hvaða markmið verið var að vinna með hverju sinni og einnig að fá nemendur til að finna leiðir til að ná markmiðum. Umsjónakennarar nýttu munnlegt mat og leiðbeindu nemendum jafn óðum út frá þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni, þannig fengu nemendur tækifæri til að bæta sig um afraksturinn um leið. Nemendum 6. bekkjar var skipt upp í þrjá kynjaskipta sundhópa og fjóra blandaða hópa í list- og verkgreinum. Skák var á sýnum stað og fengu nemendur að velja hvort þeir vildu taka þátt í skákkennslu og valdi um helmingur hópsins að tefla í 40 mínútur á viku. Nokkrir nemendur í árganginum tóku upp á eigin spýtur að biðja um heimilisfræði kennslu og var hlustað á ósk þeirra og fengu nemendur í 6. bekk kennslu í heimilisfræði í 8 skipti, fjögur skipti fyrir áramót og fjögur skipti eftir áramót.

Íslenska

Lögð var áhersla á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Nemendur unnu verkefni einir, í pörum, litlum og/eða stærri hópum. Námsmat var fjölbreytt og áhersla lögð á leiðsagnar- og símat s.s. munnlegar umsagnir, stuttar kannanir, skrifleg verkefni og hópverkefni. Skriflegt próf var unnið út frá markmiðum vetrarins og lagt fyrir nemendur í maí. Orðspor 2 var grunnefni þar fengu nemendur að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta ásamt því að æfast í framsögn, tjáningu, ljóðagerð, ritun, hlustun og lestri. Málrækt 2 var unnin samhliða Orðspori 2 ásamt fleiri ítarefnum. Áhersla var lögð á lestur allan veturinn, námsbókin Annar Smellur var notuð sem grunnefni ásamt Orðspori 2. Hlutverk námsefnisins er að hjálpa nemendum að auka færni sína til að tjá sig bæði munnlega og skriflega, auka við orðaforða þeirra og kenna þeim að lesa á milli lína, að þjálfra lesskilning, lesa í aðstæður, að tjá sig á margvíslegan hátt, vera gagnrýnin á uppbyggilegan máta og margt fleira. Lögð var áhersla á að nemendur væru samhliða í námsefninu til að hægt væri að hafa sameiginlega innlögn fyrir allan hópinn. Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku og skrá heimalesturinn sem var skilað til kennara í hverri viku og í lok hvers mánaðar var skráð inn á Mentor hvernig gekk að sinna heimalestri. Yndislestur var í byrjun hvers dags í 20 mínútur í senn, þeir nemendur sem ekki náðu lágmarks lestrarviðmiðum lásu 2-3 sinnum í viku fyrir kennara. Lagt var fyrir nemendur lesfimiþróf þrisvar yfir veturinn þar sem leshraði var mældur ásamt orðleysu- og nefnuhraðaprófi. Eftir áramót var farið í lestraraðferðina PALS sem kennt var í tólf vikur. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í apríl ásamt Aston Index.

Kennarar lásu upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt auk þess sem nafnspýtur voru notaðar í lestur og kennslu. Nemendur unnu mikið með ritun allan veturinn þar sem unnin voru margskonar ritunarverkefni s.s. hvernig á að byggja upp mismunandi texta, ljóð, persónusköpun, upplýsandi ritun, sannfærandi ritun, smásögugerð, frjálsa ritun og ritun í tengslum við þemu. Ritunin var stundum samtvinnuð við upplýsingamennt til að þjálfra fingrasetningu. Ritunarverkefnum var skilað á ýmsum rafrænum formum í Google umhverfinu s.s. skjöl og glærur og myndrænar framsetningar eins og teiknimyndasögur. Nemendur æfðu sig að leita upplýsinga um stafsetningarreglur ásamt því að staðfesta að þeir væru að gera rétt með t.d. íslenskri orðabók Árnastofnunnar. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn fyrir ritunarverkefni sín ásamt því að fá leiðbeiningar jafnóðum og ritun fór fram. Unnið var með námsmarkmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt og samþtt samfélags- og náttúrugreinum. Skriflegt próf var unnið út frá málfræði markmiðum vetrarins og lagt fyrir nemendur í maí. Unnið var með námsmarkmiðin í lestri- og lesskilningi á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur

Þjálfuðu sig í að hlusta á lestur annarra og lesa fyrir aðra, taka þátt í samræðum um lesin texta, spyrja spurninga við lestur og íhuga innihald texta. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám í formi sjálfsmats spurninga þar sem þeir mátu t.d. hvernig þeir nýttu tímann sinn í yndislestri. Nemendur tóku þátt í rökræðum, æfðu sig í að standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að tileinka sér gagnvirkan lestur og fást við aðferðir leitarnáms við úrlausn lesskilningsverkefna.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í átta lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í pörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu tóku nemendur kaflapróf og markmiðin metin. Þeir nemendur sem ekki náðu 80% markmiða á hverju prófi fengu endurinnlögn á námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu auka verkefni í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út, bæði í skólanum og heim. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Stika 2a og Stika 2b voru nýttar sem grunn námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Í fyrstu lotu var unnið með að kunna að nota grunnaðferðirnar fjórar (+, -,x /), að deila með 100, að geta nýtt færni sína við lausn orðadæma og að lokum að margfalda með 100. Í lotu tvö var unnið með að þekkja hlutfall og geta fundið hluta af heild ásamt því að geta nýtt færni sína við lausn orðadæma. Í þriðju lotu var unnið með geta lagt saman og dregið frá tugabrotum. Í fjórðu var unnið með að þekkja stærð horna, geta unnið með ummál og flatarmál marghyrninga og vinna með hornasummu. Í lotu fimm var unnið með að þekkja rúmmál, að geta sett tölustaf í stað bókstaf, þekkja metrakerfið og geta breytt úr einni mælieiningu í aðra. Í lotu sex var unnið með almenn brot, að geta lagt saman og dregið frá almennum brotum, geta reiknað 1%, 5%, 10%, 20%, 25%, 50%, 75% og 100%, að geta breytt % í almenn brot og öfugt, að geta fundið hluta af heild og að geta fundið samnefnara. Í sjöundu lotu var aftur unnið með að geta margfaldað með 100, að kunna að nota grunnaðferðirnar fjórar (+, -,x /), að deila með 100, nýta færni sína við lausn orðadæma og læra hvað víxlregla er. Í áttundu og síðustu lotunni er farið yfir öll markmið vetrarins, rifjað upp og síðan farið í námsmat úr öllum námsþáttum. Nemendur nýttu sér Classkick þar sem öll dæmi voru sett inn og settu nemendur inn svörin og fengu þau að vita strax hvort svarið væri rétt reiknað eða ekki. Með þessu fengu nemendur stöðuga endurgjöf. Námsmat í stærðfræði fór fram í kaflaprófum og verkefnavinnu. Einstakir nemendur tóku munnleg próf og fengu að nota hjálpargögn.

Samfélags- og náttúrugreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í sex þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnisþáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og upplýsingatækni. Í upphafi hvers þema var nemendum gerð grein fyrir hver markmiðin væru og hvað þau þýddu. Vinnan var skapandi og fengu nemendur stundum val um hvernig þeir vildu skila verkefnunum. Kennarar lásu fyrir hópinn og notuðu umræðu- og spurnaraðferðina sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun samhliða lestrinum. Leitaraðferðir voru notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar tengd efninu sem verið var að vinna með hverju sinni. Með þessu þjálfast nemendur í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti t.d. með bókum af bókasafninu, leita eftir upplýsingum í kennslubókum eða jafnvel af netinu. Nemendur unnu mikið í hópavinnu, með því fá nemendur tækifæri til að ræða

saman, dýpka skilning ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Nemendur unnu meðal annars hugtakakort, skrifuðu fræðitexta, teiknuðu skýringarmyndir, gerðu stór samvinnuverkefni ásamt því að viðfangsefnið var nýtt í ýmsa ritun. Tölvur og tölvutækni var mikið nýtt s.s. til heimildavinnu, bókagerð, gerð kynninga o.fl. Stundum var lagt upp með að nemendur kynntu verkefni sín fyrir samnemendum en einnig hengdu þeir verkefni á gangi skólans öðrum til gleði og fróðleiks. Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, hvernig gekk í hópavinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluáferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Þema eitt byrjaði á himintunglunum þar sem unnið var með reikistjörnur, sólina og fjarlægð þeirra frá jörðu. Þetta þema var sambætt við íslensku, lífsleikni og uppbyggingarstefnuna. Bekkjarsáttmálinn var gerður út frá vinnu með himintunglin, hver nemandi byrjaði á því að finna út hver væri sín sterkasta þörf teiknaði síðan plánetu sem var með sínum sterkustu þörfum og sá litur sem var sterkasta þörfin var aðal liturinn á plánetunni. Síðan var farið í að búa til pláneturnar úr pappmassa og þær hengdar upp í loft sem undirskrift í bekkjarsáttmálanum. Í þema tvö var unnið með fiska og umhverfi þeirra. Fjallað var um lífríkið í sjó, fæðukeðjur hafsins og þær fisktegundir sem helst eru veiddar við Íslandsstrendur, vinnuferlið sem á sér stað frá fiskveiðum að fiskvinnslu, mikilvægi hafsins fyrir Ísland og hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríkið með umgengni sinni. Nemendur unnu í hópum og hver hópur dró fisk sem þau öfluðu sér upplýsinga um og kynntu fyrir bekkjarfélögum. Við vinnuna hafði hver hópur frjálsar hendur hvernig þeir kynntu sinn fisk einhverjir hópar völdu að gera veggspjald sem hengd voru upp á vegg frammi á gangi og sumir gerðu glærur í Google slides. Þema þriju var um flóð og fjöru. Markmið sem tengdust fjörunni og tengsl tungls við sjávarföll voru tengd saman í þema. Nemendur öfluðu sér upplýsinga á netinu, horfðu á myndband og unnu verkefni í tölvu og skiluðu því t.d. sem docs skjali eða í google slides. Þema fjögur var um Norðurlöndin og var stuðst við kennslubókina Norðurlönd, bæði lesbókina og vinnubók. Nemendur öfluðu upplýsinga um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri áhugaverða þætti sem tengdust því landi sem þeir unnu með. Nemendum var skipt upp í hópa og dróg hver hópur eitt land til að vinna með, einnig fann hver hópur eitthvað eitt sem landið var þekkt fyrir eins og t.d. þeir sem voru með Finnland gerður glærुकynningu um múminálfana, þeir sem voru með Svíþjóð gerður kynningu um Línu langskokk og svo framvegis. Í þema fimm var unnið með trúarbragðafræði þar sem hindúatrú var tekin fyrir. Unnið var út frá markmiðunum að þekkja uppruna hindúatrúar, þekkja helstu guði, helgirit, siði og hátíðir trúarinnar. Nemendur horfðu á fræðslumyndband og unnu síðan einstaklings verkefni út frá myndbandinu. Að þeirri vinnu loknu fóru nemendur í hópa og unnu verkefni tengd hindúatrú, mátt hver hópur nýta sér netsíður við verkefna vinnuna eins og trúbragðavefinn. Sjötta þemað var Snorra saga og Gásagátan. Þegar kom að því að vinna að markmiðum um; miðaldir á Íslandi, að þekkja líf fólks á Íslandi á miðöldum, stjórnarfar, menntun, höfðingja ættir og aðstæður barna á miðöldum var unnið í hópum þar sem nemendur t.d. fóru í hlutverkaleik um völd á miðöldum þar sem staða kynjanna var einnig tekin fyrir, unnu verkefnahefti um Snorra sögu sem var samtvinnuð við íslensku og upplýsingamennt. Umræða var um það hvernig það var að vera barn á miðöldum og hvernig væri að vera barn í dag, hver var munurinn á lífi drengja og stúlkna á miðöldum miða við hvernig það er í dag og hvernig skólaganga fólks var á þessum tíma.

Öllum nemendum gafst kostur á að nýta sér hljóðbækur í samfélags- og náttúrugreinum. Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, hópavinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Verkefnavinna var að miklu leiti skapandi vinna. Með því var leitast við hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda auk þess gafst þeim nemendum sem voru með aðlagð námsefni tækifæri á að taka meiri þátt í verkefna vinnu í samfélags- og náttúrugreinum.

Enska

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrá í ensku. Enska var kennd einu sinni í viku 80 mínútur í senn. Unnið var með markmið í orðaforða, tjáningu, ritun, samvinnu og málfræði. Til að ná markmiðum í ensku voru verkefni unnin á fjölbreyttan hátt t.d. með því að nemendur spurðu hvort annað spurningar á ensku, skriflegum verkefnum og umræðum. Nemendur unnu verkefni einir, í pörum eða í hópum. Námsefnið Yes we can lesbók, vinnubók og námsvefur var nýtt sem grunnefni ásamt myndböndum og leikjum. Þegar líða fór á fengu nemendur að ráða hvort að þeir lásu enska bók í yndislestri. Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir veturinn með ýmsum hætti t.d. munnlega og skriflega.

Uppbygging sjálfsga / lífsleikni

Unnið var með uppbyggjarstefnuna í vetur og lagt var áhersla á grunnþætti hennar. Nemendur kynntust grunnþörfum sínum og hvernig vinna mætti með sínar sterku þarfir. Í kjölfarið var farið í bekkjarsáttmálann og T- spjöld og Y-spjöld ásamt verkefnum um skýr mörk. Bekkjarfundir voru reglulega yfir veturinn þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá skoðanir sínar og koma hugmyndum sínum á framfæri. Umræðuefni fundanna var stundum stýrt af kennurum eða málefni sem nemendur höfðu óskað eftir að ræða. Stundum var farið í að rifjað upp hlutverk kennara og nemenda og farið var í lausnaleit; hvað hægt er að gera til að æfa okkur betur í að passa orðin, framkomu, góð samskipti, að setja sig í spor annarra og að við berum ábyrgð á okkar hegðun og framkomu. Bekkjarfundir voru vikulega þar sem nemendur gátu rætt mál sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrir fram ákveðin málefni. Einnig voru reglulega bekkjarfundir þar sem lífsleiknimarkmið voru tekin fyrir. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundunum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Árgangurinn var ýmist allur saman á bekkjarfundum eða honum skipt upp eftir málefnum sem um þurfti að ræða. Einnig var farið í upprifjun á ákveðum umræðuefnum sem búið var að taka fyrir áður sem var skipt niður í nokkrar lotur. Ákveðin umræðuefni höfðu ákveðin boðskap. Umræðuefni voru t.d. vinátta, leiðtogar, hópþrýstingur, bekkjarandinn, reglur, að velja hegðun, að bera ábyrgð á sjálfum sér, eigin námi og lífi, hvernig tökum við á móti nýjum skóla- eða bekkjarfélögum, hvað erum við hrædd við, orðspor, samvinna og fordómar.

Það sem betur mætti huga að er að hafa hugmyndabanka þar sem hægt er að nálgast verkefni tengd stefnunni sem kennarar geta nálgast hverju sinni.

Undirbúningur fyrir árshátíð og árshátíðarvinna mætti flokka sem lífsleikni þar sem sú vinna krefst mikillar samvinnu, skipulagshæfni, setja sig í spor, koma fram og spá fyrir um óvæntar aðstæður

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Skólaárið byrjaði á siglingu á Húna í frábæru veðri. Fyrri útivistardagur vetrarins var í september þar sem nemendur í 5. og 6. bekk hjóluðu saman upp á Hamra. Þar fengu nemendur frjálssar hendur hvað þeir vildu gera. Í október unnu 5. og 6. bekkur saman að Halloween verkefni sem endaði á því að

miðgangurinn var skreyttur með alskyns ógurlegum figúrum. Árshátíðin var á sínum stað í nóvember þar sem 6. bekkur var með ævintýraveröldina og skipulögðu þau sig vel. Tombólan hefði þurft að vera aðeins lengri en hlutir seldust fljótt upp. Á aðventunni var fönðrað jólaföndur með 5. bekk sem tókst mjög vel. Litlu jólin voru haldin 20. desember, nemendur fengu piparkökur, kakó og mandarínur í heimastofur. Þá var dansað og sungið í kringum jólatréð áður en haldið var í jólafrí. Seinni útivistardagurinn var í mars þá fóru nemendur í Hlíðarfjall í dásamlegu veðri. Þemadagar voru á sínum stað, að þessu sinni var þemað kvikmyndir. Vinabekkurnir hittust einu sinni í vetur og spiluðu saman. 6. bekkur tók þátt í frjálsíþróttamóti sem haldið er árlega í Boganum. Skólaárið endaði á vorhátíð á skólalóð þar sem nemendur fóru á milli mismunandi leikjastöðva og fengu grillaðar pylsur og svala.

Upplýsinga-og tæknimennt

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran hátt t.d. við gerð ritunarverkefna ásamt því að beita rétttri fingrasetningu. Kennsla fór fram á Crome tölvu í heimastofum. Nemendur unnu á tölvurnar við ýmis verkefni sem voru samþætt við náttúru- og samfélagsfræði og íslensku. Ásamt því að þær voru nýttar í öll námsfög og fingrasetning var höfð að leiðarljósi í verkefna vinnum. Til að ná markmiðunum kynntust nemendur ýmsum hugbúnaði s.s. tiGoogle-umhverfið (Gmail, Earth, Map, Drive, Forms, Slides, Classroom) og Typing.com. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í pörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu munnlega og skriflega leiðsögn í gegnum námsferlið.

Í allan vetur voru markmið í hverju fagi sýnileg í skólastofu auk þess sem markmið hvernar kennslulotu var upp á felli vegg í heimastofu og farið yfir þau með nemendum jafnt og þétt. Einnig var farið yfir með nemendum hvaða markmiðum væri lokið og þeir fengu tækifæri til að rifja upp námsmarkmið áður en námsmat var lagt fyrir bæði í skólanum og heima. Nemendur unnu á mismunandi hátt leiðina að markmiðunum. Stundum stýrt og stundum ákveða þeir sjálfir hvernig þeir ætla að ná markmiðunum. Ýmis öpp voru notuð í kennslu t.d. Classkick. Vel gekk að halda damp í öllum námsgreinum. Nemendur voru þjálfaðir í hugarfar vaxtar eins og t.d. voru mikið æft nemendur í þrautseigju, sjálfsmyndina og að mistök eru til að læra af þeim, hvað eru mörk og virða mörk annarra ásamt fleirum verkefnum.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Nemendur gerðu nokkur áhugasviðsverkefni í vetur, þeir fengu frjálsar hendur með viðfangsefni. Þeir unnu ýmist einir, í pörum eða hóp. Það var allur gangur á því hvernig nemendur skiluðu verkefninu. Sumir voru með google slides kynningu, aðrir með veggspjald, einhverjir gerður heimasíðu.

Vettvangsferðir

Fyrsta vettvangsferðin sem farin var á skólaárinu var um borð í Húna. Þar var tekið vel á nemendum og fengu þeir veitingar og fræðslu um t.d. fiska, hafið og hvað leynist í sjónum. Nemendur fengu að veiða á sjóstöng. Önnur vettvangsferðin var á Amtbókasafnið sem bauð nemendum í 6. bekk að koma og skoða safnið. Sagt var frá starfsemi bókasafnsins, hvað var hægt að fá lánað og margt fleira. Þriðja vettvangsferðin var á Hælið, Kristnesi þar sem 6. Bekk var boðið að taka þátt í verkefninu Sultuplástur. Farið var með rútu og þegar komið var á Hælið var nemendum skipt í tvo hópa. Farið var í hópeflisleiki, skógargöngu og berklasafnið skoðað. Fjórtða vettvangsferðin var á Flugsafnið þar sem nemendur fengu fræðslu um flugsögu Íslands ásamt því að skoða safnið. um sýninguna, fóru í

hópeflisleiki og skógargöngu. Síðasta vettvangsferðin var golf ferð upp á Jaðarsvöll þar var tekið á móti hópnum, áður en nemendur fengu að spila golf var farið yfir helstu reglur á svæðinu.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur, saman í pörum og almennt reyndi á samskipti í mörgum þeim verkefnum sem lögð voru fyrir. Samvinna kom einnig fram í árshátíðarvinnu, þemadögum og jólaföndri miðstigs og í PALS. Einnig í náttúru og samfélagsfræði, stærðfræði og íslensku. Nemendur nýttu sér námsfélaga í vetur og sköpuðust oft góðar samræður á milli nemenda um námsefnið sem var verið að vinna með. Nemendur nýta sér oftast þann sem þeir sitja hjá og því eru ekki alltaf vinir sem aðstoða hvorn annan, stundum tveir, þrír eða fleiri.

Samvinna við aðra

Vinabekkirir hittust einu sinni í vetur og þá kom 1. bekkur upp í 6. bekkjarstofu til að spila saman. Fyrir jólin föndruðu 5. og 6. bekkur saman. Nemendum var skipt í hópa þvert á árganga og fóru nemendur á þrjár stöðvar. Samvinna við aðra árgangi var t.d. á þemadögum þar sem 1.-6. bekkur unnu saman að kvikmyndapema og voru árgöngum skipt þvert á árganga. Samvinna við bókasafnið gekk vel og nýttu nemendur sér safnkost og starfsfólk safnsins við t.d. val á bókum.

Foreldrasamstarf

Skólaárið byrjaði með foreldrasamtölum. Farið var yfir hver markmið vetrarins væri, foreldrum sagt frá að nemendur eru smátt og smátt að fá þjálfun í að bera ábyrgð á eigin námi og skipuleggja sig. Vikupóstar voru sendir heim með upplýsingum um líðandi viku. Einnig var haft samband við foreldra þegar ástæða þótti til. Janúarviðtölin voru nemendastýrð. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum þar sem nemendur sögðu frá markmiðum sem þeim hefur gengið vel að ná í vetur, hvernig gekk með heimalestur og hvaða markmið þeir ætluðu að setja sér þar til skóla lýkur. Nemendur fóru einnig yfir aðra þætti sem sneri að þeim og þeim þótti skipta máli.

Grenndarkennsla

Þegar tók að hausta var farið með nemendur í Lystigarðinn til að taka myndir af plöntum að skipta yfir í vetrarbúning. Nemendum var skipt í hópa þar sem hvar hópur var með einn iPad en höfðu annars frjálsar hendur í ljósmyndun. Öllum myndunum var safnað saman og fengu nemendur að nota myndirnar til að gera kynningar um hvað gerist hjá plöntum á haustin. Markmiðið með þessari ferð var að gefa nemendum færi á að kynna sér sjálf hvaða litir eru sjáanlegir í plöntum á haustin og fá tækifæri til að kynna sér og fyrir öðrum hvað er að gerast.

Næsta ferð var í Innbæinn þar sem nemendahópnum var skipt í tvennt. Annar hópurinn fór á Minjasafnið til að fá fræðslu um jólin á árum áður. Á meðan var rölt um innbæinn með hinn helminginn af nemendahópnum og þau frædd um sögu bæjarins og hvaða merkilegu hús eru enn í bænum og hvaða hlutverki þau hafa gegnt í gegnum tíðina.

7. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stuðningsaðila og starfshlutfall , fjöldi nemenda

Teymi vetrarins samanstóð af tveimur umsjónarkennurum og þremur sérgreinakennurum. Auk þess 4 listgreinakennarar, 2 íþróttakennarar, ISAT kennari, námsráðgjafi, þroskaþjálfari og hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 42. Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 306-311.

Níu nemendur fengu fasta stoðkennslu í vetur en að auki tók stoðkennari nemendur eftir þörfum. Tímamagn var 8 stundir á viku. Aðaláherslan var á íslensku og stærðfræði og fór kennslan ýmist fram inni í bekk eða litlum hópi. Stuðningur nýttist einnig fleiri nemendum í stofunni. Stoðkennari lagði einnig fyrir öll lesfimiþrófin. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi við greinakennara. ÍSAT kennari sinnti nemendum með íslensku sem annað tungumál átta tíma í viku.

Stoðkennari og ISAT kennarar funduðu þegar þörf var á með umsjónarkennurum til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu. Samvinna var einnig á milli kennara og stoðkennara um aðlögun á námsefni og leiðum í kennslu en einstaklingsnámskrá var í umsjá umsjónarkennara. Íslenskukennari sá um að leggja fyrir Aston Index rétttritunarpróf og Orðarún. Samvinna var meðal teymis og ISAT kennara að meta íslenskukunnáttu ÍSAT nemenda.

Námsumhverfi og skipulag:

Danska

Aðalmarkmið í Dönsku var að nemendur kynntust landinu og tungumálinu á jákvæðan hátt. Nemendur næðu tökum á grunnorðaforða tengdum nemandanum sjálfum og daglegu lífi. Unnið var með orðaforða um algengustu liti, tölur, fatnað, vikudagana, árstíðirnar, fjölskylduna, heimilið og mat. Hlustun fór fram í gegnum einfaldar hlustunaræfingar, danskt sjónvarpsefni ætlað unglingum og tónlist. Það námsefni sem notast var við er Start lesbók og vinnubók, þá var notast við kahoot, quizlet og quizlet live auk annars ítarefnis svo sem spil og leiki á dönsku. Einnig var lögð áhersla á að nemendur kynntust Danmörk og menningu landsins á sínum forsendum með því að búa til kynningar fyrir bekkinn um efni sem þau höfðu áhuga á að kynna sér nánar. Hluti þeirrar framsagnar fór fram á dönsku. Vel gekk að gera námið áhugavert og voru nemendur áhugasamir að kynnast tungumáli og þjóð. Unnið var með þýðingarforrit og uppfléttingu orða. Lagðar voru fyrir tvær kannanir en að auki unnin önnur verkefni inn á classroom. Danskur farandkennari kom inn í bekkinn einu sinni í viku í fimm vikur þar sem unnið var með 120 algengustu orð dönskunnar. Hún vann einnig með litina, kenndi nemendum spil sem stuðla að réttum framburði hljóða og að spila veiðimann á dönsku. Spýtur voru notaðar í framburðarleikjum og upplestri á dönsku. Vel gekk að ná þeim námsmarkmiðum sem lagt var upp með og flestir náðu hæfniviðmiðum sínum. Danskur var svolítið út undan í uppbrotsvikum svo sem í kringum árshátíð og þessháttar og hefði kannski mátt huga betur að þeim þáttum í skipulagi.

Enska – skýrslu ekki skilað

Íslenska

Markmið kennslunar er að gera nemendur viðræðuhæfa og meðvitaða um mál og málfar. Að þeir yrðu meðvitaðir um notkun málsins og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Markmiðin miðast við

þrep 7 í íslensku. Helstu viðfangsefni í íslenskunáminu voru talað mál, hlustun og áhorf. Lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum þáttum íslenskunnar jöfnum höndum með fjölbreyttum verkefnum. Áhersla var á upplestur og málskilning og náði sú vinna hámarki þegar Upphátt keppnin var haldin í mars. Níu nemendur tóku þátt í innanhúskeppninni og voru tveir af þeim valdir til að taka þátt í lokakeppninni í Hofi 7. mars þar sem nemandi Brekkuskóla lenti í 3. Sæti. Yndislestur var einu sinni í viku í um 20 mínútur í senn. Að auki áttu nemendur að lesa heima fimm daga vikunnar. Nemendur lásu saman bókina *Leyndardómur ljónsins*. Bókina lásu þau fyrir og eftir ferð sína í Reykjaskóla en sögusvið hennar er einmitt skólinn og sveitin í kring. Bókin var lesin upphátt í tímum og verkefni unnin úr henni ýmist einstaklingsverkefni eða samvinnuverkefni. Fjölbreytt ritunarverkefni voru unnin yfir veturinn og skapandi skrif áttu sinn sess. Sú vinna fór fram inni á Classroom þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að skrifa heimildaritgerð samkvæmt ítarlegum leiðbeiningum, allt að texta þar sem aðferð var algjörlega valfrjál. Við nýttum Google umhverfið talsvert við alla ritunar vinnu og gerði það nemendum auðveldara að halda utan um sína vinnu og kennurum betra að fylgja henni eftir. Málfræði og stafsetning var þjálfuð með markvissum innlögnum og fjölbreyttum æfingum. Þar notuðum við námsefnið *Málrækt 3* og *Orðspor 3*. Auk þess nýttum við ýmsar vefsíður á borð við *Skólavefinn*, *Málið.is*, *Íslensku stafsetningarorðabókina*, *Íslensku nútímamálsorðabókina* og *beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* og æfðum þar valda þætti málfræði og stafsetningu. Reglulegt námsmat var notað þar sem stök verkefni í tímum voru metin jöfnum höndum með styttri tímaverkefnum til að meta námsþætti eftir að unnið hafði verið með þá. Orðarún var notuð til að meta lesskilning og Aston Index til að meta stöðu réttitunar. Lesfimiþróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu og ein stærri könnun en fleiri í smærri sniðum. Umræður og sýnidæmi voru mikið notuð t.d til að átta sig á málnotkun og orðskilningi og til að auka skilning á því sem verið var að ræða. Það voru þó nokkur markmið sem vantaði upp á til þess að klára veturinn með stæl. Nemendur sýndu framfarir í flestum þáttum sem unnið var með. Nemendur náðu flestir betri tókum á að sýna vönduð vinnubrögð en töluvert þurfti að vinna með viðhorf nemenda t.d gagnvart málfræði. Vel gekk að vekja áhuga nemenda á að vinna með orðaforða og orðskilning með hlustun og áhorfi á “útkall”. Betur má huga að þeim nemendum sem ekki fylgja hefðbundnu námsefni, bæði nemendum með íslensku sem annað tungumál og eins þeim sem glíma við málþroskaröskun og/eða lesblindu.

Lífsleikni

Markmið með lífsleikni er að undirbúa þau fyrir lífið og æfa þau í samvinnu.

Vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnu byrjaði strax í skólabyrjun með gerð bekkjarsáttmála og greiningu á þörfum. Milliviðtöl voru tekin í nóvember og desember og þeim lokið fyrir jólafrí. Við fengum ýmsa fræðslu frá Félak, svo sem hinsegin fræðslu og nikótínfræðslu. Einnig fræðslu um netheima og notkun þeirra. Ýmsar kannanir voru einnig lagðar fyrir á vegum Brekkuskóla og stór könnun sem heitir Íslenska æskulýðsrannsóknin.

Bekkjafundir voru haldnir reglulega í vetur. Eftir áramót var árganginum skipt og unnið með samskipti sem byggði á samskiptaverkefni í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Ekki náðist að klára alla fundi fyrir vorið og stefnt er á að halda áfram næsta vetur.

Námsmat var unnið bæði formlega og óformlega yfir árið. Nemendur völdu t.a.m. sjálfir þá matsþætti sem þeim fannst að ætti að nota í sambandi við Reykjaferðina sem farin var í febrúar.

Við sáum framfarir í hegðun og framkomu og erum þakklátar fyrir aðkomu þroskaþjálfra, námsráðgjafa, sérkennara og stjórnenda.

Náttúrufræði – skýrslu ekki skilað

Samfélagsfræði

Aðalmarkmið í samfélagsfræði var að kynnast Evrópu, bæði landfræðilega og sögulega, með áherslu á 17. og 18. öldina. Hæfniviðmið miðast við 7. þrep í samfélagsfræði.

Helstu viðfangsefni í landafræði var vinna með evrópsk landakort í ýmsu formi. Nemendur lærðu að nota kortabók, lesa út úr kortum, vinna með hlutföll, hæðarlínur, mælikvarða og finna staði eftir lengdar- og breiddargráðum. Landslag Evrópu var kynnt og þar lærðu nemendur um helstu fjallgarða, fjöll, ár, vötn, höf og eyjar. Auðlindir, gróðurfar og loftslag voru einnig viðfangsefni vetrarins.

Samfélagið á 17. og 18. öld var einnig tekið til umfjöllunar. Nemendur lærðu um bændasamfélagið, stéttarskiptingu, upplýsingaöldina, frelsisstríðið í Bandaríkjunum, byltinguna í Frakklandi, Napóleon Bonaparte og lýðræði.

Nemendur unnu mikið í hópum, tóku þátt í umræðum og héldu kynningar fyrir samnemendur. Minjasafnið var heimsótt og gömul landakort skoðuð. Þau bjuggu til sameiginlegt Evrópukort á námsvegginn sinn, kynntu fyrir samnemendum landið sitt og gerðu fána í réttum hlutföllum. Nemendur unnu einnig þemakort um Evrópu út frá áhugasviði sínu.

Stuðst var við námsbækurnar *Evrópa, Kortabók handa grunnskólum og Lýðræði og tækni*.

Heimildaöflun fór mikið fram á internetinu. Á Skólavefnum voru einnig nýtt gagnvirk verkefni um lönd og höfuðborgir.

Nemendur tóku gagnapróf í Classkick um helstu fjöll, fjallgarði, ár, höf og eyjar sem og lönd Evrópu og höfuðborgir þeirra en þar gátu þeir teiknað inn á Evrópukortið það sem spurt var um.

Leiklist og umræður voru mikið notaðar í söguhlutanum. Frelsisstríðið í Ameríku var leikið og ástæður fyrir stríðinu rökræddar. Nemendur ráku ættir sínar í sveitina til að tengja við bændasamfélagið áður fyrr. Þar voru ættingjar vel nýttir í upplýsingaleit ásamt Íslendingabók. Þar þurfti rafræn skilríki og nemendur fræddir um þau og sumir fengu sér slík í kjölfarið. Nearpod var góður grunnur fyrir sögukennsluna þar sem allir geta komið með sína skoðun án þess að þurfa að tala fyrir framan bekkinn. Nemendur þurftu að setja sig í spor Maríu Antonette og/eða Loðvík, drottningu og konung Frakklands. Fjallað var um Napóleon Bonaparte og nemendur unnu að skapandi skilum sem átti að lýsa ástandinu í Frakklandi á þessum tíma.

Í lokin var unnið þemaverkefni þvert á greinar með áherslu á forsetakosningarnar. Nemendur veltu fyrir sér lýðræði og tengdu það við daglegt líf.

Mikil áhersla var lögð á vinnubrögð, samvinnu, kynningar og umræður í samfélagsfræði ásamt hugtakaskilningi.

Námsfélagar voru mikið notaðir í ýmsa vinnu með hugtök þar sem þeir þurftu að ræða sín á milli hvernig þeir skildu hugtakið.

Almennt séð tókst vinnan vel með hópnum. Góð vinna og umræður sköpuðust í tímum um markmiðin en þó misjafnt milli hópa. Evrópa er áhugaverð, margir nemendur hafa ferðast eða eiga einhverjar tengingar við hana. Námsbækurnar voru nánast ekkert notaðar en gott að benda á þær þegar nemendur þurftu að kynna sér frekar einstaka atburði, landslag eða hugtök.

Í upphafi gerði bekkurinn saman Evrópukort á námsvegginn og síðar átti að bæta við landslagi og sögulegum atburðum yfir veturinn. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna þurfti að taka vegginn niður nokkrum sinnum í vetur og því var ákveðið að fara aðra leiðir undir vor. Það hefði verið gaman að sjá afraksturinn í lok árs á námsveggnum.

Gaman hefði verið að tengja samfélagsfræðina meira við aðrar greinar en reynt var að blanda stærðfræði og samfélagsfræði þegar verið var að vinna að sameiginlegum markmiðum eins og fánagerð og hlutföll.

Stærðfræði

Markmið með stærðfræðinámi er að efla tölulegan skilning og geta tengt stærðfræðina við raunveruleikann. Markmiðin miðast við þrep 7 í stærðfræði.

Helstu viðfangsefni í stærðfræðináminu eru tölur og reikningur, forgangsröð aðgerða, rúmfræði og mælingar, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og líkindi. Þessum þáttum var skipt í námslotur og nokkur markmið tekin fyrir í einu. Nemendur fengu áformsblöð þar sem markmiðin lágu fyrir og áttu þau að áætla sér hvaða námsefni þeir ætluðu að vinna. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, frágang og sýna útreikninga.

Innlagnir voru reglulega á ýmsum hugtökum og aðferðum við útreikninga. Námsleikir eða hópavinna var oft kveikjan að námslotum þar sem hugtök og aðferðir voru kynntar. Nemendur þurftu einnig að kynna hugtök eða aðferð fyrir samnemendum. Einstaka sinnum áttu nemendur að útskýra fyrir kennara hvernig þeir reiknuðu, skriflega eða munnlega.

Leiðsagnarnámið var mikið notað þar sem markmið voru rædd, farið fyrir árangur og nemendur hvattir til að skoða hvar þau þurfa að styrkja sig og hvar þeim gengur ekki nógu vel. Námsfélagar voru einnig nýttir við að aðstoða sem og að vinna saman lítil verkefni sem ýtti undir skilning á hugtökunum. Nafnaspýtur voru mikið notaðar þar sem hugtök voru æfð jafnt og þétt yfir veturinn með upprifjun og nemendur þurftu að svara.

Námsbækurnar Stika 3a og Stika 3b voru grunn námsefni vetrarins en æfingarhefti í Stiku, fræðsla á internetinu og fyrirlestrar Gauta Eiríkssonar voru notuð til þess að hnykkja á nokkrum atriðum.

Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið, ýmist í bekk, í hópum eða milli námsfélaga. Nærumhverfið var kannað og notað við að æfa ýmsa útreikninga, átta sig á mismunandi hugtökum en þó aðallega í rúmfræðinni.

Ýmis forrit voru notuð, þó aðallega töflureiknir í Google, Classkick og Minecraft. Flóknari reiknivélar voru innleiddar smátt og smátt yfir veturinn. Mikil áhersla var á rétta notkun á gráðuboga, hringfara og reglustiku.

Fjölbreyttar leiðir voru notaðar við námsmátið s.s. einstaklingskannanir, samvinnukannanir, gagnakönnun, tímakannanir, skil á vinnubók, sjálfsmat, hópavinna, kynningar og verkefni á skólalóð, í töflureikni eða Minecraft. Til að byrja með endaði lotan á könnun en þegar leið á veturinn urðu fjölbreyttari skil. Í hverri námslotu voru fjölbreytt námsmatsverkefni s.s. töflureiknir, skilgreina hugtök, skil á vinnubókum, vinnusemi, kynningar, unnið með hlutbundna vinnu og verkefni í Classkick eða Minecraft. Í lok vors gátu nemendur valið sér markmið til að endurmeta, valið námsleiðina við að ná markmiðinu og hvernig námsmátið átti að vera. Margir völdu að fá að útskýra fyrir kennara munnlega.

Nemendur sýndu einhverjar framfarir í vinnubrögðum, sjálfstæði og ábyrgð óx hjá hluta nemenda. Aðeins fáir nemendur náðu þeirri hæfni að gera sínar áætlanir í samræmi við námsmarkmið en flestir vildu nýta áætlun kennara fyrir markmiðin.

Mikilvægt er að einfalda hæfnimarkmiðin og fækka þeim og gefa nemendum frekari tækifæri að endurtaka markmið sem ekki hafa gengið nógu vel. Gaman væri að geta tekið munnlegar kannanir þar sem nemendur þurfa að útskýra hvernig þeir komast að ákveðinni niðurstöðu en sú leið var mjög vinsæl þegar nemendur máttu ráða námsmatsaðferð hjá sér. Vel gekk að innleiða ýmiss forrit eða öpp til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum en verr gekk að fá nemendur til að skila verkefnum og skilja að þetta var námsmat sem þurfti að sýna fram á að markmiði sé náð í stað prófa en því oftast sem þessi námsleið var valin því betur gekk þetta.

Upplýsingatækni – skýrslu ekki skilað

Grunnhæfni menntunar og lykilhæfni voru fléttuð inn í námsgreinar eftir því sem við átti. Til dæmis var tjáning og miðlun mikið notuð í íslensku og samfélagsfræði, skapandi og gagnrýnin hugsun leiðarljós í samfélagsfræði, sjálfstæði og samvinna var í öllum greinum þar sem áhersla var á námsfélaga í vetur. Upplýsingatækni kenndi þeim að nýta miðla og finna upplýsingar og stærðfræðin lagði áherslu á ábyrgð og mat á eigin námi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna var unnið í samvinnu við 8. bekk. Nemendur fengu eitt heimsmarkmið að vinna með og þeir áttu að túlka það á skapandi hátt.

Uppbygging sjálfsgaga / lífsleikni

Mikið var rætt um kurteisi, fara eftir fyrirmælum, sýna virðingu og passa orðin sín. Bekkjarmundir og kennslustundir var notað til að æfa að gefa öðrum hljóð, hlusta og sýna almenna virðingu. Einnig var töluvert rætt um hvernig manneskja maður vill vera og hvernig góður hópafélagi kemur fram. Hvernig maður þarf að beita sjálfsgaga til að sýna öðrum kurteisi þó maður sé ekki á sömu skoðun. Þá var það markmið sem metið var á mentor hvernig t.d umgengni nemendur sýndu á Reykjum, hvað varðar herbergi, mæta á réttum tíma og þessháttar. Þau völdu sjálf markmið sem kennarar mátu í ferðinni og

gafst það vel.

Uppbrot – þemavinna – hefðir – vettvangsferðir

- Útivistardagur 5. september - gengið á Glerárdal.
- Íþróttamót í frjálsum íþróttum í Boganum 13. maí. Hjólað í Bogann og til baka, bekkurinn vann mótið.
- Göngum í skólann 6. september til 4. Október. Sjöundi bekkur vann Gullskóinn.
- Skólaferðalag að Reykjum 19. – 22. febrúar, gekk mjög vel.
- Félagsvist með 8. bekk, 18. desember. Vel heppnað en hefði verið fínt að ná að leyfa þeim að æfa sig betur.
- Vorferð í kjarna 31. maí þar sem farið var í strandblak og grillaðar pylsur. Farið á hjólum og gekk það mjög vel. Þarf að hjóla meira til að allir nái betra öryggi í slíkum ferðum.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, upphátt sett þann dag á sal.
- Upphátt innanskóla 29. febrúar þar sem níu nemendur tóku þátt. Hefðum viljað vita meira um keppnina fyrr og fá fræðslu fyrir hana fyrir áramót en ekki í janúar.
- Upphátt í Hofi haldið 7. mars þar sem tveir þátttakendur tóku þátt og lenti annar þeirra í þriðja sæti. Fagnað daginn eftir með ísveislu. Vel heppnað og krakkarnir voru dugleg að mæta í Hof og styðja sitt fólk.
- Þemadagar voru haldnir 3. og 4. maí. 7-10 bekk var skipt upp í hópa eftir áhuga þar sem unnið var með kvikmyndapema.
- Útivistardagur 5. mars, farið í Hlíðarfjall og Skautahöllina.
- Félag kom með hinsegin fræðslu og nikótín fræðslu.
- Netfræðslu í tengslum við símafrí
- Þemavinna þar sem íslenska, enska, samfélagafræði, upplýsingatækni og stærðfræði voru tvinnuð saman í Forsetaverkefni.
- Vorhátíð var haldin 3. júní þar sem allir skemmtu sér vel en slydda setti strik í reikninginn. Eyddu nemendur klukkustund í umsjónarstofum að gera smá skýrslu um sig eftir veturinn sem fór í ferilmöppu og svo klukkustund úti á hreyfistöðvum þar sem umsjónarkennarar fylgdu sitthvorum hópnum eftir. Allir höfðu gaman af !
- Skólaslit voru haldin 4. júní. Nemendur mættu á sal þar sem afhent voru verðlaun fyrir Leitina Miklu. Nemendur fóru síðan í umsjónarstofu með kennurum. Þau gerðu sér „minningaspjald“ þar sem þau límdu mynd af hópnum síðan á Reykjum, merktu sér og létu bekkjarfélaga skrifa á og settu síðan í ferilmöppu. Vel heppnað og höfðu þau gaman af þessu og skapaðist mikil stemning í að fá alla til að skrifa.
- Minjasafnið, 7. bekkur fór á Minjasafnið og skoðuðu þar m.a gömul landakort.

Skemmtilegt var að enda á forsetaverkefni í vor þar sem það tengdist mjög vel við daglegt líf nemenda. Hægt var að samþætta margar greinar og nemendur höfðu hlutverk til skólaloka. Hlutverk nemenda voru skýr þar sem þau þurftu að gera dagbók fyrir hvern dag og skil á hvað þau gerðu. Þau mátu frammistöðu sína sjálf og var gaman að sjá hversu heiðarleg þau voru í því mati. Þeir sem höfðu ekki staðið sig eins vel og þeir gátu vissu það og skráðu.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni voru unnin í hverri grein fyrir sig en gaman væri að víkka það út og gera það að

þemavinnu þar sem þau hafa meira val. Sem dæmi má nefna þá áttu nemendur í dönsku að finna sér stað í Danmörku sem þau vildu kynna sér frekar og kynntu fyrir bekknum. Í samfélagsfræði gátu nemendur ráðið hvernig þeir sýndu fram á þekkingu sína um frönsku byltinguna í skapandi skilum. Jákvæðir þættir er að nemendur fá að túlka viðfangsefnið svólítið frjálst þannig hver hópur gerir hlutina á sinn hátt og með sinni framsetningu. Þau þurfa að ræða vel saman og komast að niðurstöðu um hvernig eigi að gera verkefnið.

Samvinna nemenda

Samvinna nemenda var mikið þjálfuð á skólaárinu, bæði í kennslu og öðru námi. Unnið var með námsfélaga í allan vetur þar sem skipt var á tveggja vikna fresti. Í tvígang máttu nemendur velja sér námsfélaga og í eitt skipti máttu þau velja sér námsfélaga en hann var að vera úr hinum námshópnum og var þá opið á milli í stofnunum. Vakti það lukku nemenda. Unnið var samskiptverkefni á vorönninni í samstarfi við Háskólann á Akureyri þar sem hópnum var kynjaskipt og unnin verkefni sem snúa að samskiptum vina og viðbrögðum við samskiptum.

Árshátíðarundirbúningur kallaði á mikla samvinna sem gekk vel og sýndu þau hvað í þeim býr. Samvinnuverkefni voru í námsgreinum þar sem þau þurftu að leysa verkefni saman. Farið var á Reyki þar sem hópurinn þjappaðist mjög mikið saman og var enn meira samheldinn en á sama tíma opnari fyrir nýjum vinasamböndum. Á síðustu dögum vorannar var unnið þemaverkefni um forseta þar sem samþættar voru nokkrar greinar. Vel heppnað verkefni sem flestir höfðu gaman af. Áhugi er fyrir frekari þema- og samvinnukennslu.

Samvinna við aðra

Ekki tókst að finna tíma með vinabekknunum en það verður í forgangi næsta vetur. Lítil samvinna var á milli árganga hjá 7. og 8. bekk nema þegar unnið var að Heimsmarkmiðunum og félagsvist. Bæði heppnaðist þó vel og hópavinnan gaf af sér fallega afurð sem hengd var upp í stigauppgangi skólans. Notast var við bókasafnið ef á þurfti að halda bæði fyrir nemendur sem eiga erfitt með uppbrot en eins og veikindi voru í kennarahópnum, gafst það vel og börnin áhugasöm um að fara á bókasafnið. Gaman væri að auka samvinna við nærsamfélagið með frekari heimsóknunum. Mikill áhugi er að auka samvinna bæði við aðra bekki en eins nærsamfélagið.

Foreldrasamstarf

Foreldrar mættu í viðtöl með börnum sínum tvisvar sinnum í vetur. Þeir máttu velja sér tíma til að vera í bekkjarráði og skipulegja viðburð með krökkunum utan skóla. Þeir mættu á árshátíð. Tölvupóstur, símtöl og teymisfundir voru helsti samskiptamátinn og gekk veturinn vel.

Grenndarkennsla

Ferð á Minjasafnið þar sem söguleg hús voru skoðuð á leiðinni sem og safnið sjálft. Í stærðfræðinni voru nemendur að vinna á skólalóðinni og farið var í þrjár hjólaferðir á árinu í nágrenni skólans.

8. bekkur

Skýrslu ekki skilað nema að hluta til

Íslenska – Margrét Helgadóttir

Markmið vetrarins var að gera nemendur sjálfbjarga í vinnu og að nýta nýta sér hjálpartæki á borð við yfirlestur.is, vef Árnastofnunnar með beygingarlýsingar, orðabækur og internetið. Unnið var eftir hæfniviðmiðum á 8. þrepi. Flest öll verkefni voru unnin í Google classroom og lögð mikil áhersla á að verkefnum væri skilað þar inn.

Unnið var út frá fjórum flokkum: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Aðaláherslan var á lestur og ritun. Verkefni nemenda voru notuð í framsögn yfir veturinn. Lítil áhersla var á málfræði en reynt að vinna hana á skapandi hátt til að hún festist betur í minni nemenda.

Námsbækurnar Kveikjur og Málvísir voru höfð til hliðsjónar við markmiðavinnu nemenda. Egilssaga - endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur var lesin og nemendur höfðu val um lestrarbækur.

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytt námsmat. Nemendur höfðu oft frjálssar hendur með skil á verkefnum. Nemendur unnu í hópum, einir eða þórum og námsfélagar voru óspart notaðir. Orðarún var lögð fyrir hópinn, lesskilningsverkefni af skólavefnum unnin en annars var lítið um kannanir. Nemendur unnu áhugasviðsverkefni í kringum Egilssögu með skapandi skil. Þeir gerðust einnig blaðamenn og unnu fjölbreytt ritunarverkefni þar sem þeir fengu endurgjöf til að bæta verk sitt. Nemendum var einnig boðið að vinna upp námsmarkmið sem þeir vildu bæta.

Heilt yfir gekk kennslan ágætlega en nemendur voru mis tilbúnir í skapandi vinnu. Það þurfti mikið aðhald og áminningu til nemenda að skila inn verkefnum á Classroom. Meira aðhald þurfti að vera með lestri og að velja lestrarbækur til þess að lesturinn verði meira krefjandi. Það væri kannski gott að hafa í huga að hafa kjörbækur og verkefni í tengslum við þær.

Danska – Þórdís Gísladóttir

Unnið með kennslubókina Smart og vinnubók sem fylgir. Áhersla lögð á orðaforða tengdan mat, dýrum og skólaumhverfinu. Nemendur horfðu á Klassen, danska stutta þætti, þar sem áherslan var á dýpka skilning á töluðu og rituðu máli. Nemendur fengu fjölbreytt verkefni, svo sem eyðufyllingar, unnið var áhugasviðsverkefni, lesin andrés önd blöð á dönsku og spurningum svarað. Danskur farandkennari dvaldi í skólanum í nokkrar vikur á vorönn og mæltist það vel fyrir þó einhverjir hafi verið komið með leið á því undir lokin. Það græddu allir á veru kennarans hérna og voru nemendur jákvæð fyrir því að hún kæmi aftur. Unnið var með orðaforða í quizlet og kahoot, farið í leiki og spilað á dönsku. Kennslan gekk vel og var námsmat unnið bæði jafnóðum en einnig með tveimur könnunum sem lagðar voru fyrir í lok haust- og vorannar. Framvindan gekk ágætlega og flestir náðu ágætis tókum á námsmarkmiðunum. Töluvert þurfti þó að vinna með viðhorf nemenda gagnvart dönskunni og auka sjálfstraust þeirra þar sem mörgum finnst þeir ekkert skilja í dönsku. Unnið var mikið með það að hvetja nemendur áfram og að það væri margt sem þau hefðu lært og sýnt fram á það t.d þegar farið var yfir hvað nemendur sögðust hafa lært í vetur og borið saman við námsmarkmiðin sem unnið var að.

9. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum og einum sérkennara. Auk þess komu að árganginum fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 60.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Sérkennsla og stuðningur í 9. Bekk

4 nemendur í 9. bekk fengu skilgreinda sérkennslu í vetur í námsveri. Mun fleiri nemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara. Sérkennsla fór að þessu sinni mikið til fram inni í bekkjum og var sérkennari með 9. bekk í 7 tímum í vetur. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 9 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 4 tíma á viku. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku sneri að læsi og orðaforða. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið vetrarins hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra..

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur fluttu kynningar á ýmsum verkefnum, fluttu undirbúnar ræður og bókakynningar svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í 9. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og lesskilningur og orðaforði jafnframt þjálfaður með textum úr bókinni Útbrot. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru kynningar, hugtakakort, bókaklúbbar, lestrardagbók og ritgerð. Auk þess má nefna að einn hópur gerði myndband og sendi inn í Siljuna sem er myndbandasamkeppni á vegum Barnabókaseturs Íslands og Borgarbókasafnsins. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gunnlaugs saga ormstungu, og voru nemendur upp til hópa hrifnir af henni. Sagan var m.a. notuð til að þjálfra hlustunar- og lesskilning og í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali. Sem dæmi um verkefni má nefna lag, tónlistarmyndband, ratleik, kahoot, hlaðvarp og stuttmyndir.

Nokkur áhersla var lögð á ritun og skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni auk þess sem ritunarþátturinn kom talsvert inn í málfræðikennsluna.

Í málfræðinni var byggt áfram á þróunarverkefni síðasta árs. Farið var yfir helstu þætti málfræðinnar og stuðst við námsefnið Neista ásamt efni frá kennurum. Mál og ritun nemenda sjálfra var áfram nýtt í kennslunni og haldið áfram með þróun og notkun málfræðispila.

Hvað námsefni og áætlanir varðar þá var það að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Nemendur fengu námsmat á einstökum verkefnum inn á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar auk þess sem nemendur fengu umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Classroom. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Mikið var um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Dæmi um skapandi skil voru verkefni tengd Gunnlaugs sögu og ýmis ritunarverkefni. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum þó auðvitað hafi komið upp einstaka samskiptavandamál. Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni frá MMS er af skornum skammti. Námsbækur eins og Neistar og Útbrot eru þó til sem rafbækur en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum. Það sem þarf að bæta í upplýsingatækni nemenda er t.d. að kenna þeim að skipuleggja og flokka gögnin sín á drive.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Hægt var að byggja á þróunarverkefninu frá því í fyrra og sníða af því vankanta. Mikil áhersla var lögð á lestur og umræður um lesið efni. Það sem betur má ganga þar er að nemendur átti sig betur á mikilvægi þess að lesa reglulega og ólíka texta í þeim tilgangi að bæta lesskilning og orðaforða.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, fjármál, almenn brot og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 3 og 4, Skali 2A og 2B. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle. Námsefni sem notað var í sérkennslu var aðallega Stærðfræði 8+ og Stærðfræði 9+ ásamt Almenn stærðfræði I og II. Alls voru sjö nemendur sem voru með þetta aðlagð námsefni. Þar að auki voru einn nemandi sem vann í námsefni 10. bekkjar. Þessi nemandi útskrifaðist úr námsefni 10. bekkjar að vori með góða einkunn og hefur því lokið sínu grunnskólanámi í stærðfræði.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimadæmum og kaflapróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Við kennarar erum nokkuð að flakka á milli í námsefni en það er gert til að nýta það besta úr hverjum bókaflakki fyrir sig.

Enska

Í ensku skiptast markmiðin í sex flokka: Hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið hófst á verkefnum sem stuðluðu að því að fá nemendur til að tjá sig á ensku í tímum og auka samvinnu. Nemendur leystu ýmsar þrautir saman og tóku þátt í umræðum í litlum hópum.

Nokkur áhersla var á lesskilning og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur, paralestur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur og smásögur. Aðferðin TQE var notuð í grunninn í en þá glósa nemendur á meðan þeir lesa texta annars vegar staðreyndir og hins vegar vangaveltur sínar. Nemendur fara síðan í litla umræðuhópa með glósum og styðjast einnig við spurningarskeljar.

Í ritun var áhersla á sögugerð og uppbyggingu hennar. Jafnframt var notað sjálfsmat til að meta sögur. Nemendur skrifuðu einnig í lestrardagbók. Í hlustun var unnið m.a. með tónlist, stuttmyndir þar sem TQE aðferðin var notuð, kvikmynd og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna.

Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn. Nemendur fengu tækifæri til að koma fram í litlum hópum fyrr á árinu en kynntu síðan ein fyrir öllum bekknum um vorið.

Google Classroom var notað mikið en þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafrætur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Forms og hljóðskrár notaðar. Lögð var áhersla á að nemendur fengju leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinnum. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 9 les- og vinnubók, smásögur, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, lyricstraining.com, readtheory.org, canva.com, google classroom, google forms, wordwall, Blooket og ljósrituð verkefni frá kennara.

Nemendur notuðu tölvur í því sem næst hverri kennslustund í ensku þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennari útbýr en námsefni frá MMS er af skornum skammti.

Í heildina gekk veturinn vel. Það tók verulegan tíma að innleiða TQE. Það tókst vel í styttri verkefnum eins og að greina myndlist eða stuttmynd en nemendur áttu erfiðara með að nota þessa aðferð við lengri lestexta.

Danska

Hæfniviðmiðin í dönskukennslunni skiptast í eftirfarandi flokka; hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Unnið var að öllum viðmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun. Viðmiðin voru alltaf sýnileg í hverri lotu á Google screen.

Kennsluhættir einkenndust af einstaklings- para- og hópavinnu, félagakennslu með námsefnið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Nemendur unnu með námsefnið í forritunum Kahoot, Quizlet, Quizizz, Flipgrid, Nearpod og Padlet. Lestur, hlustun, áhorf, leikir og tjáning; munnlegt og skriflegt.

Námsefnið sem var mest notað var: TAK - lesbók og vinnubók A og B. SMIL - lesbók og vinnubók. Dejlige Danmark, Bordbombe, Rafrænar kennslu- og æfingavefir s.s. dansklaereren.dk, dr.dk/ligetil - herognu.dk - <http://fjern-uv.dk/>, lingohut.com og Versló málfraeðivefur, tungumalatorg.is. Horfðum á myndina Drømmen og nem unnu verkefni við hana. Horft var á þættina Skyldig, sæson 3, en þættina er að finna á dr.dk. Fylgst með fréttum á dr.dk, kongehuset.dk, efni frá kennara s.s. smásögur, ljóð, dönsk tónlist af youtube.com, krossgátur, orðaleit o.fl.

Námsmat var einkum þannig að tekin voru kaflapróf úr því efni sem var lesið í námsbókunum, rafræn í google forms, unnin alls kyns verkefni með TV seríum, danskt jólaþema, nemendur gerðu kynningu á Danmörku völdu á milli rafrænnar eða gera „foldebog“, lesin var smásaga, auk símats á verkefnum, munnleg/skrifleg einstaklings- og hópverkefni. Hálfgerð vorpróf var í maí þar sem blandað var saman kaflaprófi sem og efni sem farið var í fyrr um veturinn.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Unnum með Norden í skolen og ætlum að halda áfram með það næsta vetur og eignast kannski danskan vinabekk ef Danskerne eru til í það. Lærði nýja kennsluáferð á dönskukennara námskeiði á Stóru Tjörnum í haust sem kallast Stilladsering þar sem unnið er með nýjan orðaforða eftir ákveðnu kerfi sem mér fannst gefast vel hjá nemendum. Þá var unnið áfram með sömu forrit og áður til að þjálfra nýjan orðaforða í forritum sem buðu upp á margskonar þjálfun eins og Quizlet, Nearpod, Quizzizz og Kahoot og nýttum forritið: lingohut.com þar sem nemendur geta æft framburð og sent svo til kennara.

Veturinn gekk í heildina vel og við fengum afar skemmtilegan og gefandi danskan farkennara sem heitir Hanne. Hún hífði aldeilis upp með munnlegar samskiptaæfingar í tímum til að þjálfra orðaforða ýmist í formi leikja eða uppsettra talæfinga á blaði eða í gegnum spil sem hún kom með.

Ég var frá kennslu í 6 vikur vegna endurmenntunar en Kristín List Malmberg dönskukennari leysti mig af og gekk það vel og svo heppilega vildi til að 3x hitti þetta á árs hátíðarviku, þemadaga og fl. Þá auðveldaði áskrift að Classroom screen bæði kennara og nemendum lífið þar sem auðvelt er að koma markmiðum/ hæfniviðmiðum sem og öðrum upplýsingum til skila til allra nemenda. Foreldrasamvinna gekk einnig vel.

Náttúrugreinar

Markmið vetrarins skiptast í líffræði og eðlisfræði. Markmið líffræðinnar snúa að þekkingu á líkama mannsins allt frá minnstu frumum upp í flóknustu líffærakerfi. Fléttað var inn markmiðum um hollar lífsvenjur varðandi næringu, hreyfingu og hvíld og tæpt á helstu sjúkdómum sem herjað geta á líkamann. Í eðlisfræði snúa markmiðin að krafti og hreyfingu, massa og þyngd.

Grunnefni náttúrufræðinnar var bókin Mannslíkaminn en einnig stuðst við myndefni og upplýsingavefi á netinu. Í eðlisfræðinni var grunnbókin Eðlisfræði 2 auk efnis af neti.

Kennslan var að einhverjum hluta verkleg í líffræðinni þar sem gerðar voru tilraunir, skrifaðar skýrslur, smásjár og víðsjár notaðar, krufin brjóstholslíffæri úr svínum og augu úr stórgripum. Í eðlisfræðinni voru einnig gerðar tilraunir, notast við tölvu forrit eins og Nearpod og nánasta umhverfi nýtt til skoðunar á eðlisfræðilegum fyrirbærum. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom.

Námsmat var mjög fjölbreytt. Próf voru í lágmarki, hópavinna, einstaklingsverkefni, sjálfsmat, jafningjamat og einnig var gerð tilraun með skapandi skil í náttúrufræði.

Veturinn gekk vel að flestu leyti en tækifæri til úrbóta felast í þjálfun og frekari notkun leiðsagnarnáms.

Samfélagsgreinar

Markmið vetrarins skiptast í þekkingarmarkmið og vinnumarkmið. Markmiðin voru flest opin og víðtæk og lá margt að baki hverju þeirra. Þau tóku til stórra viðburða mannkynssögunnar eins og t.d. heimsstyrjaldanna tveggja á fyrri hluta 20. aldar, orsaka þeirra og afleiðinga og stjórnmalastefna sem ríkjandi eru í heiminum.

Í grunninn var stuðst við námsbókina *Styrjaldir og kreppa* en einnig var notast við fjölbreytt efni af netinu og myndbönd. Farið var yfir sögu fyrri hluta 20. aldar með áherslu stóra viðburði á borð við Titanic slysið, fyrri heimsstyrjöldina, upphaf kommúnismans, rússnesku byltinguna, millistríðsárin og kreppuna miklu og svo loks seinni heimsstyrjöldina.

Kennslan var að hluta til þematengd þar sem nemendur unnu í hópum og höfðu frjálsar hendur þegar kom að úrlausn verkefna. Einnig voru lögð fyrir spurningaverkefni og nemendur unnu greinargerð um seinni heimsstyrjöldina í einstaklingsvinnu. Nemendur fengu námsmat fyrir verkefni sín, vinnulag og þátttöku. Engin próf voru í vetur. Upplýsingar um námið, verkefni og markmið var að finna í classroom og í heimavinnuáætlun 9. bekkjar sem var uppfærð vikulega.

Veturinn gekk vel og nemendur voru áhugasamir um umfjöllunarefnið en ekki tókst að ljúka öllum markmiðum 9. bekkjar þar sem þau ná einnig yfir landafræði og trúarbragðafræði. Áherslan var því að þessu sinni á mannkynssögu 20. aldar, en þar eru umfjöllunarefnið víðtæk og verkefni tóku oft lengri tíma en áætlað var.

Lífsleikni

Markmið vetrarins voru að vinna með hugtök tengd kynvitund og kynlífi, jafnrétti, sjálfsmynd og siðferði. Kennsla fór fram með fyrirlestur, samtölum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og spurningar tímum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar var bókin *Um stelpur og stráka* og nokkur verkefni upp úr námsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir*. Einnig var stuðst við kynningarefni af neti og efni frá landlækni.

Að stórum hluta fór fram umræða um hin ýmsu mál sem brenna á nemendum. Nafnlausar spurningar gefa nemendum færi á að spyrjast fyrir um það sem þeir vilja ekki segja upphátt og fá leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað lendi þeir í vanda. Verkefni um hinseginleikann var unnið. Hjúkrunarfræðingur kom inn með fræðslu og einnig voru einstaka fyrirlestur á vegum Rósenborgar og fyrirlestur um líðan og ofbeldi á vegum Háskólans á Akureyri.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta þætti námsefnisins.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Myndin af mér*. Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, Y og T spjöld og farið var yfir hlutverkaskipan. Haldnir voru bekkjarsfundir.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt.

Námsráðgjafar komu frá VMA, MA og kynntu framhaldsnám sinna skóla. Nemendur fóru í kynnisferð á Laugar.

Þemadagar voru haldnir þar sem unnið var með kvikmyndir á ýmsan hátt. 7. - 10. bekkur vann saman í hópum eftir áhugasviði.

Árshátíð var haldin í nóvember og var með hefðbundnu sniði. 9. bekkur sýndi söngleikinn Mamma Mia og sló í gegn.

Vettvangsferðir

9. bekkur fór í heimsókn á Amtsbókasafnið á haustmánuðum. Þar fengu nemendur kynningu á starfsemi safnsins, húsnæði þess og safnkosti. Í febrúar var farið á starfamesu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í apríl var hópnum boðið í heimsókn í Framhaldsskólann á Laugum og nemendur fengu þar kynningu á starfi skólans. Í maí fóru nemendur í starfskynningar í fyrirtæki og héldu kynningu í kjölfarið þar sem foreldrum var boðið. Einnig var nemendum boðið á æfingasvæði GA þar sem þau fengu að spreyta sig á golfi.

Allar ferðirnar voru áhugaverðar og tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Í tilefni réttindadags barna þann 20. nóvember var unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. 9. bekkur vann með valið markmið úr barnasáttmálanum og unnu nemendur að upplýsingaöflun og miðluðu umfjöllun sinni á ýmsan hátt. Afrakstur vinnunnar var sýndur á göngum skólans.

Árshátíð skólans var að sjálfsögðu á sínum stað. Þar vann 9. bekkur saman að uppfærslu á söngleiknum Mamma mia. Samvinnan gekk í alla staði vel.

Í apríl voru þemadagar þar sem unnið var með þemað kvikmyndir. Nemendur í 7.-10. bekk unnu saman í hópum að viðfangsefnum að eigin vali. Afraksturinn var glæsilegur þar sem sjá mátti stuttmyndir gerðar af nemendum, upptökur nemenda á kvikmyndatónlist, veggverk, líkön af sviðsmyndum og fleira. Vinna nemenda skreytti ganga skólans næstu vikur og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs þar sem kennarar, nemendur og foreldrar settust niður og ræddu komandi skólaár og persónuleg markmið nemenda. Viðtölin í janúar voru svo nemendastýrð og gengu vel. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á árshátíð skólans að horfa á sýningu árgangans á Mamma mia og einnig voru foreldrar boðnir á starfskynningar nemenda í vor á sal skólans.

Grenndarkennsla

Nemendur fóru út að tína rusl og einnig var grenndarkennsla samtvinnuð við náttúrufræðikennslu.

10. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum, og einum sérkennara. Auk þess voru fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 55 .

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Sérkennsla og stuðningur í 10. Bekk

7 nemendur í 10. bekk fengu skilgreinda sérkennslu í vetur í námsveri. Mun fleiri nemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara. Sérkennsla fór að þessu sinni mikið til fram inni í bekkjum og var sérkennari með 10. bekk í 11 tímum í vetur. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 8 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 3 tíma á viku. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku sneri að læsi og orðaforða. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þeir vildu læra. Lögð var áhersla á ábyrgð nemenda á námi sínu og reynt að vekja áhugahvöt þeirra.

Í málfræðinni var byrjað á að rifja upp ýmis málfræðihugtök með leikjum. Byggt var áfram á þeirri vinnu sem fór fram í þróunarverkefni síðasta vetur. Þá var lagt upp með að nota mál og texta nemendanna sjálfra sem mest auk þess sem kennarar útbjuggu ýmis málfræðispil sem voru nýtt áfram við góðar undirtektir nemenda.

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum og fluttu nemendur kynningar á ýmsum verkefnum. Í 10. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og ljóð auk þess sem lesskilningur og orðaforði var þjálfaður með vefefni frá Skólavefnum. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru kynningar, lestrardagbók, bókabitar (book bento) og hlaðvarpsþættir. Einnig var munnlegt námsmat þar sem nemendur þurftu að standa skil á ýmsum atriðum varðandi lesið efni í samtali við kennara. Nemendur voru ánægðir með það verkefni og þeir gátu sýnt þekkingu sína vel en þetta form námsmats er tímafrekt og erfitt í framkvæmd ef kennari er einn með bekkinn. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gísla saga Súrssonar, og voru nemendur upp til hópa hrifnir af henni. Sagan var notuð til að vinna með siðferðileg hugtök sem tengjast m.a. uppbyggingarstefnunni auk þess að þjálfva hlustunar- og lesskilning. Í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali og voru verkefni mjög metnaðarfull.

Mikil áhersla var lögð á ritun í vetur og unnu nemendur fjölbreytt verkefni auk þess sem ritunarþátturinn kom inn í málfræðikennsluna. Í upphafi skólaárs var mikil áhersla lögð á skapandi og frjálsa ritun og stuðst við Ritunarbókina. Í framhaldi af þeirri vinnu skrifuðu nemendur verkefni af ýmsu tagi, t.d. smásögur, pistla og ljóð. Seinni hluta vetrar unnu nemendur heimildaritgerð, skrifuðu kennara formlegan tölvupóst um stöðu sína í íslenskunáminu og skrifuðu einnig bæði rökfærsluverkefni og skapandi texta. Skil á öllum ritunarverkefnum fyrir utan tölvupóstinn fóru fram í gegnum Google Classroom.

Upplýsingar um námsefni og áætlanir var að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var áætlun aðgengileg á vikuáætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Nemendur fengu námsmat á einstökum verkefnum inni á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar auk þess sem nemendur fengu umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með meira vægi á verkefnaskil. Próf voru lögð fyrir á Google Classroom. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnum skipti miklu máli. Einnig fengu nemendur skriflegar athugasemdir við ritunarverkefni og gafst færi á að leiðrétta, bæta verkefni og skila aftur. Sú aðferð skilaði mjög góðum árangri en er hins vegar mjög tímafrek og því gafst ekki tækifæri til að sinna þessum þætti eins mikið og æskilegt væri. Töluvert var

um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Sem dæmi um skapandi verkefni má nefna verkefni tengd Gísla sögu, kjörbókum og ýmis ritunarverkefni. Auk þess má nefna að tveir hópar gerðu myndband og sendu inn í Siljuna sem er myndbandasamkeppni á vegum Barnabókaseturs Íslands og Borgarbókasafnsins. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum.

Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestum hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni frá MMS er af skornum skammti. Námsbækur eins og Logar og Neistar eru þó til sem rafbækur en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum. Í upplýsingatækni má sem dæmi nefna að nemendur vinna í ritvinnslu, nota glærugerðarforrit, taka upp bæði hljóðefni eins og hlaðvörp og myndbönd og nota við það ýmis forrit auk þess sem Canva vefurinn var notaður töluvert í skapandi verkefnum.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Nemendur sýndu góðar framfarir og tóku ábyrgð á eigin námi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 5 og 6. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle og töflureiknir lítillaga notaður. Sérefni fyrir nokkra nemendur voru valdir kaflar úr Almenn stærðfræði I og II. Alls voru sjö nemendur sem unnu í þessu námsefni.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimadæmum, kaflapróf og vorpróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Nemendur sýndu jafnar og góðar framfarir og ættu flest að vera vel undirbúin undir nám á framhaldsskólastigi.

Danska

Markmiðin dönskukennslunnar skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarlæsi. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Í töluðu máli og hlustun kynntu nemendur sér danska tónlistarmenn, íþróttamenn, fréttir o.fl. og fluttu kynningar eða lásu inn á Flipgrid/screencastify. Horfðu á kvikmyndir og þætti. (The Rain, Midsommer og Hævnen) og hlustuðu svo á kynningar hjá hvert öðru í sumum tilfellum eftir áhorf. Þá var farið í samskiptaleiki og leikræna tjáningu til að þjálfa nemendur í töluðu máli.

Töluverð áhersla var lögð á *lestur* og lásu nemendur mest valda texta í námsbókinni Smil og Ekko sem og ljóð, smásögur (Den nye lærer) o.fl. og unnu verkefni, einstaklingslega eða í hópi. Einnig var netið óspart notað til að finna lesefni. Próf eða kannanir voru lagðar fyrir, ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Þá var símat í gangi allan veturinn.

Ritun var mest stunduð í tengslum við orðaforða hverrar lotu bæði í formi svara úr texta eða skapandi og frjáls ritun. Teknar voru lotur í að skrifa t.d. um veðrið, árstíðir, tölur, mat, liti og klukku til að viðhalda grunnorðaforða. Einnig unnu nemendur ýmis skapandi verkefni í tengslum við kvikmynda- og þáttaáhorf. Þá unnu nemendur stórt ritunarverkefni í vor sem var skilað á Classroom sem hét: Mine ár í Brekkuskóli. Canva vefurinn var notaður töluvert í skapandi verkefnum t.d að búa til auglýsingar um ákveðin efni.

Námsefni: Upplýsingar um námsefni og áætlanir var að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var vikuáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans. Unnið var með efni úr bókunum Smil og Ekko með vinnubókum. Lesnar voru rafbækur af atlantbib.org sem eru stuttar rafbækur á öllum Norðurlandamálunum þar sem gott er að tengja saman tal og texta.

Málfræðikennsla fór fram í textavinnu, með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Grammatik og ýmsa málfræðivefi og verkefni á netinu og nem unnu málfræðiheftið Ordklassekursus, ásamt efni og verkefnum héðan og þaðan. Einnig unnið með málfræði í gegnum texta úr námsefninu. Notaðar voru málfræði innlagnir af vef Versló sem er mjög skýr og vel uppsettur málfræðivefur.

Meningarlæsi: Nemendur fylgdust með fréttum á dr.dk og unnu af og til með fréttir. Á tímabili völdu nem. frétt vikunnar af DR og greindu frá þeim. Þeir kynntu sér Efterskole í Dk og útbjuggu kynningu um skólana sem þeir völdu. Þá kynntu nem. sér áfram danska jólasíði m.a. um tilurð „æbleskiver“ og fengu að smakka danske æbleskiver fyrir jólin, sem alltaf vekur jafn mikla hrifningu og er jólalegt uppbrot í desember. Afsögn Danadrottningar og nýja konunginum voru gerð góð skil enda ekki á hverjum degi sem slíkir atburðir verða.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Heimavinnuáætlun var birt á classroom og skil inni á classroom. Próf voru lögð fyrir með rafrænum prófum í Google Forms. Einnig munnlegt mat í formi kynninga og annarra verkefnaskila.

Kennsluáðferðir: Kennslan fer fram á dönsku að hluta til. Mikilvægt er að hlusta á og lesa dönskuna, svo auðveldara sé að skrifa og tala hana þegar þess er krafist. Nemendum eru kenndar helstu reglur og undantekningar í málfræði og framburði og þeir byggja upp orðaforði, sem gerir þeim kleift að skrifa lengri ritun, halda kynningar af öryggi og geta unnið eðlileg samtöl. Auk þess á nemandinn að tileinka sér atriði um Danmörk og Danina. Við vorum svo heppin að hafa danskan farkennara hjá okkur í sex vikur sem lét nemendum líða þannig að þeim fannst þeir skilja dönsku mjög vel. Hún (Hanne) var mjög skapandi og líflegur kennari og vann mikið með munnlega þáttinn í gegnum spil og leik, sem féll í góðan jarðveg.

Í heildina gekk vel í vetur og ég fékk sex vikur í endurmenntunarleyfi sem dreifðist yfir allt skólaárið en var svo heppin að hafa Kristínu List dönskukennara sem staðgengil, sem gekk mjög vel. Við

gerðum meira af því að vera með munnlegar samskiptaæfingar í tímum til að þjálfa orðaforða og undir vorið kynntu nemendur sér efterskole í DK og gerðu verkefni sem fól m.a. í sér að hafa samband við nemendur í þeim skóla sem þeir völdu sér og spyrja þá ákveðinna spurninga. Fengum sent myndband frá nemanda sem fór í efterskole héðan í fyrra og sagði hún okkur frá lífinu þar sem var mjög skemmtilegt innlegg. Einnig gerðum við af og til ýmsa hreyfileiki og heilabrotsæfingar af danska vefnum Ugens øvelse.

Enska

Í ensku skiptast markmiðin í sex flokka: Hlustun, ritun, lesskilning, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið hófst á verkefnum sem stuðluðu að því að fá nemendur til að tjá sig á ensku í tímum og auka samvinnu. Nemendur leystu ýmsar þrautir saman og tóku þátt í umræðum í litlum hópum. Aðferðin TQE var notuð við mörg lestrar-, hlustunar- og ritunarverkefni en þá glósa nemendur á meðan þeir lesa texta annars vegar staðreyndir og hins vegar vangaveltur sínar. Nemendur fara síðan í litla umræðuhópa með glósumnar og styðjast einnig við spurningarskeljar. Í litlu umræðuhópunum bæta nemendur við glósumnar sínar. Í lokin skrifar hver hópur tvennt sem þeir ræddu um og þeir punktar eru grunnur að bekkjarumræðu. Í bekkjarumræðum bæta nemendur enn við glósumnar sínar.

Í lesskilningi og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, fræðslutexta og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur og námsmat fór þannig fram að allir nemendur ræddu við kennara einslega um bókina tvisvar sinnum í ferlinu.

Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. 5 mínútna ritun, kjörbókarskýrslu, ljóð og rökfærsluritanir. Sérstaklega vel var farið í að kenna hvernig ætti að byggja rökfærsluriton. Kennari las a.m.k. þrisvar yfir hverja ritun í ferlinu og leiðbeindi nemendum á meðan á skrifunum stóð.

Í hlustun var unnið m.a. með stuttmynd, tónlist, fræðslumyndbönd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna.

Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn t.d. fluttu þeir eina af rökfærsluritonum sínum.

Google Classroom var notað mikið en þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Forms og hljóðskrár notaðar. Lögð var áhersla á að nemendur fengju leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinnum. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 10 les- og vinnubók,

bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, ted-ed, lyricstraining.com, readtheory.org, canva.com, google classroom, google forms, Wordwall, Blooket og ljósrituð verkefni frá kennara.

Nemendur notuðu tölvur í því sem næst hverri kennslustund í ensku þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennari útbýr en námsefni frá MMS er af skornum skammti.

Í heildina gekk veturinn vel. Það gekk vel að kynna nemendur fyrir TQE aðferðinni og samræðuhóparnir komu mjög vel út. Nemendur mátu sjálfir eina lotu í vetur og ræddu síðan einslega við kennara um matið. Þetta gekk vel og nemendur yfirleitt mjög raunsæir á sína eigin vinnu. Það kom vel út að ræða við nemendur um kjörbókina þeirra en var samt erfitt að koma því fyrir inn í bekkjarkennslu.

Náttúrugreinar

Helstu markmið vetrarins tengjast ljóstillífun, mengun, loftslagsmálum, orkunotkun, erfðum og þróun mannsins, grunn efnafræði og himingimnum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar er annars vegar *Maður og náttúra* og hins vegar *Eðlisfræði 3* auk efnis af netinu. Ýmsar fræðslumyndir voru sýndar sem ýmist voru útgefnar eða á youtube.

Unnið var ýmist einstaklingslega eða í hópum. Vísinda síður á netinu voru nýttar ýmist sem heimildir í verkefnavinnu eða til almennrar fræðslu. Hluti námsefnisins var unnin í Nearpod forritinu. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom.

Símat var í gangi allan veturinn. Formlegt uppgjör fór fram eftir hverja lotu, ýmist í formi prófa, verkefna, hópavinnu, kynninga eða á annan einstaklingsmiðaðan hátt. Nemendur fengu áætlanir inn á google classroom fyrir hverja lotu þar sem fram kom hverju þyrfti að ljúka til að klára lotuna og hvaða markmið lágu til grundvallar.

Veturinn gekk í heild mjög vel en tækifæri til úrbóta felast í útfærslu og þjálfun á leiðsagnarnámi.

Samfélagsgreinar

Markmið vetrarins skiptast í þekkingarmarkmið og vinnumarkmið. Markmiðin voru flest opin og víðtæk og lá margt að baki hverju þeirra. Þau tóku til ýmissa þátta í þjóðfélagsfræði þar sem víða var komið við. Í grunninn var stuðst við námsbókina *Á ferð um samfélagið* en einnig var notast við fjölbreytt efni af netinu svo sem efni úr fjölmiðlum, trúarbragðavefinn, heimasíðu Alþingis og ungmennavef Alþingis. Notast var við myndbönd þar sem því var við komið og áhersla lögð á umræður og þátttöku nemenda.

Nemendur unnu ýmist í hópum að skapandi verkefnum, leituðu upplýsinga og unnu með hugtakaskilning. Einnig voru lögð fyrir nemendur einstaklingsverkefni og eitt próf. Nemendur fengu námsmat fyrir verkefni sín, vinnulag og þátttöku. Upplýsingar um námið, verkefni og markmið var að finna í classroom og í heimavinnuáætlun 10. bekkjar sem var uppfærð vikulega.

Veturinn gekk vel og nemendur voru almennt áhugasamir um umfjöllunarefnið en ekki tókst að ljúka öllum markmiðum árgangsins þar sem þau ná einnig yfir landafræði. Áherslan var því að þessu sinni á þjóðfélagsfræði með viðkomu í stjórnáttáttum og trúarbragðafræði. Umfjöllunarefnin voru víðtæk og verkefni tóku oft lengri tíma en áætlað var.

Lífsleikni

Helstu markmið vetrarins voru að vinna með góð samskipti, sjálfstraust, heilbrigði, fjármálalæsi, réttindi og skyldur, barnasáttmálann og almenn mannréttindi.

Grunn bækurnar voru *Fyrstu skref í fjármálum*, *Kynlega klippt og skorið* og *Margt er um að velja*. Einnig voru ýmis blöð og verkefni fengin héðan og þaðan þegar tilefni var til.

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í lífsleikni tímum og reynt á ýmsa hæfni nemenda. Umræður, upplestur, hreyfing og heimsóknir frá sérfræðingum einkenndi þessa tíma. Fjármálalæsi og mannréttindi voru ráðandi þættir og unnið var verkefni um barnasáttmálann. Í vetur var samstarf um starfsfræðslu milli kennara og námsráðgjafa varðandi kynningar á störfum tengdum námi sem hægt er að velja. Námsráðgjafi kynnti námsframboð og heimasíður um áhugasvið.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta þætti námsefnisins.

Uppbygging sjálfsaga

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við kvikmynd sem nefnist *Hip hip hora*. Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, Y og T spjöld og farið var yfir hlutverkaskipan. Haldnir voru bekkjarfundir.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt.

Nemendur fóru í kynnisheimsóknir í VMA og MA. Nemendur fóru í kynnisferð á Lauga.

Þemadagar voru haldnir þar sem unnið var með kvikmyndir á ýmsan hátt. 7. - 10. bekkur vann saman í hópum eftir áhugasviði.

Árshátíð var haldin í nóvember og var með hefðbundnu sniði. 10. bekkur sýndi söngleikinn *Grease* og stóð sig með þryði.

Vettvangsferðir

Farið var í heimsókn í Menntaskólann á Akureyri þar sem 10. bekkur fékk kynningu á starfi skólans. Í febrúar var farið á starfamesu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í apríl var hópnum boðið í heimsókn í Framhaldsskólann á Laugum og nemendur fengu þar kynningu á starfi skólans. Í maí var nemendum boðið á æfingasvæði GA þar sem þau fengu að spreyta sig á golfi. Útskriftarferð 10. bekkjar var að sjálfsögðu á dagskrá og nemendur í skólaferðalag suður á bóginn í lok maí.

Allar ferðirnar voru áhugaverðar og tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Í tilefni réttindadags barna þann 20. nóvember var unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. 10. bekkur vann með valið markmið úr barnasáttmálanum og unnu nemendur að upplýsingaöflun og miðluðu umfjöllun sinni á ýmsan hátt. Afrakstur vinnunnar var sýndur á göngum skólans.

Árshátíð skólans var að sjálfsögðu á sínum stað. Þar vann 10. bekkur saman að uppfærslu á söngleiknum Grease.

Þemadagar voru þar sem unnið var með þemað kvikmyndir. Nemendur í 7.-10. bekk unnu saman í hópum að viðfangsefnum að eigin vali. Afraksturinn var glæsilegur þar sem sjá mátti stuttmyndir gerðar af nemendum, upptökur nemenda af kvikmyndatónlist, veggverk, líkön af sviðsmyndum og fleira. Vinna nemenda skreytti ganga skólans næstu vikur og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs þar sem kennarar, nemendur og foreldrar settust niður og ræddu komandi skólaár og persónuleg markmið nemenda. Viðtölin í janúar voru nemendastýrð og gengu vel. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á árlega árshátíð skólans að horfa á sýningu árgangsins á söngleiknum Grease.

Grenndarkennsla

Nemendur fóru út að tína rusl og einnig var grenndarkennsla samtvinnuð við náttúrufræðikennslu.

Íþróttir og sund

Skýrslu ekki skilað

List- og verkgreinar

Skýrslu ekki skilað nema að hluta til

Hönnun og smíði

Heimilisfræði

Myndmennt

Textílmennnt

Dans

List- og verkgreinakennsla í 1., 2. og 3. Bekk, heimilisfræðival á unglíngastigi, umsjón með ræktunarverkefnum í skólanum.

Kennari: Sigrún Héðinsdóttir

1. bekkur

Ég kenndi sjö kennslustundir í 1. bekk á þessu skólaári. Ég skipulagði kennsluna ásamt umsjónarkennurum í 1. bekk og einnig var sérkennari og byrjendalæsisleiðtogi í þeirri skipulagsvinnu. Ég tók þátt í að kenna það námsefni sem verið var að vinna með hverju sinni s.s. byrjendalæsi og stærðfræði.

Ég sá að miklu leyti um kennsluna í textílmennt og voru markmiðin þar samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor að nemendur gætu haldið rétt á skærum, gætu þrætt spor í stífan pappa, gætu beitt skærum á pappír, gætu þæft einfaldan hlut og þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Verkefnin sem nemendur unnu á þessu skólaári voru ýmist tengd byrjendalæsisverkefnum eða árstíðabundnum verkefnum s.s. jólum eða páskum. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjágreinar og fleira.

Verkefni vetrarins voru: ofin fígúra, þæfður túlípani og saumaður páskaungi með þræðispori.

Það gekk vel að vinna verkefnin og voru nemendur glaðir að fást við verklega vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau, nemendum leiðbeint eftir þörfum og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Símat var unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

2. bekkur

Ég kom inn í 2. bekk á miðvikudögum í tvær kennslustund og var með árganginum í stöðvavinnu. Nemendahópnum var yfirleitt skipt í þrjá hópa og tók ég að mér að kenna textílmennt í stöðvavinnunni.

Markmiðin í textílmennt, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor, voru að nemendur gætu klippt pappír eftir línunum og eftir grófum formum, gætu saumað þræðispor í efni, saumað hálf krosssaumsspor og gengið frá endum í útsaum. Jafnframt að nemendur gætu þæft einfaldan hlut og prjónað puttaprjón.

Verkefnin sem nemendur unnu í textílmennt voru: útsaumað bókamerki þar sem útsaumssporin voru krosssaumur og þræðispor, þæfður páskaungi, prjónaðar puttaprjónslengjur þar sem gerð voru armbönd eða hálsfestar og verkefni í pappír þar sem unnið var með grunnliti og grunnform.

Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Textílmenntaverkefnin gengu vel og voru nemendur yfirleitt glaðir í þessari vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau og nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar við vinnuna eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

3. bekkur

Nemendum í 3. bekk var skipt í þrjá hópa í list- og verkgreinum og voru 13 – 15 nemendur í hverjum hópi. Hver hópur var í 21 skipti á hverju list- og verkgreinasvæði, var í eina klukkustund tvisvar í viku í textílmennt og dansi. Hópurinn sem kom til mín var eina klukkustund á viku í smíðum og eina

klukkustund í heimilisfræði. Það fyrirkomulag gafst vel og fengu nemendur að vinna nokkur verkefni bæði í smíðum og heimilisfræði.

Samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor voru markmiðin í hönnun og smíði að nemendur gætu valið liti í eigin verkefni, gætu unnið með einfalda vinnuteikningu og unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. Jafnframt að nemendur gætu sagað einföld form með útsögunarsög, gætu pússað með sandpappír, þekktu smíðaefnin sem unnið væri með, þekktu smíðastofuna og vissu hvar öll helstu verkfæri væru geymd, kynnu að nota pensil og málningu og gætu gengið frá eftir sig.

Kennslan gekk yfirleitt vel og fannst nemendunum mjög gaman að geta unnið fjölbreytt verkefni og var smíðastofan vinsæl. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjábútar, greinar og fleira.

Verkefnin vetrarins voru: töfrasproti þar sem þurfti að saga með útsögunarsög, pússa með sandpappír og mála og lítil bíll úr trékubbum. Auk þess unnu nemendur verkefni tengd jólum og páskum úr pappa og trékubbum.

Í heimilisfræði voru markmiðin að nemendur kynnu að þvo upp, þekktu mikilvægi hreinlætis, kynnu að mæla rétt, kynnu að hnoða deig og gera einfalda rétti,

þekktu fæðuflokkana og mun á hollu og óhollu fæði, þekktu góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn), þekktu hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og þekktu helstu heimilistæki, hefðu fengið þjálfun í að nota eggjárn, gætu unnið í samvinnu og sýnt tillitssemi, þekktu hugtakið umhverfisvernd og gætu nefnt nokkur dæmi um merkingu þess.

Nemendur bökuðu ýmsar gerðir af brauðum og kökum og elduðu nokkra mismunandi rétti. Auk þess unnu þeir nokkur verkefni í vinnubók. Mikil gleði var meðal nemendanna í heimilisfræði og virtust nemendurnir njóta þess að vera í þessum kennslustundum.

Bæði í heimilisfræði og smíðum var rætt um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau. Nemendurnir voru mjög áhugasamir bæði í heimilisfræði og smíðum og gengu kennslustundirnar því yfirleitt vel. Nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Það gekk ágætlega að ná markmiðunum en nemendahóparnir voru fjölmennir þannig að stundum þurftu nemendur að bíða dálítið eftir aðstoð sérstaklega í smíðum. Með sumum hópunum var stuðningsfulltrúi og var það mjög gott Allir voru glaðir að fara heim með afraksturinn af því sem búið hafði verið til.

Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

8. 9. og 10. bekkur val. Matur og bakstur

Í heimilisfræðivalinu Matur og bakstur er blandaður hópur úr þremur elstu árgöngum skólans. Nemendur eru eina önn og koma þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og hætta því fyrr á hvorri önn. Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á að gera tímafrekari og flóknari viðfangsefni.

Markmiðin í Mat og bakstri eru að nemendur kynnist ýmsum íslenskum matarhefðum s.s. að baka laufabrauð, steikja kleinur o.fl. kynnist matarmenningu nokkurra annarra landa, þjálfist í mismunandi aðferðum við að elda og baka rétti sem vinsælir eru hverju sinni auk þeirra hefðbundnu. Einnig að

nemendur fræðist um fæðuofnæmi og óþol fyrir matvælum og mismunandi val á lífsstíl tengdum mat.

Á haustönn taka allir þátt í að baka umtalsvert magn af brauði og kökum fyrir árshátíð skólans.

Kennslustundirnar eru nánast eingöngu verklegar en ýmsu fræðilegu efni s.s. næringar- og matvælafræði, góðum umgengnisvenjum, hreinlæti og umhverfisvernd er blandað inn í.

Nemendur vinna tveir til þrír saman og nemendahópurinn skiptir með sér verkum. Oft elda einn til tveir hópar aðalrétt, einn hópur bakar brauð og gerir salat og einn til tveir hópar búa til eftirrétt. Stundum eru allir hóparnir að elda það sama en í mismunandi útfærslum eins og t.d. að baka pizzur með mismunandi aðferðum.

Lögð er áhersla á að nýta allt hráefni til matargerðar vel og er allur úrgangur flokkaður. Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í heimilisfræðistofunni.

Kennslan í þessum valáfanga gekk vel og voru nemendur yfirleitt glaðir og ánægðir með verkefni sem í boði voru hverju sinni.

Í lok hvernar kennslustundar settust nemendur og kennari saman og borðuðu það sem eldað var. Kappkostað var að allir ættu notalega stund saman. Á meðan borðhaldi stóð var spjallað bæði um daglegt líf og eins ýmsa fróðleiksmola tengda því sem verið var að gera.

Námsmatið var símat og var það gert jafnt og þétt yfir önnina. Lokamatið var hæfni á námssviði og framvinda námsins hjá nemendum.

Við vinnu á símati var horft til markmiða, ástundunar, vinnubragða og áhuga.

Ræktunarverkefni í Brekkuskóla 2023 - 2024

Skólaárið 2023 – 2024 voru nokkur ræktunarverkefni unnin í skólanum.

Samkvæmt venju settu nemendur í 2. bekk niður kartöflur í maílok í Matjurtagörðum Akureyrar með kennurunum sínum. Áður en farið var að setja niður kartöflurnar voru nemendur búnir að fræðast um kartöfluræktun og vinna verkefni tengt því.

Markmið með kartöfluræktuninni voru að nemendur fengju að kynnast hvernig kartöflur eru ræktaðar og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum til sjálfbærni með því að rækta sitt eigið grænmeti.

Í haust fara nemendurnir og taka kartöflurnar upp og allir fá þá að fara heim með sínar kartöflur.

Það heppnaðist mjög vel að setja kartöflurnar niður og allir voru glaðir með þetta verkefni. Það er því tilhlökkunarefni að taka kartöflurnar upp í haust.

Nemendur í 3. bekk tóku upp kartöflurnar sínar á útivistardegi í septemberbyrjun, ásamt kennurum, sem þeir höfðu sett niður að vori í 2. bekk. Allir voru ánægðir með sinn kartöflufeng og fóru glaðir með hann heim.

Nemendur í 3. bekk aðstoðuðu einnig kennara við að rækta sumarblóm inni í kennslustofunum sínum og settu þau síðan út í blómabeð við skólann til að fegra umhverfið. Nemendur voru ánægðir að taka þátt í þessu verkefni.

4. bekkur ræktaði salat og radísur í kennslustofunum sínum með aðstoð ræktunarljóss. Einnig fengu nemendur í árganginum lítil stjúpublóm sem búið var að sá fyrir í Litlu garðyrkjustöðinni. Þeir settu stjúpunar í blómapotta, létu þær vaxa og dafna í skólanum og allir nemendur fóru heim með sína stjúpu þegar þær voru að því komnar að að springa út.

Markmiðið með ræktunarverkefninu var að nemendur fengju að sjá hvernig fræ verður að plöntu og fylgjast með hvernig þarf að hugsa um plöntur til að þær geti vaxið. Einnig að nemendur fengju að kynnast hvernig þeir geta stuðla að sjálfbærni með því að rækta sjálfir.

Nemendur voru ánægðir að taka þátt í þessu verkefni og fengu að sjálfsögðu góða aðstoð frá kennurum sínum.

Á þessu skólaári var ákveðið að rækta salat og kryddjurtir í heimilisfræðistofunni. Markmiðið var að nemendur sem kæmu í heimilisfræði gætu fylgst með plöntunum vaxa og áttað sig á hvernig þarf að hugsa um plöntur svo þær vaxi og dafni sem best. Einnig að nemendur gætu notað afurðirnar við eldamennsku í heimilisfræði.

Þessi ræktun gekk vel og gátu nemendur notað bæði salat og kryddjurtir í matargerðina og einnig fengið sér salatblað að smakka þegar þá langaði til.

Á heildina litið hefur því ræktunin gengið vel á þessu skólaári í Brekkuskóla.

Sérkennsla

Teymið skipaði Guðrún Íris Valsdóttir, Halla Kristín Tulinius, Margrét Ingimundardóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir. Stella Gústafsdóttir var verkefnastjóri sérkennslu en var í veikindaleyfi hluta vetrar.

Fundir í sérkennsluteymi voru einn þriðjudag í mánuði kl. 15:15 - 15:55.

Sameiginleg fræðsla

Sérkennarar sátu nokkur málþing og ráðstefnur í vetur. Þann 8. nóvember var haldið málþingið *Hvernig ná öll börn árangri í lestrarnámi* og þann 8. mars málþingið *Málproskaröskun DLD og skólaumhverfið*. Bæði þessi námskeið voru afar gagnleg og vöktu nokkrar umræður á milli okkar sérkennara. Þann 18. apríl sátu Halla og Íris málþingið *Íslenska - tvítyngi, fjöltýngi. Hlutverk og ábyrgð skólans í íslenskukennslu*. Rósa sagði frá námskeiði sem hún fór á hjá EHÍ; *Ofbeldi og hegðunarvandi í skólastofunni*. Auk þess sóttu sérkennarar Menntabúðir Eymenntar í vetur þar sem meðal annars var fræðst um hin ýmsu forrit og öpp sem koma að gagni fyrir börn með sérþarfir og erlenda nemendur.

Ætlunin var að hitta sérkennara í öðrum skólum til skrafs og ráðagerðar 19. október í Síðuskóla, en aflýsa þurfti þeim fundi vegna þess hve fáir mættu.

Verkefni sem unnið var að á fundum í vetur:

Fórum yfir verkferla og starfstilhögun í byrjun vetrar. Þar sem ekki eru sérkennarar starfandi með öllum teyimum sendum við þeim teyimum póst um hvaða verkferlar hafa verið þróaðir undanfarin ár hjá okkur í Brekkuskóla, t.d. um fyrirkomulag og tímasetningar skimana. Nokkrar umræður voru um lýsingu á uppbyggingu einstaklingsmappa inni á læstu svæði árganga. Ákveðið var að útbúa ákveðið form þannig að samræmi sé á milli mappa. Verkefnið er enn í vinnslu með yfirumsjón stjórnenda og þarf að ljúka því á haustdögum 2024.

Í kjölfar námskeiðsins *Ofbeldi og hegðunarvandi* í skólastofunni ræddum við um mikilvægi þess að hafa skólareglur og skýr mörk sýnilegri í skólanum, t.d. á göngum skólans. Næsta vetur þarf að vinna markvissara með skýr mörk út frá Uppbyggingarstefnunni og hafa þær reglur sýnilegar. Umræður um aðgerðaáætlun skólans við ofbeldi nemenda. Gott væri að vinna slíka aðgerðaráætlun næsta vetur. Hafa má til hliðsjónar aðgerðaráætlun sem Rósa lét skólstjórnendur fá í kjölfar námskeiðsins.

Varðandi lestrarkennslu í skólanum er Byrjendalæsi að virka vel á yngri stigum og svo tekur PALS við á miðstigi. Rannsóknir sýna að PALS er mjög góð kennsluaðferð sem skilar mælanlegum árangri. Teymið veltir fyrir sér hvort ástæða sé til að taka PALS niður á yngra stig og láta þessar tvær aðferðir, Byrjendalæsi og PALS vera fljótandi á milli stiga.

Kynning teymismeðlima um *Samræðufélaga (Talking partners)* sem er kennsluaðferð til að þjálfa orðaforða og mismunandi tjáningarform, t.d. að spyrja spurninga og segja frá. Í skólanum erum við komin í gang með íhlutun út frá þessari kennsluaðferð.

Umræður og jafningafræðsla á forritið *Helperbird*, sem er aðgengilegt í öllum tölvum í Brekkuskóla. Forritið gagnast vel þeim sem eru með annað móðurmál en íslensku og einnig þeim sem eru með lestrarörðugleika. Í tengslum við það var ákveðið að fá möppu inn á sameiginlegu drifi þar sem hægt væri að setja inn rafrænar lestrarbækur, sem eru þá ekki eyrnamerktar ákveðnum bekk eða þrepi. Önnur forrit og öpp sem við kynntum okkur í vetur voru Classkick, Canva, Wordwall, o.fl.

Hugleiðingar á vordögum og það sem þarf að huga að næsta vetur

Okkur finnst mikilvægt að tilhögun stuðningskennslu í skólanum sé skoðuð og skýr stefna mótuð. Í vetur hafa verið sérkennarar í sumum árgöngum og stoðkennarar í öðrum árgöngum. Mikilvægt er að einhvers konar kennsluráðgjöf fylgi með inn í þá árganga sem ekki hafa sérkennara. Mikilvægt er að verkefnastjóri í sérkennslu geti miðlað upplýsingum milli teyma um gott og æskilegt fyrirkomulag sérkennslu.

Mikil ánægja er með nýtt starf ÍSAT kennara, bæði verkefnastjórnun og ÍSAT kennslu. Þetta léttir töluvert undir með störfum sérkennara og aðstoðar umsjónarkennara töluvert í þjónustu og utanumhaldi vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Vinna þarf markvissara með skýr mörk út frá Uppbyggingarstefnunni og hafa þær reglur sýnilegar. Álag á kennara er oft mjög mikið vegna agavandamála og mikilvægt að bregðast við.

Það er mikilvægt að samfella sé í lestri og lestrarkennsluaðferðum frá 1. til 10. bekkjar. Til að fylgja því eftir væri gott að fulltrúi frá öllum stigum væri í læsisteymi skólans. Leggja þarf góðan grunn að læsi á öllum stigum og passa að gagnreyndar kennsluaðferðir séu í fyrirrúmi, samfella milli skólastiga og skörun, þar sem það á við, bæði í almennri kennslu og sérkennslu.

Við erum sammála um að nauðsynlegt sé fyrir okkur að hittast reglulega, ræða saman og vinna að verkefnum þannig að við þróum starf okkar. Einnig er mikilvægt að vera í virku samtali við stjórnendur og umsjónarkennara.

